

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgöngum

atvinna  
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HREINN SVERRISSON

Veggfóðraði með Idol-myndum

Límdar upp með kennaratyggjói  
FÓLK 38



16 blaðröðna  
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir  
Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. júlí 2006 – 189. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Rekur veitingastað með mafíunafni**

Veitingastaðurinn Badabing hefur verið opnaður í Hafnarfirði. Nafn staðarins er mörgum kunnuglegt enda ber stríppúllan sem mafíufélagarnir úr Sopranos-páttunum sækja reglulega sama nafn.

FÓLK 38



**Stórlaxar í Straumi**

Þrjú af umsvifamestu auðmönnum landsins setjast saman í stjórn Straums-Burðarás á miðvikudag. Fáir hafa trú á því að samstarfið sé til langframa.

VIÐSKIPTI 16

**Bóndinn í Úthlíð**

Björn Sigurðsson, bóndi í Úthlíð, hefur byggt upp blómlega sumarbústaðabyggð á jörð sinni. Hann byggir enn og getur nú kallað sig kirkjubónda með góðri samvisku.

VIÐTAL 14



**Vill helst vera á miðjunni**


Ásgeir Gunnar Ásgeirsson hefur verið valinn leikmaður 10. umferðar Landsbankadeildar karla af Fréttablaðinu. Hann átti mjög góðan leik fyrir FH í sigri á KR.

ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**

**BJART AUSTAST** - Í dag verður hæg vestlæg átt. Lítilsháttar væta vestan til og sumstaðar á Norðurlandi en nokkuð bjart á landinu austan-verðu. Hiti 10-16 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4



**OFURHUGAR** Um 140 manns lögðu af stað frá Landmannalaugum í gærmorgun til að hlaupa Laugaveginnum sem er 55 km löng leið. Rok og rigning setti strík í reikninginn en um 119 manns luku keppni. Sigurður Þórarinnsson kom fyrstur í mark eftir rúma fimm tíma og er hann fyrsti Íslendingurinn til að vinna keppnina í tíu ára sögu hlaupsins.

MYND/FRIMANN ARI FERDINANTSSON

## Starfsmenn slógu í gegn í göngunum

Síðasta haftið milli viðbótarganga og annars enda aðrennslisganga Kárahnjúkavirkjunar var rofið í gærmorgun. Þetta er fyrsti gegnumslátturinn í göngunum.

**FRAMKVÆMDIR** Kátir karlar voru á Kárahnjúkum í gærmorgun eftir að „slegið var í gegn“ í aðrennslisgöngum virkjunarinnar. Þetta er í fyrsta skipti sem gegnumslag á sér stað í þessum fjörutíu metra löngu aðrennslisgöngum sem á endanum munu liggja frá Hálslóni að Fljótsdalsstöð. Verktakar eiga þó eftir að slá í gegn oftar á leiðinni því unnið er að borun á nokkrum stöðum í göngunum.



**SPRENGING UNDIRBÚIN** Fyrsti gegnumsláttur aðrennslisganga Kárahnjúkavirkjunar var í gærmorgun.

„Nú er hægt að fara af fullum krafti í frágangsvinnu á þessum slóðum og mögulegt að komast að verkinu beggja megin frá,“ segir Sigurður.

Verktakafyrirtækið Impregilo vinnur að borun aðrennslisganga með þremur risaborum.

Gegnumslagið í gær var þó ekki unnið af þeim heldur fyrirtækinu Arnarfelli sem hefur aðstoðað við gangagerðina með hefðbundnum aðferðum á svæðinu næst Hálslóni.

Alls er útlit fyrir um fimm mánaða töf á verklokum aðrennslisganganna sem eru að mestu leyti tilkomnar vegna erfiðleika með einn þriggja bora Impregilo á síðasta ári. „Útaf fyrir sig gengur þetta núna alveg ágætlega en töfin sem var í fyrra gerir það að verkum að allt þetta borverk er á eftir áætlun. Á þessu ári og næsta reynum við því með öllum ráðum að vinna það upp eins og hægt er,“ segir Sigurður.

annat@frettabladid.is

## Seldi farþegum áfengi og tóbak

**LÖGREGLUMÁL** Maður var stöðvaður af lögreglu um fimmleytið í gærmorgun við þá iðju að reka leigubílaþjónustu í miðborginni án tilskilinna leyfa. Maðurinn keyrði skemmtanaglaða borgar-búa gegn gjaldi, en þetta er í annað sinn í vikunni sem hann er stöðvaður.

Maðurinn seldi einnig áfengi og tóbak úr bílnum sínum. Lagði lögregla hald á áfengi mannsins, um þrjá og hálfan kassa af bjór, þrjár flöskur af sterku áfengi og nokkuð af tóbaki.

- sgi



**ALÞJÓÐLEGA GEIMSTÖÐIN** Myndin er tekin úr geimfluginni Discovery í gær.

## Discovery-geimflugin: Geimfararnir á leið heim

**BANDARÍKIN, AP** Geimfarar um borð í geimfluginni Discovery lögðu af stað heimleiðis í gær, eftir að hafa eytt nýu dögum í alþjóðlegu geimstöðinni.

Ferðin hefur gengið framram vonum, að sögn talsmanna NASA. Þó hafa menn nokkrar áhyggjur af leka frá aflgjafa stýris- og bremsubúnaðar geimflugarinnar. Sex geimfarar eru um borð í Discovery, en þeir skildu einn geimfara eftir í alþjóðlegu geimstöðinni, þar sem hann mun dvelja í sex mánuði ásamt tveimur öðrum starfsmönnum stöðvarinnar.

Gert er ráð fyrir að Discovery geimflugin lendi í Bandaríkjunum á morgun.

- smk

## Ísraelsmenn héldu árásum á Líbanon áfram fjórða daginn í röð: Forsætisráðherra vill vopnahlé

**LÍBANON, AP** Árásir Ísraelsmanna á Líbanon héldu áfram í gær, fjórða daginn í röð. Forsætisráðherra Líbanons, Fuad Saniora, kallaði eftir vopnahléi undir vernd Sameinuðu þjóðanna í ræðu sem sjónvarpað var í Líbanon. Hann gaf jafnframt í skyn að líbanski herinn yrði sendur til suðurhluta landsins, sem hingað til hefur verið stjórnað af herskánum meðlimum Hizbollahsamtakanna.

Ísraelsher hóf harðar árásir á Líbanon á miðvikudag eftir að meðlimir Hizbollah tóku tvo ísraelska hermenn höndum. Síðan hafa minnst 106 Líbanar farist, flestir óbreyttir borgarar, auk fimmtán Ísraela.

Meðlimir Hizbollah hafa svarað fyrir sig með sprengjum, en á föstudag sagði sjeik Hassan Nassrallah, leiðtogi Hizbollah, að samtökin væru reiðubúin í hreint og klárt stríð gegn Ísraelsríki. Í gær sögðu Ísraelsmenn að 100 íranskir hermenn væru nú staddir í Líbanon og veittu Hizbollah stuðning, en stjórnvöld í Íran sögðu ekkert hæft í þeim orðum.

Utanríkisráðherrar átján arabaríkja héldu neyðarráðstefnu um ástandið í Kaíró í Egyptalandi í gær, en fundurinn endaði í rifrildi eftir að nokkrir þeirra fordæmdu Hizbollah fyrir að hefja átökin.

- smk



Hreinsað til Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna hreinsa upp líkamsleifar óbreyttra borgara sem fórust í árás Ísraela á Líbanon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## SPURNING DAGSINS

Össur, tekur landbúnaðurinn sinn toll?

„Já, en hinir raunverulegu tollheimtummenn sitja þó í ríkisstjórninni, því hún hefur þverskallast við að lækka matarverð með því að lækka tolla.“

Deilt er um hvort afnema eigi innflutningstolla á landbúnaðarvörum til að matarverð á Íslandi lækki. Össur Skarphéðinsson er þingmaður Samfylkingar.

Breskir saksóknarar:

## Lögreglan ekki sótt til saka

**BRETLAND, AP** Breskir saksóknarar hafa ákveðið að leggja ekki fram ákæru gegn lögreglumönnum sem skutu og drápu brasilíska rafvirkja í júlí í fyrra. Í staðinn verður lögð fram kæra gegn lögregluinni í London almennt.

Þetta kom fram í blaðinu The Guardian í gær.

Lögreglumennirnir töldu rafvirkjan vera hryðjuverkamann. Atvikið varð um tveimur vikum eftir að fjórir menn sprengdu sjálfa sig í loft upp í lestum og strætisvögnum í London, með þeim afleiðingum að 52 fórust og fjölmargir slösuðust.

- smk



**GJALDSKÝLIÐ VIÐ HVALFJARÐARGÖNGIN**  
Tæplega 200 þúsund bílar fóru um göngin í síðasta mánuði.

Hvalfjarðargöngin:

## Umferð sífelld að aukast

**SAMGÖNGUR** Umferð í Hvalfjarðargöngunum er að aukast og útlit er fyrir að meðalumerðin muni ná í fyrsta skipti yfir fimm þúsund bílum á sólarhring.

Í nýju yfirliti rekstrarþáttar Spalar kemur fram að alls fóru 196 þúsund bílar um göngin í júní sem er nú prósentum fleiri en fyrir ári síðan. Athygli vekur mikil umferðaráukning á tímabilinu nóvember til febrúar sem er 21 til 28 prósentum meira en fyrir ári.

Tekjur Spalar eru umfram rekstraráætlun og mun félagið greiða meira af skuldum sínum í lok rekstrarársins en gert var ráð fyrir.

- sdg

Reynt verður að flytja Íslendinga úr Líbanon í dag:

## Fá hjálp Svía og Norðmanna

**LÍBANON** Þeir Íslendingar sem staddir eru í Líbanon munu fá aðstoð sænskra og norskra yfirvalda við að komast úr landi, en ellefu íslenskir ríkisborgarar eru nú í landinu. Ísraelski herinn hélt áfram árásum á Beirút, höfuðborg landsins, í gær.

Að sögn Péturs Ásgeirssonar, skrifstofustjóra hjá utanríkisráðuneytinu, fara Svíar og Norðmenn með rútum til Damaskus í Sýrlandi í dag, og fá Íslendingar að fljóta með samkvæmt samkomulagi Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð. Hann vildi ekki segja hvort ferðin yrði farin eftir samráð við Ísraela, en Ísraelsher

hefur sprengt brýr og vegi í Líbanon seinustu daga.

„Ef þessi ferð gengur ekki eftir verða aðrar leiðir til brottflutnings athugaðar en sem stendur er þetta aðaláætlunin,“ segir Pétur.

Már Þórarinnsson, einn þriggja íslenskra flugvirkja sem staddir eru í Beirút á vegum flugfélagsins Atlanta, segir þá halda kyrru fyrir á hótélherbergjum sínum á meðan greitt er úr málum. „Við erum í biðstöðu núna. Við fluttum okkur frá flugvælinum og inn í miðbæ, nálægt ameríska sendiráðinu, þar sem við biðum áttekta. Við höfum það annars ágætt miðað við aðstæður,“ segir hann.

- sps



**ÖRTRÖÐ VIÐ LANDAMÆRIN** Íslendingarnir fara ásamt Norðmönnum og Svíum með rútum til Sýrlands í dag. Þaðan verður flogið heim á leið.

Hryðjuverkin í Mumbai:

## Samúðarkveðjur frá forseta

**BESSASTADIR** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur sent forseta Indlands, Hr. A.P.J. Abdul Kalam, einlægar samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna hryðjuverkanna í Mumbai og þeirra hörmunga sem þau hafa leitt yfir þúsundir Indverja.

Í kveðjunni tekur forsetinn sérstaklega fram að Indland hafi verið mikilvægt tákni þess hvernig lýðræðisleg stjórnskipan eigi að veita öllum trúarhópum jafnan rétt. Brýnt sé að hryðjuverkaöflum takist ekki að spilla þessari stefnu sem Indland hafi fylgt frá lýðveldisstofnun, stefnu sem hafi verið öðrum þjóðum fordæmi.



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Bilunin olli Alcan miklu tjóni, enda þurfti að slökka á öllum kerjum í skála 3.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álverið í Straumsvík:

## Ker gangsett á ný eftir bilun

**ÁLVER** Vel tókst að endurgangsetja þrjú ker í skála 3 í álveri Alcan í Straumsvík í gær. Engin framleiðsla hafði verið í skálanum síðan bilun kom upp í rafkerfi álversins 19. júní og fjórir af sex mælispennum í skálanum sprungu. Þrjú mæla þarf til að hægt sé að framleiða jafnstraum fyrir skálan. 160 ker eru í skála 3 og var slökkt á þeim öllum til að koma í veg fyrir meira tjón.

Á næstu vikum og mánuðum stendur til að endurgangsetja öll kerin og hefur sérstakur hópur verið skipaður til að gera ráðstafanir þannig að bilun af þessu tagi komi ekki upp aftur.

- sgj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Líkamsárás** Slagsmál brutust út í Tryggvagötu um fimm-leytið í gærmorgun. Tveir menn réðust gegn einum og spurkuðu í hann þar sem hann lá. Árásarmennirnir voru handteknir, en þeim var sleppt um hádegi og verða þeir kærðir. Sá þriðji var sendur á slysadeild, en er ekki alvarlega meiddur.

**Bíll í fjöru** Bíll erlendra hjóna, sem keyrðu Svalvog milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar í fyrradag, rann af veginum og festist í fjörunni. Símasamband var stopult svo að hjónin gengu í fjóra tíma eftir hjálp. Þjögungarsveitin á Flateyri dró bílinn upp áður en flæddi að.

# Matvörurarnir eru sáttir við tillögurnar

Forstjórar Haga og Kaupáss segjast ánægðir með tillögur nefndar um matvöruverð. Forstjóri Kaupáss vill þó nánari umfjöllun um samkeppnisstöðu markaðsins. Formaður landbúnaðarnefndar segir að varlega þurfi að fara í aðgerðir.

**MATVÖRUVERÐ** Forstjórar verslunarvirktækjanna Haga og Kaupáss, sem í sameiningu eiga stærstan hluta íslenskra matvöruverslana, eru almennt mjög ánægðir með tillögur nefndar forsætisráðherra um verð á matvörum. Meðal tillagna er afnám vörugjalds matvara, niðurfelling tolla, samræming virðisaukaskatts og afnám tollverndar af búvöru. Þeir segja nauðsynlegt að höft á innflutningi séu fjarlægð og ofurskattlagning á innfluttar vörur aflögð.

**DRÍFA HJARTARDÓTTIR**



**SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON**



**FINNUR ÁRNASON**

Nefndinni var ætlað að fjalla um hátt matvælavæð og gera tillögur um lækun þess en sökum ágreinings lagði hún ekki fram beinar tillögur til aðgerða. Formaður hennar, Hallgrímur Snorrason, skiladi Geir H. Haarde forsætisráðherra skýrslu þar sem fram kom að yrði ofangreindum tillögum komið í framkvæmd gætu



**ÚR MATVÖRUBÚÐ** Forstjóri Haga segir að öll heimili njóti góðs af því ef tillögur nefndar forsætisráðherra um matvöruverð komi til framkvæmda. Formaður landbúnaðarnefndar er sammála því að lækka þurfi matvöruverð.

íslensk heimili sparað yfir 100.000 krónur á ári í matarinnkaupum.

„Ég er mjög sáttur við þessar tillögur, hvert einasta heimili mun njóta góðs af því ef þær koma til framkvæmda,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. „Það er mjög eðlilegt að við getum keypt þær vörur sem við viljum á því verði sem við fáum þær. Sem stendur eru höft og ofurskattlagning á vörum sem koma í veg fyrir að við getum nýtt okkur það, en þessar tillögur eru skref í rétta átt.“

Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, tekur í svipaðan streng. „Almennt séð eru þessar tillögur nefndarinnar góðar en ég hefði viljað fá nánari umfjöllun frá henni um samkeppnisstöðuna á markaðnum. Ísland er eina landið þar sem stærsta fyrirtækið er með yfir fimmtíu prósentu mark-

aðshlutfall og ég tel að þessa þætti þurfi að athuga fyrst áður en menn fara að ákveða hvernig eigi að ná matvöruverði niður,“ segir hann.

„Ég er alveg sammála því að eitthvað þarf að gera til að lækka matvöruverð,“ segir Drífa Hjartardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður landbúnaðarnefndar. „Við getum gert margt til þess, eins og að lækka virðisaukaskattinn og breyta til í tollamálum. Þó tel ég að þetta megi ekki gerast of harkalega þar sem við þurfum að vernda hreinleika íslenskrar framleiðslu. Eins og þetta er lagt fram frá Hagstofu hefði ég viljað sjá verð á innfluttum mat lækka þegar dollarinn var sem lægstur.“

Ekki náðist í Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra í gær.

salvar@frettabladid.is

Yfirvinnustöðvun starfsmanna IGS hófst í gær:

## Litlar tafir á millilandaflugi

**KJARAMÁL** Ekki urðu miklar tafir á millilandaflugi til og frá Leifstöð í gær en þá hófst yfirvinnustöðvun starfsmanna IGS, dótturfyrirtækis



**JÓN KARL ÓLAFSSON**

Ícelandair sem sér um þjónustustörf í Leifstöð. Um 10-20 mínútna seinkun varð á morgnum vélum en að sögn Jóns Karls Ólafssonar, forstjóra Ícelandair, er slíkt ekki óeðlilegt á annríkisdegi sem þessum.

Starfsmenn IGS tóku þá ákvörðun á fundi á miðvikudag að hætta ólöglegum vinnustöðvunaraðgerðum á borð við setuwerkfallið sem fram fór í lok júní og grípa í stað til þess að hætta allri yfirvinnu og vinna „á eðlilegum



**FLUGVÉL VIÐ LEIFSTÖÐ** Forstjóri Icelandair segist ekki hafa fundið mikið fyrir aðgerðum starfsmanna IGS sem hófust í gær. Einhverjar seinkanir hafi orðið en það sé eðlilegt á annríkisdegi í júlí.

hraða“. Sú aðgerð hófst í gær og mun standa út vikuna. Ekki liggur fyrir hversu mikil áhrif yfirvinnustöðvunin mun hafa, en mögulegt er að áætluarflugum muni seinka meira þegar liður á vikuna.

„Þetta gekk ágætlega í morgun

en við verðum bara að sjá hvernig þetta þróast. Það hafa engar verulegar seinkanir orðið miðað við að gærdagurinn var stór dagur eins og flestir dagar í júlí eru,“ segir Jón Karl. „Þessi flugstöð er ekki rekin á yfirvinnu, það er alveg á hreinu.“

- sps

# 20% afsláttur!



20% afsláttur af Outback og Fiesta Gusto gasgrillum. Frí heimsending á höfuðborgarsvæðið.



# mikil verðlækkun

*hagstæðustu heildarinnkaupin*

*aðeins  
í dag!*



*frábært  
verð!*

**899**  
kr/kg

Goða frosið lambalæri

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildir í dag 16. júlí.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 14.7.2006

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	74,68	75,04
	Sterlingspund	137,57	138,23
	Evra	94,59	95,11
	Dönsk króna	12,679	12,753
	Norsk króna	11,96	12,03
	Sænsk króna	10,274	10,334
	Japanskt jen	0,6444	0,6482

SDR 110,21 110,87

Gengisvísitala krónunnar  
130,9663

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjónvarpsrétturinn á Evrópukeppninni í knattspyrnu árið 2008 er á lausu:

## Stöðvarnar munu berjast um réttinn

**SJÓNVARP** Sjónvarpsréttur næstu Evrópukeppni landsliða í knattspyrnu, sem fram fer í Austurríki og Sviss árið 2008, er laus.

Þýska fjölmiðlafyrirtækið Sport-Five hefur réttinn frá UEFA til útteilingar en EBU, Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva, sem tryggði Sjónvarpinu sýningaréttinn að næstu heimsmeistarakeppni í fótbolta, varð undir í útboði. Sjónvarpið þarf því hugsanlega að taka þátt í almennu útboði á opnum markaði ef stofnunin vill tryggja sér réttinn. Hins vegar gætu ýmis ákvæði í sölu á sýningaréttinum, svo sem kvaðir um að sýna keppnina í opinni dagskrá og svo framvegis, fælt áskrifta-

stöðvarnar frá því að taka þátt.

Sjónvarpið hefur haft sýningaréttinn að keppninni undanfarin ár og að sögn Bjarna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Sjónvarpsins, verður reynt að tryggja að svo verði áfram. „Ég geri ráð fyrir því að við tökum þátt í að kaupa sýningaréttinn að Evrópukeppninni til að gera sem flestum kleift að sjá keppnina,“ segir Bjarni.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir menn þar á bæ alltaf á höttunum eftir vinsælu sjónvarpsefni og að sjálfsgöðu veki sýningarétturinn á keppninni áhuga þeirra. „Sýn lætur engin slík útboð fram hjá sér fara,“ segir Ari.



**EVROPUKEPPNIN Í FÓTBOLTA 2004** Líklegt verður að teljast að sjónvarpstöðvar landsins kepptu um sýningaréttinn að næstu Evrópukeppni í fótbolta.

Svar Magnúsar Ragnarssonar, sjónvarpstjóra Íslenska sjónvarpsfélagsins, var á svipuðum nótum. „Þetta er áhugavert efni og hugsanlega munum við sýna því áhuga,“ segir Magnús.

Alls óvíst er hvenær SportFive

býður sýningaréttinn til sölu og er það ákvörðun fyrirtækisins hvenær það verður. Eitt er þó víst að um vinsælan sjónvarpsviðburð er að ræða og hart verður barist bæði innan vallar sem utan í aðdraganda keppninnar.

- æpe

Læknir handtekinn í Perú:

## Grunaður um að selja börn

**PERÚ, AP** Læknir í Perú var ákærður nýverið fyrir að selja börn til barnlausra Evrópubúa. Í íbúð hans og á læknastofu fundust sex börn á aldrinum sex mánaða til tíu ára. Læknirinn, sem er 61 árs, segist faðir þeirra allra og neitar sök.

Lögregla telur að hann hafi greitt konum, sem komu til hans í leit að fóstureyðingu, fyrir að fæða börnin, og selt Evrópubúum þau svo fyrir sem samsvarar 400.000 til 750.000 krónum. Yfirvöld rannsaka nú með DNA-prófum hvort hann sé faðir barnanna.

Verði læknirinn fundinn sekur, getur hann átt von á allt að tólf ára fangelsi.

- smk

Ofbeldisbylgja í Afganistan:

## Tugir dóu í aðgerðum hersins

**AFGANISTAN, AP** Hernámssliðið og her Afganistans drápu yfir fjöru-tíu manns í suðurhluta Afganistans í gær, þar á meðal tíu í stórfelldri loftárás á eyðimerkurbae, sem var talinn vera undir stjórn talibana, að sögn hersins. Meira en 300 fallhlifarmenn réðust inn í bæinn Sangin til að stöðva hundruð talibana sem herinn sagði að væru að skipuleggja árásir.

Yfir 700 manns hafa látist vegna átakanna í landinu síðan um miðjan maí.

- sgi

## EGYPTALAND

**Norðurlandabúr í slysi** Langferðabíll með hóp Norðurlandabúa innanborðs valt í Egyptalandi í gærmorgun. Fólkið slapp ómeitt úr slysinu. Lögreglan rannsakar nú orsakir slyssins.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að Jónína Bjartmarz væri félagsmálaráðgjafi. Jónína er umhverfisráðgjafi. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

## Rússíbanar rákust á í Liseberg-garðinum

Mikil mildi þykir að ekki fór verr en raun bar vitni þegar tveir rússíbanar rákust á í stærsta skemmtigarði Svíþjóðar í Gautaborg í gær. Tuttugu og einn slasaðist, þar af þrjú börn, en enginn illa.

**SVÍPJÓÐ** Átján manns voru fluttir á sjúkrahús með nýju sjúkrabílum í Gautaborg í Svíþjóð í gær, eftir árekstur tveggja rússíbanar í Liseberg-skemmtigarðinum skömmu eftir hádegi í gær. Þrjú börn voru meðal hinna slösuðu.

Áreksturinn varð þegar farþegar voru að fara úr einni vagnalestinni við innganginn í tækið. Eitt-hvað fór úrskeiðis hjá annarri vagnalest sem var að hefja túr sinn, því hún rann aftur á bak og skall á þeirri sem fólkið var að fara úr, að sögn Lasse Zagai, yfirmanns garðsins.

„Það er auðvitað áfall þegar svona nokkuð hendir,“ sagði Zagai í samtali við sænska fjölmiðla.

Vagnalestin hafði rétt hafið ferðina upp fyrstu löngu brekkuna þegar hún skyndilega nam staðar og rann svo aftur á bak með fyrrgreindum afleiðingum. Þó hraðinn hafi ekki verið mikill, þá varð skellurinn samt sem áður töluverður, að sögn Zagai.

Alls voru um 40 farþegar um borð í vagnalestunum tveim, en þeir sem voru að fara úr stöðvuðu lestinni meiddust mest.

Tíu hinna slösuðu voru Norðmenn og ellefu Svíar. Enginn þeirra sem fluttir voru á sjúkrahús var illa slasaður, að sögn Staffan Sellberg hjá sænsku lögreglunni, og þykir mikil mildi að ekki fór verr. Fólkið var með bak- og höfuðáverka, og sumir höfðu fengið áfall. Flestir fengu að fara heim í gærkvöld.

Garðinum var lokað eftir slysið og unnu starfsmenn hans hörðum höndum við að rannsaka upptök slyssins.



**KONU SINNT** Sjúkraliði sinnir konu sem slasaðist þegar tveir rússíbanar skulu saman í Liseberg-skemmtigarðinum í Gautaborg í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

**RÚSSÍBANINN** Níu sjúkrabílar voru kallaðir til þegar slys varð í rússíbananum í Gautaborg í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Liseberg er stærsti skemmtigarður Svíþjóðar og eru laugar dagar jafnan annríkustu dagarnir í garðinum, en þá er hann opnaður klukkan ellefu.

Rússíbaninn, sem er úr stáli, var byggður árið 1987 og er einn sá stærsti í Svíþjóð. Hann er 1.400 metra langur og geta vagnalestir-

ar ferðast á allt að 80 kílómetra hraða á klukkustund. Fimm vagnalestir ganga í honum samtímis.

Samtals hafa 30 milljón manns keyrt í rússíbananum, en þetta er í fyrsta sinn sem alvarlegt slys sem þetta verður.

Rússíbananum hefur verið lokað þar til gengið hefur verið úr skugga um að öryggi gesta sé tryggt.

smk@frettabladid.is



**MÁLARI SUNGINN** Söngleikur um ævi Rembrandts var frumsýndur í gær.

Hátíðarhöld í Hollandi:

## 400 ára afmæli Rembrandts

**HOLLAND, AP** Listunndur flykktust í gær til Hollands til að halda upp á það að 400 hundruð ár eru liðin frá fæðingu málarans Rembrandt Van Rijn. Hátíðarhöldin fóru fram í fæðingarbae málarans, Leiden, og í Amsterdam þar sem hann málaði mörg af sínum frægustu verkum.

Stytta af málaranum var heiður með fjölmennri göngu aðdáenda að styttni í Leiden og söngleikur byggður á ævi Rembrandts var frumsýndur í Amsterdam.

Rembrandt var uppi á gullaldartímabili hollenskrar málalistar og talinn fremsti maður þar í flokki. Hann varð frægur fyrir að ná vel skilum ljóss og skugga í myndum sínum.

- áp

Ökumaður ók gáleysislega:

## Bíllinn valt og endaði í skurði

**LÖGREGULMÁL** Ökumaður á sjötugsaldri ók ógætlega á Ólafsfjarðarvegi frá Akureyri til Dalvíkur og missti stjórn á bílnum neðan við bæinn Hátún. Bíllinn fór út af vegnum, fór nokkrar veltur og endaði á hliðinni skorðaður í skurði.

Ökumaðurinn var einn á ferð og kalla þurfti til sjúkrabíla og tækjabíli til að losa hann úr bílnum. Maðurinn slasaðist, en ekki alvarlega og grunur leikur á að hann hafi verið ölvaður undir stýri.

- sgi

**Mest lesna tímarit landsins!**

**birta** **NYTT LIF**

51% 18% \*

Meðallæstur á tbl. 20-50 ára

**AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

**birta**

\* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

**VEÐURSPÁ**

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfraeðingur

**um hádegi »**

**ELLEFU DAGAR AF FIMMTÁN**  
Eins og margir muna urðu alþurrir dagar í júní aðeins sex í Reykjavík og júnímánuðurinn heldur sólrýr sunnanlands og vestan. Nú eru liðin fimmtán dagar af júlí og og aðeins hafa verið fjórir alþurrir dagar af þessum fimmtán hér í Reykjavík. Jú, þetta þýðir að úrkomu hefur orðið vart í eina ellefu daga. Það er því fullkomlega skiljanlegt að fólk sé orðið ansi þreytt á þessu tíðarfari.

**VEÐURHORFUR Í BORGinni**  
Hæg vestlæg átt. Skýjað og hætt við lítilsháttar vætu af og til. Hiti 9-12 stig.

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	26°C léttskýjað	London	29°C skýjað
Billund	23°C léttskýjað	Paris	32°C léttskýjað
Oslo	24°C léttskýjað	Frankfurt	32°C léttskýjað
Stokkhólmur	25°C léttskýjað	Friedrichshafen	26°C hálfskýjað
Gautaborg	23°C léttskýjað	Berlín	31°C skýjað

**» á morgun**

Hæg breytileg átt.

**» þriðjudagur**

Hæg austlæg átt, en stutt í streng suður af landinu.

Alicante	31°C léttskýjað
Mallorca	29°C léttskýjað
Algarve	26°C léttskýjað
Krít	24°C léttskýjað
Las Palmas	25°C heiðskirt

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



**TÍVOLÍ**  
 Tívolíð hefur opnað  
 við Smáralind.

# Útsalan

í fullum gangi

**15-80 % AFSLÁTTUR**

Tívolí opið í dag frá 13-22





## KJÖRKASSINN

Hefurðu smakkað hrefnukjöt?

Já	76%
Nei	24%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér dagskrágerð í íslensku sjónvarpi vönduð?

Segðu skoðun þína á Vís.is



Reykjavíkurborg bíður álits Samkeppniseftirlitsins þrátt fyrir nýjan meirihluta:

# Álatur ekki að eignin rýrist

**STJÓRN MÁL** Nýr meirihluti í borginni ætlar að bíða eftir skoðun Samkeppniseftirlitsins á kvörtun fyrir meirihluta. Kvörtunin var vegna ákvörðunar Landsvirkjunar að leggja Laxárvirkjun í stað hlutfjárinn í nýtt smásöluvirkjartæki hennar, Orkusölunni Vestfjarða og RARIK sem heitir Orkusalan. Það hefur enn ekki verið gert en ákvörðunin liggur fyrir.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að hann hafi þó alltaf verið sannfærður um að með því að leggja virkjunina í Orkusöluna skerðist hagsmunir Reykvíkinga síður en svo.

„Þegar við seljum okkar hlut í

Landsvirkjun, verður virkjunin uppi á borði eins og hver önnur verðmæti í þessu fyrirtæki. Þannig að staða okkar veiktist ekki hvað það varðar, enda sýndi enginn fram á það,“ segir Vilhjálmur.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að styttest í niðurstöðuna. Reykjavíkurlistinn kvartaði til Samkeppniseftirlitsins þar sem hann taldi að verðmat á virkjuninni væri ekki raunhæft og eignir borgarinnar því rýrðar. Þess var einnig krafist að Samkeppniseftirlitið athugaði hvort stofnun og rekstur Orkusölnnar samrýmdust ákvæðum samkeppnis- og raforkulaga.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**  
Borgarstjórinn bíður svars Samkeppniseftirlitsins við spurningum Reykjavíkurlistans.

Blóðbankinn opnar vef:

## Stofnfrumur í brennidepli

**BLÓÐBANKINN** Nýr vefur á vegum Blóðbankans, [www.stofnfrumur.is](http://www.stofnfrumur.is), var opnaður á föstudag en á honum er hægt að fræðast um stofnfrumur og framgöngu stofnfrumurannsóknna hér á landi og erlendis. Á forsíðu vefsins munu birtast daglegar fréttir af gangi mála og umræðunni um stofnfrumur. Verkefnið er stutt af OgVodafone, sem hefur styrkt Blóðbankann undanfarin ár.

Vefurinn á að vera fræðandi fyrir almenning jafnt sem heilbrigðisstarfsfólk, segir í fréttatilkynningu Blóðbankans. Von bankans er að fagfólk leggi lóð sitt á vogarskálannar til að styðja síðuna.

- sgi



**ÖRYGGISRÁÐIÐ** Frá fundi Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öryggisráð SP:

## Norður-Kóreu verður refsað

**SP, AP** Aðildarríki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna samþykktu einróma ályktun síðdegis í gær þar sem fordæmdar eru tilraunir Norður-Kóreumanna með eldflaugaerum í þessum mánuði. Jafnframt er þess krafist að Norður-Kóreumenn gefi eldflaugaáætlun sína upp á báttin.

Sinni Norður-Kórea ekki þessari ályktun, verður gripið til refsiaðgerða.

Öryggisráðið hefur fundað um málið í tíu daga, en Kínverjar og Rússar hafa sett sig gegn því að ráðið beiti Norður-Kóreu of miklum þrýstingi.

- smk

## LÖGREGLUFRETTIR

**Fékk golfkúlu í hausinn** Maður sem lék golf á golfvelli við Ísafjörð í gær varð fyrir því óláni að fá golfkúlu í höfuðið. Læknisskoðun leiddi í ljós að manninum hefði ekki orðið meint af og hélt hann því leiknum ótrauður áfram.

**Þriggja bíla árekstur** Þrjú bílar lentu í árekstri á Borgarfjarðarbrú á þriðja tímanum í gær. Um aftanákeyrslu var að ræða og urðu engin slys á fólk.

# Mannvirki með sögulegt gildi friðuð

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg, rjómabúíð að Baugsstöðum, Dalatungaviti og gamla sundlaugin að Seljavöllum hafa verið friðuð af menntamálaráðherra, samkvæmt tillögum frá húsafríðunarnefnd.

**HÚSAFRÍÐUN** Menntamálaráðherra hefur ákveðið friðun fjögurra mannvirkja að fenginni tillögu húsafríðunarnefndar ríkisins. Þetta eru heilsuverndarstöðin við Barónsstíg í Reykjavík, rjómabúíð að Baugsstöðum, Dalatungaviti og gamla sundlaugin að Seljavöllum í Rangárvallasýslu.

Fyrirtækið Mark-hús ehf. keypti heilsuverndarstöðina af ríki og borg í nóvember á síðasta ári og hefur nú auglýst bygginguna til sölu eða leigu. Að sögn Markúsar Árnasonar, framkvæmdastjóra Mark-húsa, eru viðræður í gangi við nokkra aðila en ekki liggur fyrir hvað verður um bygginguna.

Heilsuverndarstöðin er með merkustu opinberu byggingum í Reykjavík og jafnframt ein sú óvenjulegasta út frá sjónarhóli byggingarlistar. Friðun hennar nær til ytra borðs, ásamt aðalandyri og stigahúsi, anddyrum við Barónsstíg og Egilsgötu auk tilheyrandi fastra innréttinga, gólfefna og frágangs. Höfundar eru arkitektarnir Einar Sveinsson og Gunnar H. Ólafsson og er húsið fyrsta sérhannaða heilsugæslubygging landsins.

Varðveislugildi rjómabúsins að Baugsstöðum, sem er skammt frá Stokkseymi, felst einkum í menningar sögu og fágæti þess ásamt einstakri varðveislunni alls þess sem kemur starfsemi við. Friðunin nær til ytra borðs ásamt tækjum og



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN VIÐ BARÓNSSTÍG** Var byggð á árunum 1949 til 1955 og er höfundarverk Einars Sveinssonar og Gunnars H. Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** **ÞORSTEINN GUNNARSSON**

tólum, lausum og föstum.

Dalatungaviti, milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar, er elsti uppistandandi viti landsins, byggður af Otto Wathne, kaupmanni og útgerðarmanni á Seyðisfirði. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti en þak er klett bárujarni. Friðunin nær til ytra og innra borðs.

Gamla sundlaugin að Seljavöllum í Rangárvallasýslu er elsta steinsteypta sundlaug landsins. Veggirnir eru úr steinsteypu á þrjá

vegu en fjórða hliðin snýr hallandi að klettavegg með náttúrulegum heitum uppsprettum. Friðunin nær til laugarinnar, mannvirkja við hana og nánasta umhverfis sem nær tíu metra umhverfis laugina til suður, norðurs og austurs. Klettaveggurinn að vestan er allur friðaður.

Þorsteinn Gunnarsson, formaður húsafríðunarnefndar, segir aðgerðir hafa verið um friðun þessara mannvirkja. „Það kemur fyrir að eigendur geri athugasemdir þegar á að friða eitthvert mannvirkni og það er yfirleitt tekið tillit til þess. En engar slíkar bárust núna.“

Hlutverk húsafríðunarnefndar er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Fyrir kemur að nefndinni berast ábendingar um hvaða mannvirkni skuli friða en yfirleitt verða tillögur til á vettvangi nefndarinnar að sögn Þorsteins.

sdg@frettabladid.is

Bach-keppnin í Leipzig:

## Hlaut þrenn verðlaun

**MENNING** Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari fór heim með þrenn verðlaun í alþjóðlegu Johann Sebastian Bach-

tónlistarkeppninni í Leipzig. Auk þess að hljóta fyrstu verðlaun fyrir fiðluleik og verðlaun fyrir að vera yngsti keppandinn fékk Elfa Rún sérstök áhorfendaverðlaun í fiðluleik.



**ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR**

Að sögn Lilju Hjaltadóttur, fiðluleikara og móður Elfu Rúnar, bættust áhorfendaverðlaunin óvænt við á verðlaunaathöfninni sem haldin var í gær.

Elfa Rún er 21 árs og hefur stundað nám í fiðluleik í Freiburg undanfarin þrjú ár.

- at

Fíkniefni í Reykjanesbæ:

## Sex teknir með 415 e-töflur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn í Reykjanesbæ handtóku sex manns í fyrrakvöld. Fólkíð var stutt í húsi í bænum og gerðu lögreglumenn húsleit. Við húsleitina fundust 415 e-töflur. Einnig fundust 15 grömm af fíkniefnum sem lögregla telur vera amfetamín og smáræði af kókaini.

Fólkið var allt látið gista í fangageymslum yfir nóttina. Þeim var sleppt í gær að loknum yfirheyrslum. Málið telst upplýst að sögn varðstjóra lögreglunnar í Reykjanesbæ.

- sdg

Aðgerðum Strætó bs. ætlað að stöðva 360 milljóna króna hallarekstur:

# Fækkun farþega og fjölgun einkabíla veldur erfiðleikum

**SAMGÖNGUR** Borgarfulltrúar Vinstri grænna hafa óskað eftir umræðu um málefni Strætó bs. á næsta borgarráðsfundi. Vilja þeir endurskoða aðild Reykjavíkur að byggðasamlaginu sem rekur Strætó bs. þar sem ljóst sé að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi ekki samleið í mállefnum almenningssamgangna.

Nýkjörin stjórn Strætó bs. hefur ákveðið að hefja ekki á ný akstur á 10 mínútna tíðni á stofnleiðum eins og var í síðustu vetraráætlun. Stofnleið S5 verður enn fremur lögð niður en breytingar gerðar á þjónustutíma leiðar 19 til mótvægis.

Þessar aðgerðir eru ætlaðar til að taka á rekstrarvanda Strætó bs. og stöðva 360 milljóna króna hallarekstur að því er segir í fréttatilkynningu. Þar kemur einnig fram að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, eigendur Strætó bs., munu ekki leggja fram meira fé til að rétta af reksturinn og viðhalda



**HLEMMUR** Framkvæmdastjóri Strætó segir hækkandi eldsneytiskostnað, launahækkunir og fækkun farþega vera lykilþætti í erfiðum rekstri fyrirtækisins.

taprekstri. Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir hækkandi eldsneytiskostnað, aukna verðbólgu, launahækkunir, gengisþróun, en fyrst og

fremst fækkun farþega, samfara sívaxandi fjölda bifreiða í einkaeign, vera lykilþætti í erfiðum rekstri fyrirtækisins að undanfögnu.

- sdg

**LYFJA**  
- Lífið heil

**Vectavir**  
VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSVUNNAR  
- ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsvunnar frá stingi eða æðasláttar til blóðru. Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli súl (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum iminhaldeinnum. Með Vectavir grær frunsvunna hraðar, verkir minnka og smittími styttest. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðaborg - Grindavík - Keflavík - Lágumla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fäskrudsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patrekfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmur - Búðardalur - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammsstaða - Skagaströnd - Selfossi - Laugarás

# Bestir í kjöti!

...mmm

Bestir í kjöti  
**NÓATÚN**

í 40 ár

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

Sparaðu  
**500** kr.

LAMBALÆRI  
ÚR KJÖTBORÐI  
**998** kr.  
kg

STÓRLÚÐA  
Í MIÐJARÐARHAFSM.  
**1.398** kr.  
kg.

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Gómsætir  
úr kjötborði



NÓATÚNS HAMBORGARAR  
90 g. ÚR KJÖTBORÐI

**98** kr.  
stk

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns



NÓATÚNS BBQ GRÍSARIF  
ÚR KJÖTBORÐI

**998** kr.  
kg.

SPARAÐU 600 KR.



LAMBALÆRISSNEIÐAR  
ÚR KJÖTBORÐI

**1.298** kr.  
kg.



FILIPPO BERIO  
OLÍUR

**598** kr.  
750 ml.

Argentínu  
grillsósur!



**15%**  
afsláttur

Allt  
„Bakað á  
staðnum“

**25%**  
afsláttur

...mmm

**NÓATÚN**

-hljómar vel!



## VEISTU SVARID?

**1** Hvar á landinu er hlutfall þeirra sem stunda kynlíf í 10. bekk hæst?

**2** Hvaða menn voru fyrirrennarar Eids Smára Guðjónsen í treyju númer 7 hjá liði Barcelona?

**3** Fyrir hvern er lengsta sjónvarpsauglýsing landsins gerð?

SVÖR Á SIÐU 38

Breytingar hjá Atlanta:

## Hannes sest í forstjórstól

**VÍDSKIPTALÍF** Hannes Hilmarsson tekur við stöðu forstjóra Air Atlanta Icelandic af Hafþóri Hafsteinssyni sem verður stjórnarformaður félagsins.



HANNES HILMARSSON

Hannes, sem er 41 árs viðskiptafræðingur, hefur verið framkvæmdastjóri fjarmála- og aðstoðarforstjóri fyrirtækisins frá því um áramót. Hann hefur starfað við flugrekstur í 16 ár, þar af 14 ár í stjórnendastöðum hjá Icelandair bæði hér og erlendis.

Air Atlanta Icelandic var stofnað árið 1986 og er leiðandi á sviði þjónustuleigu flugvéla í heiminum. - ap



HNÍFUR Bretar hafa verið duglegir að skila inn hnífum.

Breska lögreglan:

## 100.000 hnífum skilað inn

**BRETLAND** Rúmlega eitt hundrad þúsund ólöglegum hnífum var skilað til bresku lögreglunnar á fimm vikum, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Breska lögreglan hóf nýverið herferð gegn ólöglegum hnífum og öðrum vopnum, og lofaði að spyrja hvorki spurninga né ákæra fólk sem skilaði hnífum inn til þeirra í fimm vikna átaki sem lauk 30. júní.

Varð árangurinn framfarvön, og segjast lögregluvirkir völd vonast til þess að hann endurspeglir breyttan hugsanahátt gagnvart eggvopnum.

Hnífsblöðin voru endurninn í endurvinnslustöð í Hertfordshire á föstudag. - smk

## SKIPULAGSMÁL

**Urðun að Strönd** Skipulagsstofnun hefur borist frummatsskýrsla Sorps-töðvar Rangárvallasýslu um mat á umhverfisáhrifum stærkkunar móttöku-, flokkunar- og urðunarsvæðis að Strönd í Rangárbírgi ytra. Allir geta lagt fram athugasemdir við tillöguna.

## NÁTTÚRA

**Aðgerðir gegn mávum** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa ákveðið að fara í átak gegn mávum sem sagðir eru angra bæjarbúa og vekja ótta hjá hafnirskum börnum eftir að skólupútrásum við Herjólsgötu í Hafnarfirði var lokað. Þar með eru bæjaryfirvöld að fylgja í fótspor sjálfstæðismanna í Reykjavík sem einnig eru í svipuðu átaki.

Athyglisverðar niðurstöður í rannsókn á jarðköttum í Suður-Afríku:

## Kettlingarnir í veiðiskóla

**VÍSINDI, AP** Þótt ekki sé óalgengt að dýr kenni ungum sínum að veiða, er sjaldgæft að villt dýr leggi sig jafn mikið fram við það og jarðkettir gera, að því er kemur fram í nýrri rannsókn háskólans í Cambridge á Englandi. Oftast fylgist ungviðið bara með eldri dýrum og lærir þannig, en hér er um raunverulega kennslu að ræða, að sögn Alex Thornton, eins vísindamanna sem tóku þátt í rannsókninni.

Þrátt fyrir nafnið eru jarðkettir ekki kattardýr, heldur lítil rándýr af mongús-flokknum. Þeir eru spendýr sem búa í Suður-Afríku og éta meðal annars eittraða sporðreka, köngulær og eðlur, sem erf-

itt er fyrir afkvæmin að meðhöndla. Rannsóknin sýndi að fullorönu dýrin byrja á því að sýna ungvíðinu dauða bráð, kenna því svo hvernig ber að fara með lifandi bráð sem þeir fullorönu hafa lemstrað aðeins, og hvetja það loks til að veiða sjálft. Fullorönu dýrin fjarlægja meira að segja broddinn af sporðrekum áður en kettlingarnir fá þá í loppurnar.

„Mig grunar að miklu meira sé um eiginlega kennslu en við höfðum áður haldið,“ sagði Thornton, og bætti við að sérstaklega teldi hann að þetta ætti við dýrategundir sem nota flóknar veiðiaðferðir. Niðurstöður rannsóknarinnar



JARÐKÖTTUR MEÐ KETTLING Jarðkettir kenna ungvíðinu handtökin á bráðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

voru birtar í vísindatímaritinu Science á föstudag. - smk

Hvalfjarðargöng stífluðust:

## Stórir bílar festast ítrekað

**LÖGREGLUFRETTIR** Ökumaður dráttararbíls ók á hæðarslá á leið sinni inn í Hvalfjarðargöng í fyrrdag, en sinni ekki viðvörðuninni og hélt áfram inn í göngin. Reyndust þau of þröng og bíllinn festist. Loka þurfti göngunum í tvo klukkutíma meðan unnið var að því að losa stífluna og hreinsa til.

Dráttarbíllinn var með gröfu á pallinum og því nokkuð yfir leyfilegum hæðartakmörkunum í göngin. Kalla þurfti til slökkvilið til að þrifa upp smurólú sem lak úr bílnum. Lögregla segir það gerast oft í viku að ökumenn virði ekki hæðartakmarkanir og sýni með því ótrúlegt kæruleysi. - sgj

## Framlög Íslendinga meðal þeirra hæstu

Framkvæmdastjóri UNICEF hefur undirritað framtíðarsamning við íslensku landsnefndina. Framlög landsnefndarinnar eru hlutfallslega meðal þeirra hæstu innan landsnefnda UNICEF. Framlög ríkisins hafa stórukað síðustu ár.

**ÞRÓUNARABTÖD** Framkvæmdastjóri Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna UNICEF, Ann Veneman, skrifaði á föstudag undir framtíðarsamning við UNICEF á Íslandi. Með samstarfssamningnum skuldbindur íslenska landsnefndin sig til að halda áfram að afla fjár til verkefna UNICEF og fylgja stöðlum samtakanna.

Eftir tveggja ára starf UNICEF á Íslandi hefur landsnefndin náð þeim árangri að safna að meðaltali 12,5 bandaríkjadöllum á hvern íbúa. Það er hlutfallslega meðal hæstu framlaga innan landsnefnda UNICEF.

UNICEF vinnur í 157 löndum og byggir starf sitt á Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um þróun, en þau miða meðal annars að því að draga úr fátækt og tíðni ungbarnadauða og auka menntun fyrir árið 2015. Í því starfi treystir UNICEF eingöngu á frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og ríkisstjórna.

Veneman segir meginmarkmið UNICEF sé að skapa eins góð skilyrði og hægt er fyrir börn til að eiga gott og heilbriggt líf. „Um 10,5 milljónir barna undir fimm ára aldri deyja árlega vegna sjúkdóma sem auðvelt er að koma í veg fyrir eða lækna. Og hungur stuðlar að um helmingi þessara dauðsfalla.“

Veneman fundaði með Valgerði Sværrisdóttur utanríkisráðherra á föstudaginn þar sem rætt var um fjárframlög Íslands til verkefna UNICEF sem hafa stórukað á seinustu árum í samræmi við aukin fjárframlög Íslands til þróunaraðstoðar. Valgerður segir fyrirséð að íslensk stjórnvöld muni styrkja UNICEF um 30 milljónir í



ANN VENEMAN FRAMKVÆMDASTJÓRI UNICEF Veneman tók við embætti 1. maí árið 2005 og varð þar með fimmti framkvæmdastjóri UNICEF í 60 ára sögu samtakanna.

ár. „Í því felst meðal annars að aðstoða börn í Mið-Afríku sem hafa sinnt hermennsku og aðlaga þau að venjulegu lífi á nýjan leik. Einnig verða tveir íslenskir unglingar styrktir til verkefna á vegum UNICEF í Kenía og á Indlandi.“

Veneman segir Íslendinga geta lagt sitt af mörkum til þróunarhjálp. „Enn eru milljarðar í heiminum sem lifa á minna en 150 krónum á dag og mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því. Við getum hjálpað með fjárhagsstuðningi gegnum samtök á borð við UNICEF. Það vakti einnig athygli mína í samtalinu við utanríkisráðherrann að hér eru sérvíð, á borð

við fiskiðnað og jarðvarma, þar sem Íslendingar geta miðlað af kunnáttu sinni til að skapa efnahagstækifæri í þróunarríkjum.

Landsnefndir, á borð við þá sem er á Íslandi, eru í 37 löndum. Flest Evrópulönd hafa landsnefnd ásamt fleiri löndum sem sjá að mestu leyti um fjárflyflun fyrir starfsemi UNICEF en kostnaður er tvær til tvær og hálf milljón króna árlega.

Veneman segir íslensku landsnefndina standa sig afar vel. „Hún jók fjárframlög sexfalt milli árana 2004 og 2005 og mun auka þau enn meir núna milli árana 2005 og 2006.“ sdg@frettabladid.is

Borgarstjóri afhjúpaði upplýsingaskilti um útgerð í Grímsstaðavör við Ægisíðu:

## Grásleppuskúrarnir fá að lifa

**MINJAVERN** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri afhjúpaði á föstudag upplýsingaskilti þar sem fræðast má um tilurð og sögu Grímsstaðavavarinnar við Ægisíðu í Reykjavík en hún var ein af sjö vörum við Skerjafjörð og sú þeirra sem lengst var róið frá. Þetta er gert í tilefni þess að Reykjavíkurborg hyggst varðveita minjar um útgerð í Grímsstaðavör.

Vilhjálmur segir grásleppuskúrana við Ægisíðu vera minnisvarða um útgerð grásleppubátanna og þá vösku trillukarla sem þar sóttu sjóinn.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi segir grásleppuskúrana í því ástandi að þurfi að taka ákvörðun um það hvort á að halda upp á þá eða rífa þá. „Skúrarnir

liggja undir skemmdum en það er mín skoðun að það eigi að varðveita þessar minjar og verja skúrana fyrir skemmdum.“

Kjartan segir varðveislu skúranna þjóða upp á þann möguleika að í framtíðinni verði hægt að standa fyrir sýningum við skúrana um fiskverkun og útgerð frá fyrri tíð.

Á skiltinu sem afhjúpað var í gær segir meðal annars að þó svo Grímsstaðavörin hafi verið þekktust fyrir útgerð grásleppubáta síðustu áratugina hafi áður fyrir ekki síður verið gert út á þorsk og ýsu. Þegar mest var voru sextán bátar gerðir út frá vörinni en það var Björn Guðjónsson sem síðastur gerði út frá Grímsstaðavör allt til ársins 1998.

- hs



FRÆÐSLUSKILTID AFHJÚPAÐ Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Björn Guðjónsson afhjúpa fræðsluskiltið um útgerð í Grímsstaðavör.



JAROSLAW KACZYŃSKI Sór embættiseið sinn á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarskipti í Póllandi:

## Tvíburinn tók við stjórninni

**PÓLLAND, AP** Jaroslaw Kaczyński sór á föstudag embættiseið sinn sem forsætisráðherra Póllands. Ráðherrar í ríkisstjórn hans gerðu slíkt hið sama, en þeir voru flestir í ríkisstjórn fyrrverandi forsætisráðherra, Kazimierz Marcinkiewicz.

Kaczyński er tvíburabróðir forseta Póllands, Lech Kaczyński. Ekki er búist við miklum breytingum á stefnu stjórnarinnar, þar sem nýi forsætisráðherrann er jafnframt formaður hins íhaldsamma stjórnaflökks og hafði sem slíkur töluverð áhrif á stefnu fyrri stjórnar. - gb



ICELAND EXPRESS Flugvélar Iceland Express, Ásinn og Tvisiturinn, koma saman til Keflavíkur í fyrsta sinn.

Vél Iceland Express tafðist:

## Bilun kom upp í hjólabúnaði

**FLUGSAMGÖNGUR** Talsverðar tafir urðu á flugi vélar Iceland Express til Friedrichshafen í gærmorgun. Bilun mun hafa komið upp í loku í hjólabúnaði vélarinnar. Þegar vélin var komin í loftið fóru hjólin upp með eðlilegum hætti en lok búnaðarins féll ekki að. Ákveðið var að lenda vélinni aftur í Keflavík til að gera við lokuna.

Eftir viðgerðina var vélinni flogið í stutt reynsluflug og að því búnu gengu farþegar um borð á ný. Vélin lenti síðan í Friedrichshafen í gærmorgun og var um klukkustund á eftir áætlan. - ap

## LÖGREGLUFRETTIR

**Rúta af vegi** Rúta með fjörutíu tékkneska ferðamenn innanborðs fór út af vegi og festist í Lundarreykjardal í gær. Engan sakaði.



# JÓLAFERÐ

10 daga ferð til Aspen Colorado 19. desember



ASPEN SNOWMASS  
PREFERRED TRAVEL PARTNER

# GOLFFERÐIR

Sala hafin á úrvali golfferða í haust



Kingbarns 12. hola  
St. Andrews, Skotland

# EINSTÖK UPPLIFUN

Bókanir á [www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is) og í síma 534-5000



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://www.icelandair.is)

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR  
[www.gbferdir.is](http://www.gbferdir.is)

# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
HAFLÍÐI HELGASON**

Ágætt er að hreyfa við umræðum um stöðu lífeyrissjóðanna og fyrirkomulag þeirra.

## Völd og verklag lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðir eru ásamt stórum fjárfestum og fjármálfstofnunum hryggjarstykki í uppbyggingu atvinnulífsins. Stofnun þeirra og skylduáðild að þeim er eitthvert mesta gæfuspör sem þjóðin hefur stigið. Lífeyrissjóðirnir hafa stutt við uppbyggingu fyrirtækja og átt ríkan þátt í að þróa verðbréfa-markað hér á landi. Sú þróun hefur verið uppspretta mikilla tækifæra.

Lífeyrissjóðir hafa úr miklum fjármunum að spila sem eru eign þeirra sem í þá greiða. Slíkum fjármunum fylgja mikil völd og völdum fylgja einnig þeir sem sógnir eru í þau. Mikilvægt er að fyrirkomulag slíkra sjóða í eigu almennings sé þannig að völdin séu dreifð og afmörkuð sé sú stund sem menn sitja að slíkum völdum.

Á stundum hefur verið erfitt að draga aðra ályktun af ákvörðunum sjóðanna en að þar hafi menn verið að taka þátt í viðskipta-pólítískum slag. Slíkt er afar óheppilegt og til þess fallið að draga úr trausti á sjóðunum og veikja möguleika þeirra til að nýta sér tækifæri á markaði. Innan lífeyrissjóðanna sjálfra hefur á undanförunum árum farið fram umræða um hvernig með valdið skuli farið. Sú umræða hefur leitt til þess að mun minna ber á grunsemduum að annarleg sjónarmið ráði ákvörðun sjóðanna. Það er vel.

Lífeyrissjóður verslunarmanna auglýsti í kjölfar breytinga á hluthafahópi Straums-Burðaráss að hlutur hans í sjóðnum væri til sölu. Um var að ræða hlut sem slagaði hátt í tíu milljarða króna að virði. Afleiðing þessa var að gengi bréfanna lækkaði skart og þar með verðmæti þeirra bréfa sem sjóðfélagar sjóðsins eiga í félaginu. Slíkt getur tæplega talist skynsamleg ráðstöfun.

Óánægja er meðal stærstu hluthafa Straums með þessa ráðstöfun sjóðsins. Fulltrúar FL Group hafa tjáð þá óánægju og varpað fram hugmyndum um að beina starfsmönnum sínum annað en í Lífeyrissjóð verslunarmanna.

Viðbrögð hafa verið harkaleg, meðal annars á þeirri forsendu að þarna sé verið að leggja til að einhvers konar fyrirtækjasjóður verði stofnaður. Ekki verður séð að um slíkt sé að ræða, enda ekkert fylgi við að taka upp sjóði líka þeim sem tíðkast í Bandaríkjunum og Bretlandi með tilheyrandi óryggi fyrir sjóðfélaga.

Slík viðbrögð við gagnrýni á vinnulag eins lífeyrissjóðs eru tæpast réttlætanager. Gagnrýnin ætti einmitt að opna tækifæri á opinni og skynsamlegri umræðu um hvernig lífeyrissjóðum er best fyrir komið. Hún gefur tækifæri til að ræða grundvallar-spurningar um sjóðfélagalýðræði og frelsi launamanna til að velja eigin lífeyrissjóð. Það er vissulega mikilvægt að festa og skýrar reglur séu um stjórnun og fjárfestingar sjóðanna. Aukin aðkoma eigenda sjóðanna þarf ekki að koma í veg fyrir að stöðugleiki ríki um rekstur þeirra, enda þótt hluti fulltrúa í stjórnnum þeirra sé kosinn af sjóðfélögum. Aukinn réttur hvers og eins til að ákveða sjálfur í hvaða sjóð er greitt myndi örva sjóðina til dáða og efla samkeppni á milli þeirra um að ávaxta pund sitt sem best.

Það er ástæðulaust að gefa sér niðurstöðu fyrirfram. Lífeyrissjóðirnir hafa mikilvægt aðhaldshlutverk á markaði og hlutverk umræðu sem þessarar er mikilvægt til að skapa aðhald hjá lífeyrissjóðunum sjálfum. Það hafa allir gott af slíku.

VISIR

VEF TV

**NFS Í BEINNI  
Á VISIR.IS**

35.000 gestir vikulega  
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Vinsælt starf

Bæjar- og sveitarstjórnir hafa verið að auglýsa eftir bæjarstjórum undanfarnar vikur. Sumir kjósa að ráða utanað-komandi einstakling til starfans í stað þess að kjörinn fulltrúi gegni því. Virðist þetta vera eftirsóknarverð störf. Til dæmis sóttu 23 einstaklingar um stöðu bæjarstjóra á Grundarfirði. Voru margir hæfir einstaklingar í þeim hópi. Meðal annars var Ásthildur Sturludóttir, dóttir Sturlu Böðvarssonar samgöngu-ráðherra, meðal umsækjenda.

Ítök Sturlu á Snæfellsnesi eru nokkur eftir að hann var lengi bæjarstjóri í Stykkishólmi. Það varð samt ekki til þess að sjálfstæðismenn á Grundarfirði réðu Ásthildi. Atvinnubæjarstjórinn Guðmundur Ingi Gunn-



laugsson hrepti hnosið.

#### Leiðin úr Ráðhúsinu

Það er ekki bara áhugi á bæjarstjóra-starfnum á Grundarfirði. Alls bárust 20 umsóknir um starf bæjarstjóra í Fjarðabyggð. Þar á meðal er umsókn Helgu Jónsdóttur borgarráttara Reykjavíkurborgar. Virðist hún ætla að freista gæfunnar fyrir austan eftir að hafa verið hafnað embætti ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins. Helga hefur í einhvern tíma verið að líta í kringum sig eftir nýju starfi. Ef til vill fer ekki vel um hana í Ráðhúsinu umkringd borgarfulltrúum og trúnaðarmönnum Sjálfstæðisflokksins. Helga hefur verið dyggur stuðningsmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og er eiginkona Helga H. Jónssonar



fréttamanns á Sjóvarpinu. Spurning hvort það sé laust starf fréttarítara í Fjarðabyggð enda nóg um að vera þar.

#### Stórlaxastjórn

Á miðvikudaginn verður sannkölluð stórlaxastjórn Straums-Burðaráss fjárfestingabanka kjörin á hluthafafundi. Það er ekki á hverjum degi sem umsvifamestu fjárfestar Íslands koma saman við stjórnun eins félags. Björgólfur Thor Björgólfsson, sem er ríkastur Íslendinga, verður þar í forystu. Um borð með honum verða Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, og Hannes Smárason, forstjóri FL Group, sem einnig eiga vel fyrir salti í grautinn. Í sameiningu ættu þeir að geta ávaxtað pund Straums-Burðaráss ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum. bjorgvin@frettabladid.is

## Kyoto og Schelling

Ég hef tekið eftir því að sumir talsmenn umhverfisverndar á vinstri kantinum eru þínulítið órólegir þessa dagana. Það virðist allt ganga vel, fleiri og fleiri átta sig á mikilvægi þess að við verndum umhverfið og gætum þess að nýta það á skynsamlegan hátt. Reyndar er þessi hugsun inngroin okkur Íslendingum, við eignum svo mikið undir því að nýta náttúruauðindir okkar á skynsamlegan og sjálfbærnan hátt.

En hvað veldur þessum óróleika? Jú, óþægindin sem sumum finnst felast í því þegar þeim fjölgrar sem eru á sama máli og þeir sjálfir. Gjarnan eru þetta menn og konur sem litlu hafa látið sig varða skoðanir fjöldans og talið það til marks um góðar gáfur að vera í minnihluta. Vinstriinnviðir umhverfisverndarsinnar hafa af því áhyggjur að þeir séu að missa eitt besta baráttumálið sitt í hendurnar á öllum hinum flokkunum. Allir virðast orðnir grænir, meira að segja iðnaðarráðherra. Þetta finnst þeim svona jafn pirrandi eins og sumum gömlum Chelsea aðdáendum finnst það heldur ódyrt að flykkjast til liðsins núna, loksins þegar eitthvað er farið að ganga eftir öll mögru árin. Og þá byrjar metingurinn, ég er meiri umhverfissinni en þú o.s.frv. En þannig er það nú bara, umhverfismál, nýting náttúrunnar og vernd hennar eru mál sem allir íslenskir stjórnmálaflokkar hafa látið og láta sig miklu varða og er það vel.

#### Kyoto

Kyoto-samningurinn á að taka á hnattrænum áhrifum gróðurhúsalofttegunda. Engum vafa er undirorpið að veröldin er að hitna og hluta þeirrar hitnunar má rekja til athafna okkar mannanna. Vandinn sem vísindamenn hafa staðið frammi fyrir er að finna út hversu mikið má rekja til mannanna og hversu mikið til náttúrulegra sveiflna. Það er flókið mál, og ekki er langt síðan mikill fjöldi vísindamanna var þeirrar skoðunar að kólnandi loftslag benti til þess að

#### Í DAG

LOFTSLAGSHLÝNUN

ILLUGI GUNNARSSON



En vandinn er sá að Kyoto-samningurinn getur ekki með góðu móti þvingað ríki til að standa við skuldbindingar sínar. Það er reyndar leitun að alþjóðlegum samningi sem hefur náð að binda þannig fullvalda ríki að hægt sé að koma við refsingum ef ekki er staðið við ákvæði samningsins. Sérstaklega er þetta flókið með loftslagið því ekki er um að ræða skýrt skilgreinda hagsmuni einstakra ríkja ef einhver brýtur reglurnar eins og gerist til dæmis hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

ísöld væri á næsta leiti.

Vísindasamfélagið þarf því tíma til að greina mögulegar afleiðingar þessarar þróunar, til dæmis skiptir höfuðmáli hver áhrif hlýnandi loftslags verða á Golfstrauminn. En það er nauðsynlegt að hafa allan vara á og því eðlilegt að reynt sé að grípa til aðgerða til að hemja útblástur gróðurhúsalofttegunda. Það eru klárlega efrir mörk á því hversu mikið við getum leyft okkur að hleypa CO<sub>2</sub> út í andrúmsloftið. Kyoto er tilraun til að leysa þann vanda. Því miður virðist margt benda til að sú tilraun mistakist.

#### Misjafn árangur

Það er áhugavert að skoða hvernig sumar þeirra þjóða sem hafa skrifað undir samninginn standa sig. Danir skuldbundu sig til að draga úr mengun sinni um 21% á samningstímanum en árið 2003 höfðu þeir auknið mengun sína um rúm 6%. Austurríkismenn eru litlu skárrí, þeir höfðu á sama tíma auknið sína mengun um tæp 17% en eru skuldbundnir til að minnka hana um 13%. Svíar hafa staðið sig vel og reyndar Bretar líka, en ESB

sem heild á langt í land með að ná að fylgja eftir ákvæðum Kyoto. En vandinn er sá að Kyoto-samningurinn getur ekki með góðu móti þvingað ríki til að standa við skuldbindingar sínar. Það er reyndar leitun að alþjóðlegum samningi sem hefur náð að binda þannig fullvalda ríki að hægt sé að koma við refsingum ef ekki er staðið við ákvæði samningsins. Sérstaklega er þetta flókið með loftslagið því ekki er um að ræða skýrt skilgreinda hagsmuni einstakra ríkja ef einhver brýtur reglurnar eins og gerist til dæmis hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

#### Samkomulag um aðferð

Nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði, Thomas C. Schelling, hefur bent á að aðferðin sem Kyoto byggir á sé ekki líkleg til skila árangri vegna þess að þar er ekki samið um aðferð heldur fyrst og fremst markmið. Hann bendir á að nær sé að horfa til þess hvernig samstarfinu í NATO var komið á og einnig til þess hvernig Marshall-áætlunin var framkvæmd. Á síðari stigum Marshall-áætlunarinnar þurftu ríkin sem nutu aðstoðar að leggja fram áætlun um þarfir sínar og hvernig þau hygðust verja styrknum. Á grundvelli þessa þurftu ríkin að koma sér saman um hvernig ætti að úthluta hinum takmörkuðu gæðum sem fólust í Marshall-aðstoðinni.

Í samstarfinu í NATO þurftu ríkin að koma sér saman um hvað hvert og eitt þeirra gæti lagt af mörkum til samstarfsins. Sama gildir um mengunarkvótana, segir Schelling, þeir eru takmarkaðir og því betra að ríki komi sér saman um aðferðir til að ná árangri heldur en að setja bara töluleg markmið og láta þar við sitja. Hvert ríki þyrfti að leggja fram áætlun um hvernig það hygðist draga úr mengun og önnur ríki þyrftu að leggja blessun sína yfir þá áætlun. Þannig myndast gagnkvæmt samkomulag á milli ríkja sem líklegra er að haldi betur en Kyoto-samkomulagið sem við búum nú við.

# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíðja ehf. DREIFING: Posthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum ák endurgjalds. issn 1670-3871

BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

# GALTALÆKUR



## SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR

BYLGJAN  
20 ÁRA

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ  
Í VÍMULAUSU UMHVERFI



ÓMAR

RAGGI

HEMMI

ÞORGEIR

STUÐMENN  
BIRGITTA  
OG STEFÁN  
KARL

PAPARNIR

SNORRI

ÍZAFOLD

BRIET  
SUNNA

INGÓ

NYLON

SKÍTAMÓRALL

Coca-Cola  
light

NS

Ólafur

Ólafur

NORR

DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT  
MIÐASALA HEFST Í HAGKAUPUM FÖSTUDAGINN 21. JÚLÍ NK.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

WILL FERRELL FÆDDIST PENNAN  
DAG ÁRIÐ 1967.

„Ég hef aðeins verið  
fyndinn um það bil 74  
prósent af lífi mínu. Held  
að það sé rétt. 74 prósent  
af lífi mínu.“

Leikarinn og grínistinn Will Ferrell  
er þekktur fyrir lítrika persónu-  
sköpun og myndar eftirhermur.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST 16. JÚLÍ 1945

### Atómöldin hefst með sprengingu

Pennan dag árið 1945 sprengdu Bandaríkjamenn  
sína fyrstu kjarnorkusprengju á Trinity-svæð-  
inu nálægt Alamogordo í Nýju-Mexíkó. 6. ágúst

sprengdu þeir svo borgina Hiroshima  
í Japan með sprengjunni „Litli strákur“  
og 9. ágúst borgina Nagasaki með  
sprengjunni „Feiti maður“. Allt var þetta  
liður í Manhattan-verkefninu svokallaða.

Verkefnið fór af stað í kjölfar átta  
vísindamanna um að nasistastjórn  
Þýskalands tækist að þróa kjarnorku-  
vopn á undan Bandaríkjamönnum.  
Upphaflega rannsóknin, sem hófst árið  
1939, var lítil, en smám saman vatt  
verkefnið upp á sig. Á milli árunna 1942 og 1946  
var það undir verkfræðingadeild Bandaríkjahers,  
sem hershöfðinginn Leslie R. Groves stjórnaði, en  
eðlisfræðingurinn J. Robert Oppenheimer stjórnaði

vísindarannsóknnum. Þegar verkefnið stóð sem hæst  
unnu 130.000 manns að því og það kostaði um  
1.492 milljarða Bandaríkjadala miðað við gengi í

dag.

Fyrsta plútóníumsprengjan sem  
hönnuð var af Manhattan-verkefninu  
var sprengd í Nýju-Mexíkó þennan dag  
fyrir 61 ári. Þar sem vandasamt var að  
sprengja sprengjuna var ákveðið að  
prófa eina tilraunasprengingu til að sjá  
hvort hún gæti virkað í stríði. Þetta var  
gert þrátt fyrir að það hefði í för með  
sér sóun á verðmætum hráefnum, sem  
notuð voru í sprengjuna. Prófunin tókst  
og í kjölfarið var sprengjan notuð á borgirnar tvær  
í Japan í lok seinni heimsstyrjaldarinnar með þeim  
afleiðingum að yfir 200 þúsund manns fórust og  
borgirnar tvær voru rústir einar.



## MERKISATBURÐIR

- 622 Spámaðurinn Múhammed  
leggur af stað frá Mekka til  
Medina. Sú fór markar upp-  
haf íslamska dagatalsins.
- 1951 Bjargvætturinn í grasinu  
eftir J.D. Salinger er gefinn út.
- 1969 Geimskipið Apollo 11  
leggur af stað frá Canaver-  
al höfða í Flórída í fyrstu  
mönnuðu ferðina sem lenti  
á tunglinu.
- 1979 Forseti Íraks, Hasan al-Bakr,  
segir af sér og Saddam  
Husein tekur við.
- 1990 Jarðskjálfti sem mælist 7,7 á  
Richter veldur dauða 1.600  
manna á Filippseyjum.
- 1994 Borgarastyrjöld í Rúanda  
lýkur.
- 1999 John F. Kennedy yngri, kona  
hans og mágkona farast í  
flugslýsi út frá austurströnd  
Bandaríkjanna.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og  
langafi,

**Zophonías Jósefsson**

Ægisgötu 25, Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn  
19. júlí kl. 13.30.

Jósep Zophoníasson  
Þóra Zophoníasdóttir  
Húni Zophoníasson  
barnabörn og langafabarn.

Ingibjörg Salóme Egilsdóttir

Anna Tryggvadóttir



Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu  
okkur samúð og blýbug vegna andláts og  
útfarar ástkærrar móður okkar, dóttur og  
systur,

**Margrétar Halldóru Bjarnadóttur**  
Mariubakka 18,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi,  
mánudaginn 26. júní. Sérstakar þakkir til starfsfólksins  
á Rauða kross hótelinu, Landspítalanum og líknardeild  
Landspítalans í Kópavogi.

Daníel Kjeldal  
Henrietta Kjeldal  
Jannick Kjeldal  
Guðrún Haraldsdóttir  
Bragi Snævar Ólafsson  
Kristinn Guðmundur Bjarnason

Sigprúður Bergsdóttir  
Sigurlaug Ásgeirsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Brynjólfur Eyjólfsson**

fyrir vélamiðlari hjá Vélamiðstöð  
Reykjavíkurborgar, Grundargerði 6,  
Reykjavík,

sem lést á heimili sínu laugardaginn 8. júlí, verður  
jarðsönginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn  
19. júlí kl. 13.00.

Svanhvít Stella Ólafsdóttir  
Helena Á. Brynjólfsdóttir  
Ólafur Brynjólfsson  
Eyjólfur Brynjólfsson  
Kristín Brynjólfsdóttir  
Sverrir Brynjólfsson  
Dagný Brynjólfsdóttir  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.

Valur Waage  
Hrefna Björnsdóttir  
Steinunn Þórisdóttir  
Kristján Jónasson  
Guðríður Ólafsdóttir  
Gunnar Óskarsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og  
útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á net-  
fangið timamot@frettabladid.is

## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hámarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



**HEIÐUR VIGFÚSDÓTTIR** Heiður er formaður ritnefndar Hugs og handar og hefur verið það síðastliðin fimm ár. Hún segist vera því sem næst fædd inn í  
Heimilisiðnaðarfélag Íslands og hefur verið virk í því í á fimmta áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## HUGUR OG HÖND: 40 ÁR FRÁ ÚTGÁFU FYRSTA ÁRSRITSINS

# Haldið í gömlu gildin

Hugur og hönd, ársrit Heimilisiðnaðar-  
arfélags Íslands, stofnað 1913, er  
komið út, en fjórutíu ár eru nú liðin frá  
því að blaðið kom í fyrsta skipti út árið  
1966. Heiður Vigfúsdóttir hefur verið  
formaður ritnefndar í fimm ár. „Blaðið  
hefur haldið sig vel við markmið  
félagsins, að kynna bæði nýrra og  
eldra handverk. Við erum fimm í rit-  
nefndinni, en það er allur gangur á því  
hverjir skrifa í blaðið. Við höfum nú  
lítinn fjárhag og reynum að gera þetta  
meist sjálf,“ segir Heiður.


Heiður segist hafa fæðst inn í Heim-  
ilisiðnaðarfélagið, en að hún hafi ekki  
gerst formlega meðlimur fyrr en um  
1960. Hún hefur gegnt ýmsum störfum  
innan félagsins, en áður var hún sér-  
kennari í fjöldamörg ár. Ritnefndar-  
störfin eru sjálfboðavinna áhuga-  
manna innan félagsins.

Áðstaða Heimilisiðnaðarfélagsins  
er að Laufásvegi 2, en blaðið er meðal  
annars selt þar. „Við erum þar með  
Heimilisiðnaðarskólann sem heldur  
námskeið í ýmsum handiðnaði og skrif-  
stofur félagsins. Við erum með alls  
konar handverk, til dæmis ýmiss konar  
útsaum, fatasaum, þjóðbúningasaum,  
þrjón, hekl, vefnað og útskurð.“

Áðspurð segir Heiður félagið alls  
ekki vera kvennaklúbb. „Karlmennt

hafa komið á nám-  
skeið í meðal annars  
þrjóni og saum.  
Áðstaðan býður ekki  
mikið upp á „karla-  
greinar“, þó við lítum  
ekki svo á að greinarnar  
skiptist eftir kyn-  
jum. Í fyrra komu til  
dæmis nokkrir karl-  
menn til að læra að  
sauma sér þjóðbún-  
inga. Margir góðir  
karlar, jafnt og konur,  
hafa setið í félaginu  
allt frá byrjun,“ segir  
Heiður.

„Hugmyndafræðin  
bak við félagið er að  
efla íslenskt handverk  
og þróa það þannig að  
það sé lifandi á hverjum tíma. Það er  
nefnilga hægt að gera svo ótalmargt  
út frá þessum gömlu hefðum og það er  
menningarlegt fyrirbrigði hjá okkur.  
Það er hluti af okkar menningu að  
kunna svona handverk og halda því  
við. Það er líka þróun í þessu á marga  
vegu, til dæmis hvað varðar efni og  
vinnubrögð. Margir hafa sótt til okkar  
sem þekkja vel til á einu sviði en þurfa  
að kynna sér betur eitthvað annað,



**HUGUR OG HÖND** Blaðið á sér  
fjórutíu ára sögu, en eitt ár á þeim  
tíma féll útgáfan niður.

meðal annars koma til  
okkar margir nemendur  
Listaháskólans til að kyn-  
nast mynstri og öðru sem  
verður þá aftur uppspretta  
að einhverju nýju,“ segir  
Heiður.

Líta má á Heimilisiðnaðarfélagið sem nokkurs  
konar mótvægi við fjölda-  
framleiðslu og einsleita  
hönnun nútímans. „Það má  
rekja vakninguna fyrir því  
að halda fornu handverki  
lifandi til 19. aldar, þegar  
fjöldaframleiðslan byrjaði  
að bera handframleiðslu  
ofurliði. Þetta gaf mönn-  
um byr undir báða vængi  
til að halda í gömul gildi,“  
segir Heiður.

Í ritinu sem kom út í ár má lesa sér  
til um skógerð úr selskinni, húsgagna-  
samkeppni árið 1928, jurtalitun, nútíma  
listafólk, tálgaða skrautmunni, gamlan  
skautbúning og útsaum. Einnig er  
vísad á fróleg rit og vefsíður. Áskrif-  
endur og félagsmenn fá blaðið heim til  
sín, en Hugur og hönd er einnig til sölu  
á Laufásvegi 2, í Safnbúð Þjóðminja-  
safnsins og bókabúðinni Íðu.

steindor@frettabladid.is

# ÚTSALA á húsgögnum

fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 90% afsláttur

Sófaborð	5.600 kr.	<del>56.000 kr.</del>	90%
Borðstofuborð	23.960 kr.	<del>59.900 kr.</del>	60%
Fataskápar Modena	5.997 kr.	<del>19.900 kr.</del>	70%
Kommóða með glertopp	9.995 kr.	<del>19.990 kr.</del>	50%
Kommóða með leðurtopp	14.995 kr.	<del>29.990 kr.</del>	50%
Náttborð	8.043 kr.	<del>16.085 kr.</del>	50%
Sjónvarpsborð	5.160 kr.	<del>12.900 kr.</del>	60%
Sófasett leður	98.762 kr.	<del>259.900 kr.</del>	62%
Sófasett tau	78.435 kr.	<del>156.870 kr.</del>	50%
Speglar	12.450 kr.	<del>24.900 kr.</del>	50%
Stakir stólar	5.196 kr.	<del>12.990 kr.</del>	60%
Stóll með snúningi	5.196 kr.	<del>12.990 kr.</del>	60%
Svefnsófi	12.495 kr.	<del>24.990 kr.</del>	50%

## Öll rúm á 20% afslætti

Húsgögn fást einungis í Hagkaupum  
Smáralind og á Akureyri

NÝTT  
kortatímabil

HAGKAUP  
Skemmtilegast að versla

”Ég hef lært það á langri ævi að gera ekki minna úr siðfræðinni en lagabók-  
stafnum. Menn ættu að muna það að þótt þeir komist til mikilla metorða  
taka þeir jafn mikið með sér og við hin þegar kemur að kveðjustund.



# Kirkjubóndinn í Úthlíð

Björn Sigurðsson, bóndi í Úthlíð í Biskupstungum, hefur um langt skeið unnið að uppbyggingu ferðapjónustu í sveitinni með miklum árangri. Hann byggir enn og á dögnum var Úthlíðarkirkja vígð, rúmu ári eftir fyrstu skóflustunguna. Bergsteinn Sigurðsson skrappr austur fyrir fjall og heilsaði upp á Björn.

Björn bóndi heilsar blaðamanni með handabandi um leið og hann gengur inn um dyrageitina á hinni nývígðu Úthlíðarkirkju. Stoltið leynir sér ekki enda er þetta hans eigin smíð allt frá frumdrögum, en hann teiknaði bygginguna í félagi við Gísla bróður sinn. Gæti alveg hugsað sér að læra arkitektúr væri hann ungur.

„Hún er byggð í sátt við Guð og menn, þessi,“ segir hann og hlær um leið og hann skimar í kringum sig. „Það hefði vissulega verið hægt að gera þetta með ódýrara móti en fyrst við vorum að þessu á annað borð var eins gott að gera það almennilega. Sem betur fer naut ég aðstoðar bróður míns og barna, án þeirra hefði þessi kirkja aldrei risið.“

Það hafði blundað lengi í Birni að reisa kirkju í Úthlíð, enda er hún gömul kirkjujörð og á merka sögu. Fyrir skömmu urðu hins vegar strauhmjörv í lífi Björns sem urðu til þess að hann lét til skarar skriða.

„Ég ákvað að reisa þessa kirkju til minningar um Ágústu, konuna mína, en hún lést fyrir hálfu öðru ári. Þegar hún veiktist ákvað ég endanlega að reisa kirkjuna, enda bjóst ég við að það væri farið að halla á ævina hjá mér sjálfum. Þegar hún var orðin helsjúk hóaði ég fjölskylduna saman á afmælisdaginn minn 6. júlí 2004 og tilkynnti að ég ætlaði að reisa hér kirkju. Í apríl 2005 var fyrsta skóflustungan tekin og rúmu ári seinna var smíðshöggjó rekið á hana. Það var tilfinningarík stund þegar kirkjan var vígð. Ágústa Margrét Ólafsdóttir var stórkostleg kona og hafði flest til að prýða sem eina konu getur prýtt.“

## Nýjar leiðir

Björn er bóndi af lífi og sál – „aldrei verið á launaskrá, taktu eftir!“ – fæddur og uppallinn á „bestu bújörð landsins“ og man tímanna tvenna. „Íslenskt þjóðfélag hefur breyst svo feikilega mikið á skemmri tíma en ég hef

lífað. Hugsanlega voru það mestu breytingar á lífi fólks þegar vélaöldin gekk í garð fyrir alvöru, upp úr miðri síðustu öld og það kom bíll á hvert heimili. Allir gátu þeyst um hvert sem er. Rétt fyrir 1980 varð önnur breyting á högum bænda sem neyddi okkur til að endirmeta stöðu okkar þegar við misstum góða markaði í Bandaríkjunum og Noregi. Þá stóðu bændur frammi fyrir því að þurfa annaðhvort að bregða búi – og byggðin myndi þarafleiðandi hrynja – eða fara nýjar leiðir.“

Og menn reyndu ýmislegt. Sumir fóru í loðýrarækt, með skrykkjóttum árangri en aðrir fóru út í ferðapjónustu, þar sem Björn og sveitungar hans í Biskupstungum náðu fljótlega forystu.

„Við erum svo lánsóm hér að hafa mikið af fallegu landi sem fólk sótti í en sáum fljótlega að við yrðum að koma okkur upp heitu vatni. Við tókum okkur saman, tíu bændur og boruðum eftir vatni sem gerbreytti markaðsstöðunni hjá okkur. Við lögðum hitaveitu hér um allt svæðið og kjölfarið fóru sumarbústaðirnir að spretta upp, á Efri-Reykjum, í Miðhúsum, Brekku, Úthlíð og víðar.“

Nú er svo komið að sveitin er á barmi þess að hægt sé að kalla dreifbýli. „Það geta verið þúsund manns í bústöðunum í Úthlíð einni svo það er ekki vanþörf á kirkjunni. Alltaf eitthvað að gerast, fólk þarf að láta skíra, ferma og gifta,“ en í gær gekk einmitt fyrsta parið í það heilaga í Úthlíðarkirkju. „Foreldrar brúðhjónanna þegga hafa reist sér hús hérna. Ég held að brúðurin hafi fyrst komið hingað sjö eða átta ára gömul og verið hér alltaf reglulega allar götur síðan. Þetta fólk tók tryggð við þennan stað fyrir mörgum árum og ég veit að svo er með marga fleiri.“

## Bændastétt í vanda

Með aukinni ferðapjónustu hefur búskapur hins vegar látið undan í Biskupstungum og Björn fær

mjólkina sína núna úr kælinum eins og flestir aðrir. „Þegar ég hóf búskap voru um 70 mjólkurframleiðendur í þessari sveit. Núna eru þeir tólf eða þrettán. Ógæfan hefur líka elt okkur í sauðfjárræktinni. Það greindist riða í fénu fyrir nokkrum árum sem ekkert gekk að losna við. Fyrir nokkrum árum var svo ákveðið að skera allt fé í sveitinni niður.“

Björn vonar hins vegar að áður en langt um líður komi menn sér upp nýjum stofni, því fjárbændur séu í vanda. „Ég óttast hvað stéttin er orðin gömul. Hver sú stétt sem nær ekki að endurnýja sig er í vanda stödd og ég held að menn

um agnúast út í kvótakerfið en þar voru menn þó það framsýnir að setja takmörk á eignarheimildir. Ég vildi sjá það yfir alla línuna; á matvælamarkaði, fjármálageiranum, fjölmiðlum og svo framvegis. Ég veit svo sem ekki hvert rétta hlutfallið ætti að vera en það þurfa að vera ákveðnar hömlur.

Ég hef lært það á langri ævi að gera ekki minna úr siðfræðinni en lagabókstafnum. Menn ættu að muna það að þótt þeir komist til mikilla metorða taka þeir jafn mikið með sér og við hin þegar kemur að kveðjustund.

En þótt markaðssamfélagið dragi ekki alltaf það besta fram í

verði áfram og á að kappkosta að útteila öllum þessum auði til sem flestra.“

## Glaður og hreifur til síðasta dags

Að kirkjunni risinni veit Björn ekki hvað tekur við en óttast ekki að eiga eftir að sitja aðgerðalaus. „Það eru ótal verkefni óleyst. Draumur margra sem hafa komið þaki yfir höfuðið er að eiga smáskíka úti í sveit. Það eru ekki nema tíu þúsund fjölskyldur af þeim fimmtíu þúsund í þessu landi sem hafa getað látið þann draum rætast svo þar er mikið verk fyrir höndum. Svo þarf nú líka að nýta kirkjuna fyrst hún er risin, því

„Ég hlakka alltaf til að vakna á morgnana og verð glaður og hreifur til síðasta dags.“

átti sig hreinlega ekki á því hvers konar stórslys það yrði ef búskapur hryndi. Íslenska dalkakjötið er sannkölluð lúxusvara og ég er ekki í nokkrum vafa að ef nýir menn koma inn í greinina séu bjartir tímar framundan í sauðfjárrækt.“

## Siðfræðin mikilvægari lagabókstafnum

Björn bóndi hefur ekki farið varhluta af uppgangi forríkra kaup-sýslumanna hér á landi og amast svo sem ekki við því. Honum hugnast þó ekki nýjustu fréttir af mönnum sem kaupa jarðir í stórum stíl gagnert til að sprengja upp leiguverð á sumarbústaðalöndum.

„Þetta er rétt eins og við höfum séð hvernig ákveðnir kaup-sýslumenn hafa eignast nánast alla verslun og það eru til stórbraskarar í Reykjavík sem geta keypt eins mikið af eignum og þeim lystir. Ég er ekki glaður yfir þessu en ég sé ekki að það sé hægt að setja lög til að sporna við þessu. Ég hef stund-

fólki verðum við líka að hafa í huga að það hefur aldrei verið jafn mikil velsæld hér á landi. Ég ber virðingu fyrir þeim sem hefur gengið vel, verið duglegir og náð langt og sumir auðkýfingar eru hreinustu afburðamenn. Ég held og vona að þessi velsæld haldi áfram. Þjóðin er vel menntuð og hefur alla burði til að sjá til að svo

hún er ekki síður ætluð sem listhús en guðshús.“

Að öðru leyti veit Björn ekki hvað framtíðin ber í skauti sér og finnst það ekkert verra. „Ég veit nokkurn veginn hvað hefur gerst og það nægir mér. Ég hlakka alltaf til að vakna á morgnana og verð glaður og hreifur til síðasta dags.“

## Þegar Brynjólfur biskup bjargaði Úthlíð


Auk þess að vera framámaður í ferðapjónustu bænda fór Björn fyrir starfsbræðrum sínum í málarekstri gegn ríkinu í hinum svokölluðum þjóðlendumálum. Hann mátti þakka lögspeki Brynjólfs biskups Sveinssonar og Ólafs sonar síns að hann missti ekki 90 prósent af jörð sinni í hendur ríkisvaldsins.

„Þegar þjóðlendulög voru samþykkt fyrir sjö árum var framgangan önnur en þingmenn töldu sig hafa samþykkt. Í fyrstu grein laganna segir að þjóðlenda sé fyrir utan eignarlönd. En þarna vantaði eitt lykilorð: þinglýst eignarlönd. Ríkisvaldið samþykkti því ekki neinar þinglýsingar heldur krafðist þess að bændur sönnuðu eignarrétt sinn alveg til landnáms og að eignin hefði orðið til með réttum hætti.“

Úthlíð á sér langa og mikla sögu. Þar nam Ketilsbjarnarættin land – „göfugasta fólkið sem kom

til Íslands“ – og þangað áttu hinir völdugu Haukdælir ættir sínar að rekja. „Úthlíð var líka auðug kirkjujörð og varð síðar hluti af hinni stórkostlegu Skálholtseign. Brynjólfur biskup í Skálholti var löglærður og árið 1643 tók hann sig til og skrifaði nákvæma lýsingu á eignarmörkum Úthlíðar og öðrum jörðum sem féllu undir biskupsstólinn. Þetta bréf varðveittist og varð forsenda þess að við unnum stóra þjóðlendumálið, því í dómi Hæstaréttar segir að fyrst menn töldu þessi eignarmörk rétt fyrir 500 árum hlytu þau að vera það enn í dag.

Ég kunni Brynjólfi biskupi miklar þakkar daginn sem dómurinn féll,“ segir Björn og hlær. „Og ekki síður syni mínum, Ólafi Björnssyni hæstaréttarlögmanni, sem stýrði málinu fyrir hönd okkar bændanna. Hann hefur verið forvígismaður í þessum eignarrétti og vinnur nú að sambærilegum málum fyrir bændur um allt land.“





STJÓRN FL GROUP Vill leiða fjárfestingar á innlendum fjármálamarkaði. Ekki er fráleitt að ætla að eignarhlutur í Straumi sé í huga þeirra lykilstaða í framtíðarhræringum á íslenskum fjármálamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Stórlaxarnir synda í Straumi

Þrír af umsvifamestu auðmönnum landsins setjast saman í stjórn Straums-Burðaráss á miðvikudag. Fáir hafa trú á að samstarfið sé til langframa. Straumur hefur oftast en ekki verið í miðju hræringa viðskiptalífsins. Svo verður án efa áfram og mikið vatn á enn eftir að renna til sjávar. Hafliði Helgason rifjar upp helstu bautasteina Straums og spáir í núverandi stöðu.

**F**járfestingabankinn Straumur hefur verið í miðju margra hræringa íslensks viðskiptalífs undanfarin ár. Straumur sameinaðist Burðarási um verslunarmannahelgina í fyrra. Samstarf þáverandi Straumsmanna og Burðaráss undir forystu Björgólfs Thors Björgólfssonar sprakk í loft upp og í stað Magnúsar Kristinssonar og Kristins Björnssonar kom FL Group í hluthafahöpin. Þar koma saman inn í stjórn Straums þeir Hannes Smárason og Jón Ásgeir Jóhannesson. Í stjórninni sitja því þrír stórlaxar íslensks viðskiptalífs.

## Oft veltir lítill skúffa þungu hlasi

Seðlabankinn var einu sinni skúffa í Landsbankanum og Straumur á það sameiginlegt með höfuðmusterinu að hafa verið skúffa í Íslandsbanka. Straumur varð til úr sjóðum bankans og Skagamennirnir Bjarni Ármannsson og Þórður Már Jóhannesson lögðu línurnar fyrir Straum sem þá var fjárfestingasjóður. Straumur lét fljótt til sín taka á markaði, en fyrst í stað var athyglin ekki mikil á því sem þar var að gerast.

Straumur naut skortsins á athyglinni og safnaði í rólegheitunum bréfum í Eimskipafélaginu. Sú eign reyndist síðar lykilstaða fyrir Björgólfsfeðga þegar þeir réðust til atlögu við fyrirtæki Kolkrabbans. Straumur var í miðju atburðarrásarinnar og Bjarni og Þórður sáu til þess að varnir Sjóvar og Flugleiða voru tryggðar. Sjóvá rann í Íslandsbanka og ráðandi staða í Flugleiðum var í höndum Straums.

Jón Ásgeir hafði mikinn áhuga á Flugleiðum á þeim tíma og hafði reyndar áður haft mikinn áhuga á að ná undirtökum í Íslandsbanka. Á

þeim tíma var mikil andstaða við að hann næði undirtökum í þessum fyrirtækjum. Sú er hins vegar raunin í dag.

## Straumur réði Flugleiðum

Hannes Smárason keypti hlutinn í Flugleiðum ásamt þáverandi tengdaföður sínum, Jóni Helga Guðmundssyni í BYKÓ. Hannes og Jón höfðu verið umsvifamiklir í ýmis konar fjárfestingum og orðið vel ágengt. Meðal margra var gleði yfir þessari sölu og því að Jón Ásgeir væri hvergi nærri. Morgunblaðið til að mynda gat ekki leynt gleði sinni yfir kaupum Jóns Helga og Hannesar á Flugleiðum. Hannes náði síðan undirtökum í félaginu og eftir átök í stjórn sem snerust að mestu um hraðflug Hannesar og skort á samráði við aðra stjórnarmenn kom Baugur inn í hluthafahóp Flugleiða sem nú heita FL Group.

Hinum megin frá rann líka mikið vatn til sjávar. Björgólfsfeðgar sátu ekki auðum höndum. Þar var sjávarútvegsstöð Eimskips seld og félaginu breytt í fjárfestingarfélagið Burðarás. Skipafélagið var síðan dótturfélag Burðaráss þar til það var selt. Björgólfur Thor boðaði útrás og að Burðarás myndi takast á hendur svonefnd Private Equity verkefni, þar sem félög eru keypt og stýrt í umbreytingu. Sú leið lét á sér standa, en Burðarás náði markverðum árangri í kaupum á hlutum í skráðum félögum og hagnaðurinn óx og gengi félagsins hækkaði.

## Legg í lófa Karls

Á tímabili lá líka í loftinu að áhugi þeirra feðga væri á sameiningu Landsbankans við Íslandsbanka. Straumur keypti hlut sem áður hafði verið í framvirkum samningum á nafni Helga Magnússonar og Orra Vigfússonar. Viglundur Þorsteinsson var á þeim tíma á bandi feðganna. Hann sat í bankaráði Íslandsbanka með fulltingi lífeyrissjóðanna og hélt upp mikilli andstöðu við forstjóra bankans, Bjarna Ármannsson. Bjarni sat ekki

aðgerðalaus og þrátt fyrir að staða hans væri erfið hafði hann stuðning Karls Wernerssonar sem hafði unnið með feðgunum í Actavis og Einars Sveinssonar sem átti honum greiða að gjalda frá því að Sjóvá var bjargað inn í bankann.

Ástandið í Íslandsbanka var orðið óþolandi og Karl hafði frumkvæði að því að hlutur Lífeyrissjóðs verslunarmanna var keyptur og þar með tryggður meirihluti stuðningsmanna Bjarna í bankanum. Baugur keypti hlut í bankanum til stuðnings Karli og Bjarna, enda Jón Ásgeir ekki í aðdáendahópi Viglundar. Það var svo ekki fyrr en um síðustu áramót sem FL Group og fleiri fjárfestar keyptu hlut Straums og tókst að koma á vinnufriði í bankanum.

## Sundrung í stað sameiningar

Sameining Straums og Burðaráss virtist í fyrstu vera í góðri sátt. Fljótlega fór þó að bera á pirringi Björgólfs Thors í garð Magnúsar Kristinssonar. Björgólfur felldi Magnús sem varaformann sem brást ókvæða við. Kristinn reyndi að miðla málum, en fljótlega var ljóst að útilokað var að frekara samstarf yrði milli Straumsmanna og Björgólfs. Björgólfi þótti Þórður Már of hallur undir Kristin og Magnús og rak hann á endanum. Þar með var mælirinn fullur hjá Magnúsi og Kristni. Þórður er laginn við að finna leiðir til að lenda stórum eignum og sá þegar tækifæri fyrir Jón Ásgeir í stöðunni sem myndi um leið losa Magnús og Kristinn úr óþægilegri minnihlutastöðu í Straumi. Fáir efast um að Þórður sé með fleira upp í erminni. Lokatakmarkið er ekki alveg ljóst enþá, en hann og Jón Ásgeir hafa án efa hugsað honum nýtt hlutverk síðar í ferlinu.

## Hönd á slíðruðum sverðum

Staðan núna er sú að Björgólfur hefur á sínum snærum meirihluta stjórnarinnar. Hins vegar er FL Group við borðið og það að Jón Ásgeir og Hannes setjist sjálfir í stjórnina sýnir að mati flestra að

þeim er full alvara með þessa eign. Jón Ásgeir og Björgólfur Thor hafa ekki unnið náð saman. Þeir voru saman í félagi eftir að Kaldbakur sameinaðist Burðarási. Svo farið sé frjállega með tímaeiningar, þá varði það samstarf í fimm mínútur. Það eru því ekki margir sem hafa trú á að samstarfið nú vari í lengri tíma. Fyrr eða síðar muni koma til einhvers konar uppskipta á Straumi. Báðir virðast í bili tilbúnir að takast á við verkefnið, en um leið viðbúnir því að það muni ekki ganga. Menn takast í hendur með slíðruð sverð, en aðra höndina á þeim.

Það sem liggur fyrir er að báðir þessir stóru fjárfestar hafa metnað til að vinna áfram með erlendar eignir Straums og auka verðmæti þeirra. Hitt er að báðir eru óhressir með framgöngu Lífeyrissjóðs verslunarmanna sem bauð stóran hlut til sölu í kjölfar eignabreytinganna. Sú ráðstöfun er talin runnin undan rifjum Viglundar Þorsteinssonar sem er fleinn í holdi Jóns Ásgeirs sem gengið hefur erfiðlega að losa sig við. Pirringur Jóns Ásgeirs í garð lífeyrissjóðsins liggur meðal annars í því að hann telur Viglund markvisst tryggja að sneitt sé í fjárfestingum sem hann komi nálægt.

## Tækifærin í fjármálakerfinu

Fleira hangir þó á spýtnu. Björgólfsfeðgar eru fyrir nokkru orðnir afhuga sameiningarhugmyndum Landsbankans og Glitnis. Björgólfur Thor skilgreinir sig sem fjárfesti sem fjárfesti til meðallangs tíma og leiti síðan útleiðar. Hann vill byggja Landsbankann áfram

upp og reyna svo að selja hlut sinn og kemur vart til greina annað en erlendum fjárfestir. Stærstu verkefni hans eru í fjarskiptum í eystri hluta Evrópu, auk þess sem hann hefur áhuga á að taka þátt í breytingu fjármálakerfis landa eins og Búlgaríu. Hugur hans er því að færast fjær Íslandi.

Öðru máli gegnir um Jón Ásgeir og Hannes. Því hefur verið lýst yfir að meðal þess sem FL Group horfi til sérstaklega séu fjárfestingar í fjármálakerfis landa eins og Búlgaríu. Hugur hans er því að færast fjær Íslandi. Öðru máli gegnir um Jón Ásgeir og Hannes. Því hefur verið lýst yfir að meðal þess sem FL Group horfi til sérstaklega séu fjárfestingar í fjármálakerfis landa eins og Búlgaríu. Hugur hans er því að færast fjær Íslandi.

Staðan sem nú er upp þar sem stórlaxar synda í Straumi er spennandi. Lognmolla og aðgerðaleyfi er líklega það síðasta sem von má eiga á í Straumi, eins og svo oft áður.



BJÖRGÓLFUR THOR

Áhugi hans á sameiningu Landsbankans og Glitnis er horfinn og hann sér takmarkaða möguleika á innlendum markaði.



JÓN ÁSGEIR OG HANNES SMÁRASON

Eru taldir áhugasamir um að sameina Landsbanka og Glitni. Lítil trú er á að samstarf þeirra við Björgólf verði í lygnum farvegi.



# Er sektin að buga þig?

## Umferðarlagabrot

*Of hraður akstur	kr.	70.000
Talað í farsíma	kr.	5.000
Ökuskírteinislaus	kr.	5.000
<b>samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>80.000</b>

\* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.

Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.



## Öflugri löggæsla á vegum landsins.

Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.



UMFERÐARSTOFA



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



VEGAGERÐIN



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



**FAGNAD OF SNEMMA** Juventus hefur verið svipt síðustu tveimur meistaratitlum sínum. Hér sést fyrirliðinn Alessandro Del Piero halda á bikarum sem liðið hlaut í vor eftir að hafa sigrað í Serie A. Del Piero er einn örfárra stjörnuleikmanna sem mun taka þátt í baráttu liðsins við að komast upp úr Serie B. Flestir sem fagna með honum á þessari mynd, m.a. Fabio Cannavaro fyrirliði ítalska landsliðsins, verða komnir í aðra búninga í haust.

# Harðir dómar boða siðbót á Ítalíu

Í fyrradag féll dómur í mesta hneykslismáli síðari tíma í knattspyrnuheiminum. Rof varð á hátíðarhöldum vegna heimsmeistaratitils Ítala og athyglin beindist að liðunum fjórum sem hlutu harðari refsingar en flestir áttu von á. Einar Logi Vignisson veltir hinum stranga dómi fyrir sér og skoðar þann jarðveg sem málið er sprottíð úr.

Hneykslismálið sem ýmist hefur verið kallað calciopoli eða Moggiopoli á Ítalíu er mesta áfall sem ítölsk knattspyrna hefur orðið fyrir. Það hvernig haldið hefur verið á málarekstrinum og harðir dómar yfir liðunum sem féllu í fyrradag eru þó vísir um að betri tíð sé framundan. Að ítölum takist loksins að taka til hjá sér og breyta hegðun eigenda knattspyrnuliðanna. Kjarni calciopoli-málsins er nefnilega ekki þau einstöku atvik sem liðið voru ákærð fyrir heldur langvarandi hegðunarmynstur sem er því miður ekki bara bundið við knattspyrnuna þar í landi heldur samfélagið almennt. Við gætum sagt það endurspeglar „andrúmið í samfélaginu“ eins og svo gjarnan var tekið til orða hér á landi í frægu upphlaupsmáli. Hina ofsafengnu umræðu og hörðu dóma verður að skilja í þessu samhengi, segja má að verið sé að gefa tóninn fyrir nýtt upphaf, nýtt siðferði. Jafnframt að refsliðunum og

stjórnendum þeirra fyrir að hafa verið slæmir strákar í mörg ár fremur en að kveða upp dóma út frá ákæruliðunum eingöngu.

## Hreinir fætur

Upphaf málsins á sér sömuleiðis flóknar sögulegar rætur. Það er villandi framsetning að rannsókninni hafi verið beint gegn Juventus, að grunur um spillingu hjá liðinu hafi hrundið rannsókninni af stað. Upp komst um athæfi Juventus fyrir tilviljun vegna rannsóknar á óskyldum málum. Fyrir hálfum öðrum áratug skáru Ítalir upp mikla herför gegn mafunni. Herferðin var nefnd hreinar hendur (mani puliti) og í stíl við hana hefur vorhreingerningin í fótboltanum að sjálfsögðu verið nefnd hreinir fætur (piedi puliti). Grunnurinn að árangri baráttunnar gegn mafunni var auknið sjálfstæði dómstóla og riflegar heimildir rannsóknardómara og saksóknara til sjálfstæðra rannsókna. Lögfróðir menn segja mér að óvída á Vesturlöndum hafi skrifstofur saksóknara

jafn mikið sjálfstæði og á Ítalíu og sem dæmi um víðtækt valdsvið þeirra er að sími Luciano Moggi var hleraður í heilt ár áður en ákærur voru gefnar út og var þó Moggi með hreint sakarvottorð og rannsóknin beindist í upphafi ekki að honum. Það voru rannsóknardómarar í Flórens og Napólí sem ýttu málinu af stað. Viðurnefning calciopoli og Moggiopoli eiga sér þá skýringu einmitt að rannsóknin hófst í Napólí auk þess sem Moggi er frá borginni. Calcio er ítalska heitið á knattspyrnu, merkir annars kalk og er tilvísun í að línurnar á leikvöllinum voru markaðar með kalki.

Það virðist öllum gleymt hvað þessir rannsóknaraðilar voru að rannsaka í upphafi og satt best að segja fer lítið fyrir því í umfjöllun um málið. Eingöngu hefur verið klifað á því að þeir hafi verið að rannsaka spillingarmál tengd knattspyrnunni og kveikjan eflaust verið áralangur vandræðagangur, óráðsía og spilling í kringum lið þessara borga. Óbeint tengdist líka

rannsókn saksóknara í Tórinó lyfjagjöf lækna Juventus um miðjan síðasta áratug sem kostaði nokkra leikmenn leikbönn á sínum tíma en þótti aldrei fullrannsakað. Einnig var rannsókuð ólögleg veðmálastarfsemi Camorra-mafunnar í Napólí. Bæði Napólí og Fiorentina hafa orðið gjaldþrota á undanförunum árum og þurft að hefja nýtt líf í neðstu deild undir nýjum heitum þótt gömlu nöfnin hafi reyndar fljótt verið tekin upp aftur. Nýir eigendur hafa ekki reynt miklir siðbótarmenn og legið undir áætlum um sitthvað misjafnt. Rannsóknaraðilarnir í Flórens og Napólí voru að kryfja málefni heimaliðanna hvorí sínu lagi en rannsóknir þeirra leiddu bæði teymin að sama stað. Þræðirnir lágu til umboðsmannsins Alessandro Moggi og þaðan til föður hans Luciano Moggi og þess lygilega vefs sem hann var búinn að spinna og festa tugi manna í.

## Fjölskylduskyldur fjötra

„Engir fjármunir hafa skipt um

hundur. Hver átti að hagnast á þessu?“ spurði Silvio Berlusconi sárreiður í vikunni forundrandi yfir ásökunum í garð síns heitelskaða liðs AC Milan. Þetta virðist rétt hjá Berlusconi, engar sannanir eru um að einhverjum hafi verið mótað og það er hálfgerð aukaatriði í málinu. Því er skondið að málið er iðulega nefnt mútu-hneyksli í íslenskum fjölmiðlum. Málið snýst ekki um Rolexúr eða að útvega dómurum gleðikonur eins og Moggi var ásaakaður um þegar hann stýrði Tórinó fyrir tæpum tuttugu árum. Það snýst hins vegar um hina séríðolsku samtryggingu og fyrirgreiðslu sem gegnsýrir allt samfélagið. Fjötrar sem Ítalir verða að losa sig úr fyrr en síðar ef þeir vilja að samfélagsgerð þeirra þróist í átt til þess sem tíðkast norðar í álfunni. Þótt Ítalir séu stoltir af fjölskyldugildum sínum þá eru þeir fyllilega meðvitadur um þessa staðreynd og meirihluti almennings vill sjá samfélagið færast í þessa átt. Það er hins vegar afar erfitt að breyta rótgrónum hugsunarhætti og aldagömlum hefðum. Ítalir hafa ævintýralega þörf fyrir að hafa traust öryggisnet fjölskyldu, ættingja, vana, vinnuveitenda og fólks í atvinnulífnum í kringum sig.

Eitt af því sem aðgreinir manninn frá flestum öðrum dýrategundum er sá langi tími sem afkvæmin þurfa skjól hjá foreldrum sínum. Það sem aðgreinir ítölsku afkvæmin frá afkvæmum annarra þjóða er að þessi tími er sérlega langur. Tveir af hverjum þremur ítölum búa enn í foreldrahúsum 27 ára gamlir. Ítalir fara helst ekki að heiman fyrr en námi er lokið og þeir hafa fengið trausta vinnu. Sömuleiðis stofna þeir ekki til hjúskapar fyrr en að loknum nokkrum árum á vinnumarkaði, hvað þá að þeir eignist börn enda fækkar ítölum meira en nokkurri annarri þjóð í veröldinni. Skyldurnar við fjölskylduna eru miklar.

## Hvað verður um leikmennina?

Dómurinn mun ekki hafa teljandi áhrif á leikmannamál AC Milan en mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir hin liðin Þrjú. Lazio og Fiorentina



standa það veikum fótum fjárhagslega fyrir að vistin í Serie B gæti reynst þeim þungbær. Í tilvikum Lazio gæti vistin jafnvel ríðið félaginu að fullu. Lazio á svo sem ekki marga stjörnuleikmenn og gæti haldið megninu af mannskapnum þótt Oddo, Liverani, Behrami o.fl. hverfi á braut. Fiorentina á fleiri stjórnur og í það minnsta hálfþyrjarnarliðið stekkur frá borði. Luca Toni er eftirsóttasti leikmaðurinn en Fiore, Jorgensen og Pazzini eru einnig of sterkir til að dvelja í Serie B. Kaupin á aumingja Adrian Mutu ganga svo að sjálfsögðu til baka, hvar sem hann nú endar. En það eru stjórnur Juventus sem flestir berjast um. Buffon, Cannavaro, Zambrotta, Emerson, Viera, Trezeguet og Ibrahimovic verða allir seldir. Fyrirliðinn Del Piero fer hvergi enda „bandiera“, tákngevingur félagsins og Juve þarf á slíkum mönnum að halda. Einhverjar fleiri stjórnur gætu orðið eftir, félagið þarf að halda andlitinu og tryggja sér skjóta endurkomu í efstu deild. Mögulegt er að skipt verði á leikmönnum, jafnvel reynt að lána einhverja leikmenn í eitt tímabil og beita öllum þeim hundakúnstum sem Ítalir kunna þótt konungur markaðarins, eins og Moggi var kallaður, sé horfinn á braut.

**SLEGIST UM ZLATAN** Inter, Real Madrid og Man. United auk fleiri liða eru sögð hafa áhuga á Zlatan Ibrahimovic.

Íslendingar eru frændræknir en okkar hefð er sú að frændsemi sé lofsverð fremur að hún sé skylda. Ég hef stundum að gamni mínu dregið upp einfaldaða mynd af þessum mun. Segjum að frænka mín utan af landi sé á leið til náms í höfuðstaðnum. Símtal frá föður hennar gæti verið á þessa leið. „Sæll frændi. Hún frænka þín er að byrja í háskólanum í haust. Ekki gætirðu aðstoðað hana við að finna íbúð?“ Ítalska símtalið væri miklu styttra: „Sæll frændi. Hún frænka þín er að byrja í háskólanum í haust.“ Undirliggjandi er að þú átt að útvega henni íbúð ef þú hreinlega hýsir hana ekki sjálfur. Alla-vega liggur boltinn alfarið hjá þér.

### Ólöglegt samráð

Einhverjum kann að þykja þetta heldur háspökilegt hjá mér og miklar málalengingar um hneyskli í fótboltaheiminum. En ég tel að málið verði lítt skiljanlegt nema að sá jarðvegur sem það sprettur úr sé skoðaður. Moggi lék snilldarlega hinn stranga fjölskylduföður sem ætlaðist til skilyrðislausrar hlýðni og fékk hana. Menn létu ýmislegt yfir sig ganga til að fá að vera með í selskapnum hans Moggi þótt það væri óljóst hvað menn fengju í staðinn. Moggi náði einfaldlega meiri völdum með beinum og óbeinum hætti en dæmi eru um í ítalskri knattspyrnu og menn tóku þátt í vitleysunni hvort sem þar hefur ráðið ötti, von um að þeim yrði launaður greiðinn síðar eða hreinlega tóm heimiska og aðgæsluleysi.

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu\*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÖKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYDARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellíusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLÍA  
\* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hörmungar heimsins

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FÆR SAMVIKUBIT ÚT AF BJÁNALEGUM ÁHYGGJUM



34.000 börn deyja í heiminum á dag vegna fátæktar. Þetta var sagt blákalt í fréttunum í fyrradag. Ég fékk sting í hjartað þegar ég heyrði þetta, fleiri börn deyja vegna fátæktar en vegna stríðs eða hamfara. Þarna sat ég í nýju íbúðinni minni horfandi á nýja flat-skjáinn minn og umkringd falletgu dóti. Fullur ísskápur af mat sem ég verð oft að henda í ruslið vegna þess að hann myglar áður en umbúðirnar hafa verið opnaðar. Ég fæ alltaf massíft samviskubít þegar ég geri það. Allar áhyggjur af reikningum og veðrinu virtust allt í einu svo bjánalegar að ég

hálfpartinn roðnaði fyrir framan sjónvarpið.

Ég fer ekki oft í bíó en þegar ég fer vil ég að kvikmyndin skilji eitthvað eftir sig. Heimildamyndir og sannsögulegar myndir eru í upphaldi vegna þess að þá er ég að læra eitthvað og fæ nánari sýn inn í heim þeirra sem minna mega sín. Maður hefur gott af því að minna sig á hversu gott það er að búa í velmegunarlandi þar sem hvorki er stríð né mikil fátækt. Að vera þakklátur fyrir það sem þú hefur fékk ég að læra ung að aldri.

Margir spyrja af hverju ég sé að horfa á þetta og taki allt svona nærri mér? Það er ekki eins og það sé eitthvað hægt að gera? Margir horfa á stríð og hungursneyð í


sjónvarpinu, finnst það alveg hræðilegt en standa svo bara upp og grafið. Eins og hestar með augnblöðkur sem sjá bara beinu brautina fram undan en ekki það sem er að gerast sér við hlið.

Ég held að við séum orðin svo svakalega vön því að sjá allar stríðshörmungarnar í fréttunum og bíomyndir með blóðúthellingum að við erum farin að rugla þessu tvennu saman. Eignum erfitt með að greina muninn á raunveruleikanum og leiknu efni. Ekki nógu gott og finnst mér að allir hafi gott af því að opna augun fyrir hörmungum heimsins og hætta að hafa áhyggjur af jafn bjánalegum hlutum og veðrinu.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000

22:05

Lokabáttur í kvöld



**Kl. 16.00**

Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari heldur stofutónleika á Gljúfrasteini í Mosfellssveit. Á efnisskránni er Partita nr. 1 í h-moll eftir Johann Sebastian Bach.

# menning

menning@frettabladid.is

## Starfsdagur í Laufási

Nú tímamaðurinn er þræll klukkunnar og margir hverjir kvarta stöðugt undan tímaleysi. Í dag geta gestir á prestsetrinu í Laufási í Eyjafirði kynnst gömlu handverki og starfsháttum, til dæmis því hversu langan tíma það tekur að útbúa smjörklípu og skyr. Dagskráin varir milli 13.30-17 en hún hefst með messu sr. Péturs Þórarinssonar og mun söngurinn hljóma út á túnið. Í Gamla bænum verður fólk að störfum og sýnir gamalt verklag, meðal annars við matargerð þar sem unnið er úr undirstöðu

Íslendinga fyrir á öldum, mjólkinni. Það aldrei að vita nema boðið verði upp á lummur hjá maddömmunni og gestir fá að smakka á góðgætinu. Á hlaðinu verður heyskapur í fullum gangi og hljóðfæraleikararnir Einar og Haukur spila ljúfa tónlist og mun hópur dansara stíga á stökk og sýna þjóðdansa klukkan 15.30. Minjasafnið í Laufási er opið alla daga frá 9-18 og þá er einnig hægt að nýta sér aðstöðu í nýopnaðri veitingasölu í gamla prestshúsinu.



PRESTSETRID Í LAUFÁSI Gestir geta kynnst horfnum starfsháttum í dag og fengið að smakka á lummum.

### > Ekki missa af...

harmonikufjóri á **Árbæjarsafni** í dag. Félagar úr harmonikufélaginu **Hljómi** munu leika við hvern sinn fingur á safnalóðinni og halda uppi **stemningunni** í allan dag.

myndlistarsýningu **Jónínu Magnúsdóttur, Ninnýjar**, sem sýnir abstrakt málverk á **Thorvaldsen bar** í Austurstræti 8, Reykjavík. Sýningin stendur til 11. ágúst.

singapúrka döffleikritinu **This Side Up** sem verður sýnt í Tjarnarbíói kl. 20.30 í kvöld. Sýningin er hluti af alþjóðlegri **döff-leiklistarhátíð** sem haldin var á Akureyri.

5 LISTAMENN Í GRÓTTU

**EI LAND**

OPIÐ Í DAG:  
**13.30 - 19.30**

EILANDSKAFFI ER OPIÐ  
Á SÝNINGARTÍMUM

[www.eiland.is](http://www.eiland.is)


**SJÓVÁ**

## Játningar leitandi sálar

Ágústínus kirkjufaðir gerði upp við glímu mannsandans við frjálsan vilja og þyrnum stráða leit sína að innri ró í Játningum sínum árið 400. Verkið, sem hefur haft ómæld áhrif á vestræna menningu, bættist nýlega í flokk Lærdómsrita Bókmenntafélagsins þegar það kom loks út í heild sinni í íslenskrri þýðingu Sigurbjörns Einarssonar biskups.

Játningar eru í grunninn sjálfsævisaga og þær áttu sér ekki hliðstæðu í bókmenntasögunni þegar Ágústínus skrifaði þær, þannig að þær eru því mikilvægt verk bæði í guðfræði- og bókmenntafræðilegum skilningi. Sigurbjörn Einarsson biskup þýddi verkið sem skiptist í 13 bækur. Fyrstu 9 bækurnar komu út í þýðingu Sigurbjörns árið 1962 en hafa verið illfánlegar um árabíl þannig að nýja útgáfan er löngu tímabær.

**Endalaus uppspretta hugleiðinga** Sigurbjörn lætur þess getið í inngangi sínum að nýju útgáfunni að í fjórum síðustu bókunum glími Ágústínus við „hungvægar spurningar um tilveruna og Guð hennar“. Þeim bókum er sleppt í mörg-



SR. GUNNAR KRISTJÁNSSON Segir sigild bókmenntaverk á borð við Játningarnar þurfa stöðuga umfjöllun enda séu þær endalaus uppspretta hugleiðinga og skoðanaskipta.

um útgáfum verksins og svo var einnig gert árið 1962. „Ég hafði þó gert drög að þýðingu á þeim einnig, sem lá ósnert í fórum mínum í áratugi. En mér fannst vangert við hinn mikla mann og reyndi síðar að bæta úr því. Árangur þeirrar tilraunar liggur hér fyrir.“

„Það er til mikill fengur að því að fá verkið gefið út í heild sinni,“ segir séra Gunnar Kristjánsson, sem hefur meðal annars kennt Játningarnar í námskeiðum við Háskóla Íslands. „Játningarnar eru mjög auðlesnar og þýðing Sigurbjörns afar vönduð. Gömul ritverk eins og Játningarnar bjóða upp á og kalla á sífella umfjöllun og eru ótæmandi brunnur nýrra hugsana. Eitt meginþema Játninganna er leit mannsins að sálarfriði og Ágústínus tekst á við það efni af mikilli þekkingu og djúpu innsæi.“

**Áhrifamesti kirkjufaðirinn** Ágústínus varð biskup í heimalandi sínu í Afríku árið 395 og það leið

ekki á löngu þar til kirkjan í allri Norður-Afríku fór að líta á hann sem sjálfsagðan leiðtoga sinn enda varð hann „kunnur um alla kristni sakir lærdóms, einurðar og andagiftar,“ eins og Sigurbjörn orðar það í innganginum.

„Ágústínus var einn áhrifamesti kirkjufaðirinn, lagði grunninn að kenningakerfi kirkjunnar, því hafði bókinn meiri áhrif en ella í tímans rás. Hann var mjög móttandi í mörgum undirstöðuatriðum trúarinnar og áhrif Játninganna á kaþólsku kirkjuna hafa verið gríðarleg,“ segir Gunnar og bætir því við að burtséð frá áhrifum bókarinnar á mótun kirkjunnar séu Játningarnar í flokki klassískra bókmenntaverka hins vestræna menningarheims og í því sambandi vegi ævisögulegi þátturinn þungt. „Þetta er öðru fremur sjálfsævisaga skrifuð sem játning. Ágústínus kafar ofan í eigið líf og gerir sér far um að hylja ekkert. Játningarnar eru að þessu leyti fyrirmynd

**SJÁLSTÆÐU LEIKHÚSIN**

**Tjarnarbíó**  
Sími 561 0250

Sun. 16/7 Kl. 20:30

*This Side Up*  
- Singapore

Miðaverð 2.000

[www.leikhopar.is](http://www.leikhopar.is)

**LUNGA**

**Á Seyðisfirði**  
17. – 23. júlí 2006

Listasmiðjur, opunarhátíð,  
alþjóðlegt piknikk, stuttmyndaveisla, hönnunarsýning,  
uppskeruhátíð, RISAtónlistarveisla og Todmobile ball.

Sjá [www.lunga.is](http://www.lunga.is)

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

**MR. SKALLA GRÍMSSON**  
Benedikt Erlingsson

**Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi**

Föstudag	14. júlí kl. 20	uppselt
Laugardag	15. júlí kl. 20	uppselt
Sunnudag	16. júlí kl. 15	aukasýning
Sunnudag	16. júlí kl. 20	ófrá sæti
Föstudag	21. júlí kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí kl. 20	laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tviréttaður matur, miði og fritt í göngin til baka í boði Landnámsseturs  
Frá kr. 4000 - 4800  
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600



ÁGÚSTÍNUS Hafði mikil áhrif á vestræna hugsun og mótun kaþólsku kirkjunnar með ævisögu sinni þar sem hann gerði einlægar játningar fyrir Guði og mönnum.

**allt**

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

**visir** NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

**Penetrator**

Miðar í síma 6990913  
Sýnt í Grandagördum 8

Verndingjar.blogspot.com

Glasilegur Penetrator! \*\*\*\* -DV  
Hvergi að finna veitkan punkt -Mbl.  
Sýning\*ven enginn stítt að missa af -Frbl.

Sun.	16. júlí kl. 21.00
Mið.	19. júlí kl. 21.00
Lei.	22. júlí kl. 21.00
Sun.	23. júlí kl. 21.00

**Footloose**

14. júlí - uppselt  
15. júlí - laus sæti  
20. júlí - uppselt  
21. júlí - laus sæti  
27 júlí - laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000  
[www.borgartelekhus.is](http://www.borgartelekhus.is)  
[www.matsustikur.is/footloose](http://www.matsustikur.is/footloose)



# Listin til bjargar Valgerði

Vegfarendum við Tjörnina bauðst fyrr í vikunni að læra sitthvað gagnlegt um skyndihjálpi þegar félagar úr listhópnum Rannsóknarsviði íslenskrar Þjóðmenningar tóku sig til og sýndu hvernig bjarga mátti Valgerði Sverrisdóttur, núverandi utanríkisráðherra, frá drukknun. „Hugmyndin að þessu verki er sú að snúa á hvolf þessu slagorði „Drekkjum Valgerði, ekki landinu“ og bókstaflega verja Valgerði í staðinn,“ útskýrir Árni Kristjánsson sem tók þátt í kennslunni og er hugmyndasmiður hennar.

„Eins og hún benti klárlega á sjálf þá er hættu á ferðum ef einhver ætlar sér að drekkja henni. Því er meira en sjálfsagt að ganga í



ÁRNI KRISTJÁNSSON OG KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

það að fræða vegfarendur um sundkennslu og hvernig fólk ber að haga sér ef svo færi að menn skyldu nú taka upp á því að drekkja henni,“ segir Árni.

„Þetta gekk mjög vel. Reyndar varð einn vegfarandi mjög reiður og ætlaði að rifast við okkur því hann taldi að Valgerður hefði ekki staðið sig nógu vel í ríkisstjórninni til þess að eiga björgun skilið. Persónulega vil ég halda hálendinu en það er lítið fengið með því að drekkja stjórnmalamönnum.“

Hópurinn starfar í sumar á vegum Hins hússins og Reykjavíkurborgar en í ágúst mánuði tekur hann ásamt fleirum þátt í listahátíðinni Art Fart sem haldin verður í húsi Ó. Johnson og Kaaber. - khh

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

13 14 15 16 17 18 19

### Sunnudagur

#### TÓNLEIKAR

- 16.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari heldur stofutónleika á **Gjúfrasteini**. A efnisskránni er Partita nr. 1 í h-moll eftir **Johann Sebastian Bach**.
- 20.00 Kóreski orgelleikarinn **Ji-Youn Han** leikur á vegum Alþjóðlegs orgelsumars í **Hallgrímskirkju**.
- 20.00 Norski harmonikuleikarinn **Ottar Johansen** leikur í **Norræna húsinu** ásamt danska gítarleikaranum **Ivar Th. Dagenborg**. Þeir félagar leika sigildar dægurperlur og léttu klassíska tónlist.
- 20.30 **Freyr Sigurjónsson, Hlíf Sigurjónsdóttir, Anna Áslaug**

**Ragnarsdóttir og Iwona og Jerzy Andrzejczak** leika á sumartónleikum í **Sigurjónssafni** í Lauganesi.

#### UPPÁKOMUR

- Starfsdagur í **Gamla bænum í Laufási** við Eyjafjörð milli kl. 13.30-17. **Sr. Pétur Þórarinnsson** messar. Á hlaðinu verður heyskapur í fullum gangi og hljóðfæraleikararnir Einar og Haukur spila ljúfa tónlist og einnig verður boðið upp á lummur. Danshópur svífur um hlaðið og sýnir Þjóðdansa kl. 15.30. Þátttakendur í starfsdeginum í Laufási eru félagar úr Laufáshópnum auk fjölda annarra sjálfboðaliða.

#### LEIKLIST

- Döflefikritið **This Side Up** frá Singapur verður sýnt í **Tjarnarbiói**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# LATÓ HAGKERFIÐ

## Þú færð Lató seðlana í Glitni

### Hvernig virkar LATÓ hagkerfið?

Í hvert skipti sem börn **11 ára og yngri** leggja peninga inn á **Framtíðarreikning Glitnis\*** fá þau afhent **1000 Lató**. Fyrir Latóseðlana sína geta þau keypt ýmsar vörur og þjónustu sem tengjast hollustu og hreyfingu.

Þú leggur peningana þína inn...

...á Framtíðarreikning í Glitni...

...og þú færð LATÓ seðla í staðinn

[www.glitnir.is/latibaer](http://www.glitnir.is/latibaer)

\*að lágmarki 2000 kr.

**Hagkerfið er opið frá 1. júlí til 19. ágúst.**

ævisagna af þessu tagi. Hann afhjúpar sig frammi fyrir lesandnum og reynir að gera það af einlægni – og um leið frammi fyrir Guði. Þetta er meginstyrkur Játninganna; Ágústínus er ekkert að sýnast, hvorki frammi fyrir Guði eða mönnum.“

#### Leitin endar hjá Guði

Ágústínus hafði snúist til kristinnar trúar fjórtán árum áður en hann færði Játningarnar í letur eftir mikla leit sem hann lýsir í verkinu. Kjarninn í boðskap hans og helsta niðurstaða er sú að hjarta mannsins er órött, uns það hvílist í Guði.

Ágústínus leitaði víða fanga og aðhylltist ýmsar heimspekistefnur áður en hann fann ró í kristinni trú. Rómverski ræðuskörungurinn Cicero ýtti til dæmis við honum með einu rita sinna þar sem hann hvatti til þess að fólk leitaði vitsmunalegrar svölunar og andlegs þroska frekar en að sækjast eftir nautnum og frama sem aldrei gætu veitt mannlegum anda fullnægju. Gunnar Kristjánsson segir það afar gagnlegt að fá þessa innsýn í leit Ágústínusar og sjá hvaða kenningum hann kynntist áður en hann fann lausnina í Guði þar sem allar þessar eldri hugmyndir hafi áhrif á guðfræði hans.

Glíma Ágústínusar við hinn frjálsa vilja sem lætur oft illa að stjórn og leiðir fólk inn á rangar brautir er ansi áhrifarík og í fullu gildi enn þann dag í dag þó Játningarnar séu 16 alda gamlar en eins og Sigurbjörn bendir á í formála þýðingar sinnar á Játningunum lifir það eitt þannig „sem er sammanlegt, en vísar jafnframt út fyrir mannleg mörk“. En þar fann Ágústínus einmitt þá ró sem hann sóttist eftir.

## Finnst að sér vegið

South Park-þáttur þar sem gert er grín að Tom Cruise og vísindakirkjunni verður sýndur ytra seinna í mánuðinum, en hætt var við endursýningu þáttarins skyndilega í mars. Comedy Central-sjónvarpsstöðin sem sýnir þættina neitaði að hafa hætt við að sýna þáttinn vegna kvartana Toms Cruise. Comedy Central er í eigu sömu aðila og eiga Paramount-kvikmyndafyrirtækið sem gerði Mission Impossible III og orðrómur var um að Tom hefði hótad að taka ekki þátt í kynningum á myndinni ef þátturinn yrði sýndur. Leikarinn hefur afneitað sögu-sögunum. Annar vísindakirkjumaður sem hefur komið við sögu í þáttunum, Isaac Hayes sem talaði



**TOM CRUISE** Mission Impossible III var frumsýnd í Tókýó í lok júní og var Cruise viðstaddur frumsýninguna.

fyrir Chef, hætti að vinna við South Park í mars vegna þess að hann taldi að efni í þættinum, Trapped in the Closet, væri móðgun við vísindakirkjuna.

## Vonast til að opna í ágúst

Í verslun Pennans-Eymundssonar í Austurstræti mun nýtt kaffihús opna bráðlega. Stór glerskálir nú ofan á húsinu sem mun tengjast stórrí verönd og garði fyrir utan. Framkvæmdir hafa tafist nokkuð síðustu mánuði því upphaflega stóð til að opna kaffihúsið í kringum 17. júní. „Glerskálarnar munu koma hérna ofan á íslenskudeildina hjá okkur. Ég er vona að þetta verði tilbúið í byrjun ágúst, allavega ekki seinna en um miðjan ágúst,“ segir Þórunn Sigurðardóttir verslunarstjóri. „Framkvæmdir töfðust vegna þess að járngrindin og fleira sem var pantað að utan kom ekki til landsins á réttum tíma. Núna er grindin komin og þeir geta því byrjað að glerja fljótlega. Það á



**KAFFIHÚS** Framkvæmdir eru á fullu við kaffihús Pennans-Eymundssonar.

reyndar eftir að saga út úr húsinu báðum megin en það verður gert fljótlega. Við erum líka að láta smíða innréttinguna núna, svo þetta verður alveg glæsilegt.“

-vör

## Lætur aftur í minni pokann fyrir Jolie

Enn og aftur tapar Jennifer Aniston fyrir leikkonunni Angelínu Jolie. Ekki nóg með að Jolie hafi stolið af henni eiginmanninum heldur er hún líka búin að taka frá henni hlutverk sem Aniston vonaðist eftir að mundi skila sér Óskarsverðlaunum. Um er að ræða mynd sem útgáfufyrirtæki Pitts og Aniston, Plan B, keypti réttinn að og fjallar um blaðamanninn David Pearl sem var rændur og myrtur í Pakistan. Myndin nefnist A Mighty Heart og er byggð á bók eftir eiginkonu Pearl, Marianne Pearl. Brad Pitt fékk fyrirtækið í sinn hlut þegar hjónin skildu og hefur því Aniston ekkert um málið að segja lengur.

Aniston mun vera mjög fúl yfir að hafa misst af hlutverki eiginkonu blaðamannsins en þetta verður fyrsta hlutverk Jolie eftir að



**JENNIFER ANISTON** Er ekki sátt þessa dagana eftir að Angelína Jolie fékk hlutverkið sem hún girntist.

hún eignaðist sitt fyrsta barn með Brad Pitt.

## Vinnuskólinn skemmtir sér

Krakkarnir í Vinnuskólanum í Reykjavík slepptu hrifunum á fimmtudaginn og fjölmenntu á miðsumarsmót. Um 2.000 krakkar tóku þátt í hátíðarhöldunum sem voru með óhefðbundnara sniði en undanfarin ár því gengið var frá Örfirisey út í Nauthólsvík með viðkomu í Ráðhúsinu þar sem krakkarnir heilsuðu upp á borgarstjórnann. Í Nauthólsvík var farið í reipit og hljómsveitin Jakobínarína steig á svið sem og leikarar í Footloose. Krakkarnir virtust þó vera spenntastir fyrir veitingunum sem boðið var upp á á ylströndinni og voru afar ánægðir með vinnudaginn sem fór í hátíðarhöld í stað arfatínslu. Yngstu krakkar vinnuskólans hafa nú lokið vinnu sinni en eldri krakkarnir fá að munda hrifurnar lengur og halda eigin uppskeruhátíð í ágúst þegar vinnu þeirra lýkur.



**FLOTTIR STRÁKAR** Allir vinnuhóparnir klæddu sig upp í tilefni dagsins og þessir drengir voru sérlega flottir með rauð ennisbönd, augnmálingu og lítað hár.



**PÍTSUKYNSLÓÐIN** Krökkunum var boðið upp á pítsur í Nauthólsvíkinni sem þeir kunnu svo sannarlega vel að meta enda hefur þessi aldurshópur stundum verið kallaður pítsukynslóðin.



**FRÍDAGUR** Það er gaman að vera ungur og ástfanginn. Þessi tvö kunnu svo sannarlega að slaka á og njóta þess að þurfa ekki að vera að reyta arfa.



**GLEÐIROKK** Hljómsveitin Jakobínarína skemmti krökkunum með gleðirokki en sveitin hefur helst unnið sér það til frægðar að vinna Músiktilraunir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HAUSTLEGUR** Yngstu krakkar vinnuskólans fá ekki meiri vinnu í ár en hinir eldri halda eitthvað áfram. Ekki er vítað hvorum hópnum þessi piltur tilheyrir en hann var skælbrosandi á miðsumarmótinu með ótal freknur enda verður maður útitekinn af því að vinna í Vinnuskólanum.

## James Blunt ástfanginn

Söngvarinn og hjartaknúsarinn James Blunt hefur nú fundið ástina, kvenþjóð heimsins til mikils ama. Hann mun vera byrjaður með ofurfyrirsætunni Petru Nemačova sem komst í heimspressuna árið 2004 þegar hún missti unnusta sinn í flóðbylgjunni í Taílandi. Nemačova er frá Tékklandi og gaf út yfirlýsingu við tékkneska sjónvarpið þess efnis að hún væri ástfangin upp fyrir haus og að Blunt væri gull af manni. Söngvarinn er mjög heitur

þessa stundina og var Paris Hilton að gera hosur sínar grænar fyrir honum í London á dögum. Samkvæmt breska blaðinu The Sun fóru þau saman út að borða eitt kvöldið.

**JAMES BLUNT** Er víst genginn út og sú heppna er fyrirsætun Petra Nemačova. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES





**UMSÓKNARFRESTUR**  
FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2006-2007  
RENNUR ÚT 25. JÚLÍ



LJÓSMYNDASKÓLI SISSU  
WWW.LJOSMYNDASKOLINN.IS, Sími: 562 0623



Guðni Gunnarsson frumkvöðull í ropeyoga sigldi í strand á Íslandi en flutti þá vestur um haf til Kaliforníu, fann sinn rétta farveg og er nú jógaþjálfari bandarískra kvikmyndastjarnanna og þjálfaði m.a. hinn nýja Superman. Sirrý fylgist með Guðna í starfi og heilsað er upp á hinn nýja Superman í þjálfun hjá Guðna.

# ÖRLAGADAGUR JÓGAKENNARA SUPERMAN

Misstu ekki af Sirrý á NFS og Stöð 2 í kvöld kl. 19.10 – í opinni dagskrá.

Endursýndur á NFS á þriðjudags- og föstudagskvöldum kl. 20.10 og á Stöð 2 á laugardögum kl. 16.55.



digital ísland



Skjárinn

Breiðband Símans

**Nýtt íþró**

**FRÁ HÖFUNDI BRING IT ON**  
ÖVANTASTA KYNPOKKAFYLSTA OG SKEMMTILEGASTA GRINMYND ARSINS

**Jeff Bridges**  
**stick it**  
Daily and Conquer

**SCHNEIDER SPALDE HEDDEN**  
Frá leikstjóra Big Daddy og Happy Gilmore kemur sumarsmellurinn í ár!  
3 fullorðnir ættu að geta unnið hrottana í hverfinu...eða hvað?  
Sprenglæglig grinnmynd með Íslandsvininum Rob Schneider úr Deuce Bigalow og John Heiler úr Napoleon Dynamite!

**400 kr. kl. 3**  
Regnbogannum

**ADAM SANDLER**  
**CLICK**  
Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.  
ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í GAMANMYND ARSINS

**DA VINCI CODE** 50.000 MANNS

**BANDITAS**

**TOKYO DRIFT**

**Fjölskyldutilboð - 400 kr. á myndir merktar með rauðu**

**Með íslensku tali** **Allra síðustu sýningar**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

STICK IT	kl. 5, 40, 8 og 10, 20
CLICK	kl. 5, 30, 8 og 10, 30 B.L. 10 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 3, 5, 30, 8 og 10, 30
THE BENCHWARMERS	kl. 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
JUST MY LUCK	kl. 2 og 4 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar
ÍSÖLD 2 M.ÍSL. TALI	kl. 2 og 4 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar
R.V.	kl. 2 og 4 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar
RAUÐHETTA M.ÍSL. TALI	kl. 2 og 4 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar

**REGNBOGINN** Sími 551 9000

STICK IT	kl. 5, 40, 8 og 10, 20
THE BENCHWARMERS	kl. 3, 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 5, 30, 8 og 10, 30 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
ÍSÖLD 2 M.ÍSL. TALI	kl. 3 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar
X-MEN 3	kl. 3 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar
RAUÐHETTA M.ÍSL. TALI	kl. 3 - <b>400 kr.</b> Síðustu sýningar

**BORGARBÍÓ** Sími 462 3500

THE BENCHWARMERS	kl. 4 - <b>400 kr.</b> B.L. 10 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 6 og 8 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 4 - <b>400 kr.</b> B.L. 10 ÁRA
BANDITAS	kl. 6 og 8 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 10 B.L. 10 ÁRA
THE FAST & THE FURIOUS	kl. 10 B.L. 12 ÁRA

Dolby SDDS Digital Surround THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

**LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

SVAKALEGASTA HRÖLLVEKJA ARSINS

ÁTTA FÖRNARLÖMB  
EINN GEDSJÚKUR FJÖLDAMORDINGI  
HVER MUN LIFA NÓTTINA AF

**SEE NO EVIL**  
ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVEMA

Sýnd kl. 6, 8 og 10 STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA

**hvað ef þú ættir fjarstýringu... sem gæti stýrt lífi þínu?**

**ADAM SANDLER**  
**CLICK**  
Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10:15

**THE FAST & THE FURIOUS: TOKYO DRIFT**  
Sýnd kl. 6, 8 og 10:15 B.L. 12

**FJÖLSKYLDUDAGAR - 400 KR. Í BÍÓ**  
GILDIR Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

# Heimsreisa Who

Hljómsveitin The Who er þessa dagana að leggja upp í alheimstónleikaferð, þá fyrstu í tuttugu ár. Upprunalegu hljómsveitarmeðlimirnir Pete Townshend og Roger Daltrey hafa meðal annars fengið til liðs við sig Oasis-trommuleikarann Zak Starkey og Simon Townshend, bróður Pete.

Tónleikaferðinni er ætlað að fylgja eftir nýrri breiðskífu hljómsveitarinnar, sem verður sú fyrsta í 24 ár. „Ég hef aldrei verið svona spennur fyrir tónleikaferð, mér líður frábærlega og ég ætla mér að rokka af fullum krafti,“ sagði Pete Townshend á heimasíðu hljómsveitarinnar.

Hljómsveitin er nú á ferðalagi um Evrópu en mun í lok sumars spila víðs vegar um Bandaríkin og Kanada.



PETE TOWNSHEND Forspraki The Who segist reiðubúinn til að rokka.



KORSELETT Ljósín setja skemmtilegan svip á heildarmynd verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Lífstykki sem lýsa

Lífstykkiabúðin hefur nú flutt sig um set á Laugaveginum og opnaði búðin á horni Laugavegs og Barónsstígs á dögunum. Einstök loftljós í búðinni hafa vakið mikla athygli en það eru lampaskermer gerðir úr lífstykkjum, sem á vel við hæfi í þessari búð. Hönnuður ljósanna er Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir og segir hún að hugmyndin hafi komið út frá því að uppbyggingin á lampaskermerum sé hin sama og á lífstykkjum.



FALLEG BIRTA Skemmtileg ljós með heitri birtu sem hangir yfir máttunarklefa búðarinnar.



RÓMANTÍSKT Yfir afgreiðsluborðinu í búðinni hangir eitt ljósanna.

**Fjölskyldutilboð**

**Aðeins 400 kr. á þessar myndir í dag!**

**Með íslensku tali** **Allra síðustu sýningar**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

RAUÐHETTA	kl. 2 og 4 í Smárabíói kl. 3 í Regnbogannum
ÍSÖLD	kl. 2 og 4 í Smárabíói kl. 3 í Regnbogannum
R.V.	kl. 2 og 4 í Smárabíói
JUST MY LUCK	kl. 2 og 4 í Smárabíói

**REGNBOGINN** **SMÁRA BÍÓ**

**TILBOÐS BÍÓ** **LAUGARÁS BÍÓ** **ÖDYRT Í BÍÓ KR. 400**

**SYND KL. 2 og 4**

**hvað ef þú ættir fjarstýringu... sem gæti stýrt lífi þínu?**

**ADAM SANDLER**  
**CLICK**  
400 kr.

**RAUÐHETTA**  
400 kr. **SYND KL. 2 og 4**  
ISLENSKT TAL

**Skrolla og Skemma Á SALTKRÁKU**  
400 kr. **SYND KL. 4**  
ISLENSKT TAL

**ÍSÖLD**  
400 kr. **SYND KL. 2**  
ISLENSKT TAL

**FJÖLSKYLDUDAGAR - 400 KR. Í BÍÓ**

# Engin vandamál

Anna Kournikova segist ekki þjást af lystarstoli þrátt fyrir að hafa grennt sig mikið eftir að tennisferlinum lauk vegna meiðsla í baki árið 2003. Anna segir ástæðuna fyrir þyngdartapinu vera að hún æfi ekki íþróttir lengur í sex tíma á dag líkt og hún gerði í 15 ár þar á undan. „Það eru þrjú ár síðan ég hætti að spila tennis og líkami minn hefur breyst, ég er náttúrulega grönn og ég á ekki við neitt vandamál að stríða,“ sagði hún.

ANNA KOURNIKOVA Hætti að spila tennis fyrir þremur árum.





Mesta ofurmenni heims hefur snúið aftur.

★★★★★  
KJÓ TOPPJA  
★★★★★  
HIN ALRA BESTA MYND ÁRSINS, NÝJAN TUNDRUM KOMINN Í HÖP HEIÐRA FREMSTU  
★★★★★  
M.M.L. EVENTHOUSE.COM

**SUPERMAN RETURNS**

LANBÍÓIN KINÉLÍNINN ER DÍNÁ  
ITAFRANNA / DIGÍTAL BÍÓIN Á ÍSLANDI

vince vaughn      jennifer aniston

**the break-up**

taktu afskiðu!



**ÁLFABAKKA**

SUPERMAN RETURNS	KL. 12:40-1:40-3:50-4:50-7-8	B.I. 10
SUPERMAN RETURNS VIP	KL. 1:40-4:50-8-11:10	
THE BREAK UP	KL. 3:50-6-8-8:15-10:20-10:30	B.I. 12
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 8-10:20	
BÍLAR ísl. tal	KL. 12:30-1-3-5:30	
CARS enskt tal	KL. 1-3:30	
SHE 'S THE MAN	KL. 6	

**KRINGLUNNI**

* SUPERMAN RETURNS	KL. 1-2-4-6-8-10-11:10	B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 8:20-10:30	
BÍLAR ísl. tal	KL. 1-3:30-6	

\*SYNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ

**KEFLAVÍK**

SUPERMAN RETURNS	KL. 2-5-8-11	B.I. 10
FAST & THE FURIOUS 3	KL. 5	
THE LAKE HOUSE	KL. 8-10:10	
BÍLAR	KL. 2	

**AKUREYRI**

SUPERMAN RETURNS	KL. 2-5-8-11	B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 8-10:10	
BÍLAR ísl. tal	KL. 2-5	

**HÁSKÓLABÍÓ**

SUPERMAN RETURNS	KL. 2:50-5:50-9-10:40	B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 3:45-6-8:15-10:40	
THE LAKE HOUSE	KL. 3:45-6-8:15-10:30	
CARS enskt tal	KL. 8:15	
BÍLAR ísl. tal	KL. 3:30-5:50	
KEEPING MUM	KL. 3:45-6-8:15	B.I. 12
POSEIDON	KL. 10:30	B.I. 14

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900      www.sambioin.is      HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

## FRÉTTIR AF FÓLKI

R&B stjarnan **Usher** mun þreyta frumraun sína á Broadway í söngleiknum Chicago. Hann mun leika hlutverk lögmansins Billy Flynn sem Richard Gere og David Hasselhoff léku áður. „Ég hef alltaf dáðst að Broadway-leikurum fyrir sviðshæfileikana, úthald og einbeitingu sem fer í sýningar á hverju kvöldi,” sagði Usher. Brooke Shields og Melanie Griffith leika önnur hlutverk í söngleiknum.

**Beyoncé Knowles** upplýsti á dögunum að hún og faðir hennar, sem er jafnframt umboðsmaður hljómsveitarinnar Destiny's Child, hafi ríft mikið í gegnum tíðina. „Það tók dálítinn tíma fyrir mig og föður minn að skilja hvort annað. Þegar ég var átján og byrjaði að skipta mér meira af viðskiptahlöðinni fékk hann hálfgerf áfall og síðan þá höfum við oft átt í erjum,” sagði Beyoncé í viðtali við MTV. „Ég sagði nei við einhverju en hann gerði hlutina samt.” Um samband sitt við Jay-Z segir hún að það sé mjög auðvelt. „Við virðum hvort annað og ef ég er með einhverjar uppástungur virðir hann þær. Þetta er bara svo auðvelt. Og skemmtilegt,” sagði hún.

Nýjasta upptökin í skilnaðarmáli **Pauls McCartney** og **Heather Mills** er upptaka af samtali þar sem dóttir Paul, Stella McCartney, skammast út í Heather í samtali við föður sinn. Upptakan komst í hendur Heather og er nú orðin málsgagn. Stella og Heather hafa aldrei verið mestu mátar enda hefur afar sjaldan fengist mynd af þeim saman. Málsaðilar mega ekki ræða upptökuna en víst er að það sem sagt er á henni hlýtur að vera eldfimt.



## Með hníf og gaffli

> Þráinn Bertelsson

## Gamalt

Það er varla hægt að ímynda sér betri stað fyrir veitingahús en í húsaröðinni á Bernhöftstorfu sem blasir við frá Lækjargötu og Lækjartorgi, og þar trónir Lækjarsveikna við sjálft Bankastræti þar sem sérhver sál sem kemur til Reykjavíkur leggur leið sína.

Lækjarsveikna er í þjóðbraut, í gömlu húsi sem hefur verið gert upp af natni, þarna mætast fortíð og nútíð með gagnkvæmri virðingu, þjóðlegar áherslur á hræfnisval og umhverfi, nútímalegar áherslur í eldamennsku.

Á stórum (um 30 forréttir og aðalréttir) og fjölbreyttum matsæðli er boðið upp á „íslenskar veislur”, þríreittaðar máltíðir sem kosta 5.170 kr. á mann (kjötmáltíð) og 4.740 kr. (sjávarfang). Sælkeraveisla kostar 6.240.

Lækjarsveikna er greinilega vinsæll staður. Hvert borð var skipað. Gestahópurinn var blandaður. Ungir og gamlir. Frá næstu borðum heyrðum við glefsur úr samræðum á finnsku, ítölsku, ensku – og íslensku.

Þjónustan var einstaklega lipur og í senn fagmannleg og vinsamleg og forréttirnir létu ekki á

sér standa:

Steiktur hörpuðiskur og skelfisk-flan með ætíþistlum og appelsínueggersmjóri, 1.820 kr., fallega fram borinn og prýðilegur réttur; og svo úrval fjögurra forréttta á 1.970 kr. Þar bar af hreindýra-carpaccio – sem var svo gott að ég sá eftir að hafa ekki pantað það eingöngu.

Í aðalrétt pantaði borðdaman tortelli-pasta fyllt með kóngasveppum og humarhöllum í hvítlaussósu, 2.950 kr. og undirritaður steiktur kálfalundur með svartrótar-flani, kryddsteiktum fíkjum og estragonsósu á 4.230 kr.

Pasta-rétturinn var ljómandi góður og sama má segja um kálfalundirnar, en það er furdulegt að kálfakjöt skuli ekki prýða fleiri matsæðla en raun ber vitni. Estragonsósan og svartrótar-flanið gældu við bragðlaukana og hinar kryddsteiktu fíkjur voru snildar góð hugmynd til að fullkomna góðan rétt.

Eftirréttirnir voru sígildir ís og ávextir á 960 kr. (ég stenst eiginlega aldrei þá freistingu að fá mér ís í eftirrétt) og svo kom skemmtileg hugdatta: vanilla-íllmaður rabarbari með mascarpone-kremi og karamellusósu á 1.160 kr.

Drykkjaföng voru tvö glös af víni hússins handa dömunni og Chat-eau de Gvendarbrunnur handa herranum, og svo lauk máltíðinni með góðu kaffi.



LÆKJARBREKKA, BANKASTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK

Máltíð fyrir tvö á Lækjarsveiknu kostaði 14.730 kr.

Plúsarnir eru notalegt umhverfi í fallegu, gömlu húsi; góð þjónusta og mjög vel frambærileg matreiðsla – og síðast en ekki síst þökkalega stórir matarskammtar handa göngumóðum ferðamönnum.

Minusarnir eru fyrst og fremst að þótt Lækjarsveikna sé prýðilegur veitingastaður er verðlagningin dálítið yfirspennt!

## Bikiníráð Hurley

Bikinítíminn er nú runninn upp og eflaust eru margar konur að leita að undraráðum til að líta sem best út í sólarlandferðinni. Breska fyrirsætta Elizabeth Hurley er í góðu formi þrátt fyrir að hún sé orðin 41 árs og hún gaf á dögunum nokkur ráð til að bæta útlitið á ströndinni.

1. „Allar konur líta betur út í bikiníboxum sem eru svolítið hátt skornar,” sagði Elizabeth og benti á að toppar sem eru bundnir á bak við hálsinn eru flottir fyrir lítil brjóst. 2. Brúnkukrem, háreyðing og naglasnyrting er ómissandi. „Ekki birtast á ströndinni með loðna leggi, þurra húð, illa litaðar rætur í hársverði og brotnar neglur,” sagði Liz. 3. Fyrirsætta mælti með því að gera eins margar maga-æfingar og hægt er á hverjum degi í viku fyrir fríð og bætti við:



ELIZABETH HURLEY Fyrirsætta tekur sig alltaf vel út í bikiníinu en hún á einnig eigið sundfatamerki.

„Reyndu að standast allan skyndibitamat og snarl milli mála.“ 4. Slæður bundnar um mittið eru mjög hentugar á ströndina. „Þú munt líta vel út og hefur snyrtilega tekið magann, rassinn og lærin úr sviðsljósinu.“



**9. HVER VINNURI!**

**SUPERMAN RETURNS**

SENDU SMS SKEYTIÐ JA SMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO. VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO \* DVD MYNDIR TÖLVULEIKIR VARNINGUR TENGÐUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA

SAMBÍÓIN      Háskólabíó      Háskólabíó

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.



### Frítt á völlum í kvöld

Actavis, aðalstyrktaraðili FH, býður frítt á leik liðsins gegn Val í Landsbankadeild karla í kvöld en leikurinn hefst klukkan 20 á Kaplakrikavelli.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 MÆÐ EYJÓLFI HÉÐINSSYNI

## SEKÚNDUR

Árbærinn eða Breiðholtið? Breiðholtið.

Tína rusl eða slá gras? Slá rusl.

Uppáhaldsskemmtistaður? Sturtan í klefanum okkar.

Besti staður í heimi? Sturtan í Fylkis-klefanum.

Fylkir er... næstbesta lið á Íslandi eins og er.

Að vera með svín framan á sér er... móðins.

Leifur er... með munninn fyrir neðan nefið.

Hver er seinastur á æfingar? Jón B. Hermannsson á það skuldlaust.

Snúður með karamellu eða súkkulaði? Klárlega karamellu.

Hver er besti leikmaður heims? Andrea Pirlo.

Ef ekki fótbolti þá... almenn verkamannastörf.

Neighbours eða Bold and the Beautiful? Hvorugt, Leiðarljós.

Justin eða Metallica? Justin.

Hvar endar Fylkir? Ofarlega.

### > Ísland tapaði aftur

Íslenska U20 landsliðið í körfubolta tapaði fyrir liði Georgíu 89-80 í B-deild Evrópumóts í Lissabon í Portúgal í gær. Jóhann Árni Ólafsson úr Njarðvík skoraði 27 stig fyrir íslenska liðið í gær en Pavel Ermolinskij var með 23 stig. Alexander Dungal skoraði fjórtán stig og Kristján Sigurðsson níu. Íslensku strákarnir hafa nú tapað tveimur fyrstu leikjum sínum á mótinu og eru líklega ákveðin í að ná langþráðum sigri þegar þeir leika gegn Finnlandi í dag. Einar Árni Jóhannsson þjálfar U20 landsliðið.



MAGRÉT LÁRA Er með U21 landsliðinu í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## U21 landslið kvenna: Leikið gegn Noregi í dag

**FÓTBOLTI** Íslenska U21 landslið kvenna er nú í Noregi þar sem það tekur þátt í Norðurlandamóti U21 kvenna. Leikið er í Stavanger og eiga stelpurnar sinn fyrsta leik í dag þegar þær takast á við stóllur sínar frá Noregi. Annar leikur liðsins er svo á þriðjudaginn þegar leikið verður við Bandaríkin og svo verður leikið gegn Dönum á fimmtudag. Á laugardag verður svo leikið um sæti á mótinu.

Elísabet Gunnarsdóttir er þjálfari liðsins en hún er með átján manna leikmannahóp með sér. Fimm eldri leikmenn mega vera í hópnum en hjá Íslandi eru það Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir úr Breiðabliki, Hólmfríður Magnúsdóttir úr KR, Ásta Árnadóttir og Málfríður Erna Sigurðardóttir úr Val og Erla Steina Arnadóttir úr Mallbacken sem eru eldri. Sú síðastnefnda er einnig sú eina í hópnum sem leikur erlendis. - egm



INDRIÐI Er á förum frá Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

## Indriði Sigurðsson: Æfir nú með Ipswich

**FÓTBOLTI** Indriði Sigurðsson flakkar nú á milli liða á Englandi í leit að næsta áfangastað en hann er á förum frá Belgíu þar sem hann spilaði með Genk. Indriða hefur alltaf langað til að reyna fyrir sér á Englandi og fór fyrr í vikunni til reynslu hjá Southampton.

Indriði heillaði forráðamenn liðsins greinilega ekki nægilega mikið til að vera boðinn samningur og er hann því kominn til Ipswich þar sem hann mun dveljast í nokkra daga. Hermann Hreiðarsson, sem lék áður með Ipswich, benti liðinu á Indriða og verður gaman að sjá hvort landsliðsmaðurinn næli sér í samning á Englandi. - hph

# Skemmtilegast að spila á miðjunni

Ásgeir Gunnar Ásgeirsson hefur átt frábært tímabil með FH í Landsbankadeildinni og hefur verið á skotskónum í síðustu leikjum. Ásgeir er uppalinn í FH en hefur haft viðkomu í Garðabæ og Ástralíu.

**FÓTBOLTI** FH-ingar hafa gott tak á KR í Íslandsmótinu og hafa ekki tapað fyrir liðinu í deildarleik síðan í fyrri umferðinni 2003. Eftir það hafa liðin mæst sjö sinnum, FH hefur unnið sex leiki en einn endaði með jafntefli. Markatalan samtals í þessum sjö leikjum er 17-1 fyrir FH. Í síðustu umferð mættust liðin í Kaplakrikunum og FH vann 2-0 sigur.

„Þeir fengu frábært tækifæri til að komast yfir en heilt yfir fannst mér sigur okkar vera sanngjarn. Það var þó óneitanlega mikið lánleysi yfir KR-ingum í þessum leik, klúðra þessu dauðafæri og svo skorar Bjarnólfr sjálfsmark. Það var svekkjandi fyrir þá en að sama skapi gleðiefni fyrir okkur, það er aldrei leiðinlegt að vinna KR-ingana,“ sagði Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, miðjumaður FH, sem hefur verið valinn leikmaður 10. umferðarinnar fyrir frammistöðu sína í leiknum.

Ásgeir skoraði annað markið í leiknum og átti stóran þátt í því fyrra. „Það hefur gengið vel hjá mér í síðustu leikjum en aðalatriðið er að sjálfsgöðu það að lið manns nær að sigra. Það hefur gengið vel á báðum viggstöðvum en þrátt fyrir að við höfum gott forskot eins

og er þá verður þetta erfitt. Öll lið vilja vinna okkur og leggja sig því enn meira fram í leikjum gegn okkur.“

Þegar tíu umferðir eru búnar hefur FH tíu stiga forskot í deildinni og var liðið að styrkja sig enn frekar því norski sóknarmaðurinn André Shei Lindbeak var að semja við félagið. „Mér list nokkuð vel á hann. Mér sýnist það á æfingum að þetta sé markaskorari, hann er að halda boltanum vel,“ sagði Ásgeir Gunnar. Ásgeir er uppalinn í FH en spilaði með Stjórnunni um tíma. „Ég kláraði þriðja flokk í FH og fór svo í Stjórnuna, ég var ósáttur á þessum tíma og ákvað því að skipta um lið. Ég fékk fína reynslu í öðru liði og sneri aftur á heimaslóðir 2002 og þar hefur náttúrulega gengið rosalega vel.“

Ásgeir hefur einnig smá reynslu af því að spila erlendis. „Ég fór sem skiptinemi til Ástralíu þegar ég var átján ára og spilaði í 2. deildinni. Ég meiddist reyndar illa á ökkla og missti af helmingnum á tímabilinu. Þetta var samt mjög skemmtileg en sérstök upplifun, ágætis fótbolti var spilaður þarna. Það er mikið af innflytjendum þarna og þar sem ég spilaði var mikið af Bretum og Ítölum og svo voru nokkur lið sem voru nán-

### LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR



MAÐUR UMFERÐARINNAR Ásgeir Gunnar Ásgeirsson hefur hér betur í baráttu um boltann við Mario Cizmek, leikmann KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ast bara með króatíska leikmenn og svo mætti áfram telja. Það voru mjög lunknir leikmenn inni á milli. Þetta var stórskemmtileg upplifun.“

FH er einnig í eldlnunni í Evrópukeppninni um þessar mundir og liðið leikur seinni leik sinn gegn TVMK Tallinn frá Eistlandi á Kaplakrikavelli á miðvikudag. „Við náðum finum úrslitum úti þannig að við eigum betri möguleika. En þetta eistneska lið er finasta fótboltalið og spilar mjög vel, þannig að það er ljóst að við megum ekkert slaka á. Það er alltaf gaman að spila Evrópukeiki og ekki var leiðinlegt að sjá Atla Guðnason skora sigurmarkið í uppbótartíma í fyrri leiknum. Markið var líka stórglæsilegt og ekki leiðinlegt fyrir hann í sínum

fyrsta Evrópuleik,“ sagði Ásgeir en FH vann leikinn ytra 3-2.

Ásgeir er mjög fjölhæfur leikmaður en var ekki lengi að hugsa sig um þegar hann var spurður hvar hann vildi helst spila. „Mér finnst skemmtilegast að spila á miðri miðjunni, þá fær maður að taka þátt í sókn og vörn. Annars spilar maður bara þá stöðu sem þjálfarinn lætur mann í,“ sagði Ásgeir en atvinnumennskan er ekki ofarlega í huga hans. „Ég stefni ekkert sérstaklega á að komast út en skoða náttúrulega allt sem býðst. Annars er staðan þannig hjá mér í dag að ég er í háskólanámi og á nóg eftir af mínu námi svo hugur minn er við það. Ég er bara mjög ánægður með þetta eins og þetta er í dag.“ elvargeir@frettabladid.is

Bikarmeistararnir heimsækja Íslandsmeistarana:

## Verðugt verkefni

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH taka á móti bikarmeisturum Vals í eina leik kvöldsins í Landsbankadeildinni. Leikur Vals í deildinni hefur verið ansi kaflaskiptur í sumar en þrátt fyrir það er Garðar Gunnlaugsson fullur tilhlökkunar fyrir leikinn í kvöld. „Ég ætla nú rétt að vona að veðrið skáni, mér list ekkert á ef þetta helst svona,“ sagði Garðar í gær.

Þetta er verðugt verkefni því þeir eru náttúrulega enn ósigraðir í deildinni. Hjá okkur hefur þetta aftur á móti verið upp og ofan, á góðum degi getur enginn unnið okkur en hins vegar er eins og við séum sjálfir okkar verstu óvinir,“ sagði Garðar. Valsliðið er nýkomið frá Danmörku þar sem það lék gegn sterku liði Brøndby og tapaði 3-1 en Garðar skoraði mark Vals í leiknum.

„Það var mjög fint í Danmörku,

sól og mikill hiti og þá hef ég aldrei spilað á betri velli á ævi minni. Svo skemmdi ekki fyrir að ég náði að skora,“ sagði Garðar en markið hans var ansi fallet, með skalla eftir sendingu frá Baldri Aðalsteinssyni. „Þessi ferð nær vonandi að lyfta mannskapnum upp fyrir leikinn gegn FH. Við áttum mjög góðan leik þarna úti þótt miðja og vörn hefðu getað verið þéttari fyrsta hálf tímamann en um leið og við löguðum það þá sáum við að við áttum alveg í fullu tré við þá. Brøndby er samt mjög gott lið og er spilar vel,“ sagði Garðar.

Hann segir að þótt möguleikar séu ekki lengur til staðar ætli liðið að lyfta sér upp töfluna núna í seinni hlutanum og þá sé stefnan sett á að verja bikarmeistaratitlinn en Valur mætir Víkingi í átta liða úrslitum þar. - egm



MEISTARASLAGUR Þessi mynd er úr viðureign FH og Vals í Hafnarfirði í byrjun tímabils þegar liðin mættust í Meistarakeppni KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## REFSINGAR FÉLAGANNA

**Juventus:**

Sent niður í Serie-B deildina, 30 stig tekin af þeim á næsta tímabili. Tveir síðustu titlar hrífsaðir af þeim. Fær ekki þátttökurétt í Meistaradeildinni 2006. Luciano Moggi, fyrrverandi stjórnarformaður, fær fimm ára bann frá knattspyrnunni. Antonio Giraudo, fyrrverandi stjórnarformaður fær fimm ára bann frá knattspyrnunni.

**AC Milan:**

15 stig tekin af þeim á næsta tímabili. Fær ekki þátttökurétt í Meistaradeildinni 2006. Adriano Galliano, varaforseti félagsins, fær eins árs bann frá knattspyrnunni. Leonardo Menai, stjórnarformaður, fær þriggja ára og sex mánaða bann frá knattspyrnunni.

**Fiorentina:**

Sent niður í Serie-B deildina, 12 stig tekin af þeim á næsta tímabili. Fær ekki þátttökurétt í Meistaradeildinni 2006. Andrea Della Valle, forseti félagsins, fær fimm ára og sex mánaða bann frá knattspyrnunni. Diego Della Valle, heidursforseti, fær fimm ára og sex mánaða bann frá knattspyrnunni.

**Lazio:**

Sent niður í Serie-B deildina, 7 stig tekin af þeim á næsta tímabili. Fær ekki þátttökurétt í Uefa-keppninni.

Roberto Mancini, stjóri Inter:

**Vill fá titilinn**

**FÓTBOLTI** Roberto Mancini, stjóri Juventus, fer fram á það að Inter Milan fái Ítaliutitilinn frá síðasta ári eftir úrskurð aganefndarinnar. Titlar tveggja síðustu ára voru teknir af Juventus auk þess sem 44 stig voru tekin af AC Milan. Inter yrði því efst með 76 stig.

„Það er rétt að enginn á að fá titilinn fyrir tveimur árum en sá síðasti ætti að koma til Inter. Ef lið vinnur með því að svindla er sanngjarn að veita þeim sem var á eftir þeim á sanngjarnan hátt titilinn,“ sagði Mancini.

Líklegast þykir þó að titlar síðustu tveggja ára verði einfaldlega gerðir ógildir.

- hph

# Mikil óánægja með dóminn á Ítalíu

Prjú félög voru send niður í Serie-B deildina á Ítalíu fyrir aðild sína að hneykslismálinu sem nú er að leysast eftir miklar rannsóknir. Forráðamenn félaganna sætta sig ekki við refsingarnar og ætla að áfrýja.

**FÓTBOLTI** Forráðamenn félaganna fjögurra sem dæmd voru fyrir aðild sína að hneykslismálinu sem nú skekur Ítalíu, eru allir mjög ósáttir við refsingu sérstaks dómstóls ítalska knattspyrnusambandsins. Juventus, Lazio og Fiorentina voru send niður í Serie-B deildina en refsingarnar má sjá í heild sinni hér til hliðar.

Forsaga málsins er sú að samtölum á milli Luciano Moggi, þáverandi stjórnarformanns Juventus og háttvirts manns innan ítalska knattspyrnusambandsins var leikið í fjölmiðla. Maðurinn sem Moggi var að ræða við raðaði niður dómurum á leiki í Serie-A deildinni og óskaði Moggi eftir að fá ákveðna dómara á leiki Juventus. Eftir að samtölin láku út fór boltinn að rúlla og saksóknarar í Tórinó, Napólí og Rómaborg settu mikla rannsókn af stað sem leiddi ýmislegt merkilegt í ljós.

Rannsóknin sýndi að Moggi var ekki sá eini seki en öll stjórn Juventus sem og ítalska knattspyrnusambandsins sagði af sér eftir að flett hafði verið ofan af mönnunum. Lazio, Fiorentina og AC Milan voru öll viðriðin málið en fengu þó ekki jafn mikinn skell og Juventus sem fékk þyngsta



**GIGLI** Nýr forseti Juventus, Giovanni Cobolli Gigli, á blaðamannafundi þar sem hann fordæmdi niðurstöðu dómans.

dóminn. Öll félögin hafa staðfest að þau muni áfrýja dómnum sem þau fengu.

30 stig verða tekin af Juventus sem þýðir að mjög erfitt verður fyrir liðið að komast upp um deild, sér í lagi ef þeir missa megnið af stórstjórnnum liðsins. Auk þess verða nokkur sterk lið í deildinni, þeirra á meðal Lazio og Fiorentina en af þeim verða þó líka tekin stig.

„Liðsmenn Juve eru mjög ósáttir með refsinguna. Félagið mun ekki taka þessu enda er skrytið að refsa félaginu þegar nokkrir fyrrum starfsmenn þess eru viðriðnir málið. Við munum áfrýja og gera allt sem í okkar valdi stendur til að breyta dómnum,“ sagði Gilli og stjórnarformaður Jean-Claude Blanc tók í sama streng.

„Við bjuggumst við því að jafnvægi yrði í dómnum en augljóslega voru þær vangaveltur okkar ekki réttar. Juventus fékk mun þyngri refsingu en hin félögin. Við skiljum ekki af hverju við fáum langsamlega hörðustu refsinguna þegar málin virðast vera svipuð að gerð,“ sagði Blanc.

AC Milan sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem félagið lýsir yfir furðu sinni á dómnum. „AC Milan telur að úrskurðurinn sé alls ekki sanngjarn og að honum verði að breyta. Við munum áfrýja um leið og kostur gefst til í þeirri trú að þessum fáránlega dómi verði breytt,“ sagði í yfirlýsingu.

Forráðamenn Fiorentina sendu einnig frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þetta kom fram. „Fiorentina hefur borist úrskurður aganefndarinnar, úrskurður sem



**VONBRIGÐI** Þessi svipur á David Trezeguet, leikmanni Juventus, lýsir því vel hvernig öllum sem tengjast félaginu líður eftir að liðið var dæmt niður um deild. NORDICPHOTOS/AFP

er algjörlega fáránlegur. Með það fyrir augliti, undirstrikar Fiorentina andúð sína á hegðun fyrrverandi stjórnarmanna félagsins. Af virðingu við borgina, stuðningsmennina og þá sem tengdir eru málinu, mun Fiorentina berjast fyrir rétti sínum.“

Forseti Lazio, Claudio Lotito, sem hefur verið bannaður frá öllum afskiptum af knattspyrnu, segist ætla að hreinsa mannorð klúbbsins. „Þetta er úrskurður

sem við bjuggumst alls ekki við að heyra þar sem við stöndum í þeirri trú að við höfum ekki farið í bága við lögin, enda var það aldrei ætlunarverk okkar. Það er augljóst að nokkrir dómara sem dæmdu leiki sem við spiluðum eru viðriðnir málið en það segir ekki alla söguna. Lazio mun ekki sætta sig við dóminn og ef þörf krefur förum við fyrir Mannréttindadómstól Evrópu,“ sagði Lotito.

hjalti@frettabladid.is



**LEIKMENN JUVENTUS** Zlatan Ibrahimovic, Gianluigi Zambrotta, Adrian Mutu og David Trezeguet eru líklega allir að fara frá Juventus. NORDICPHOTOS/AFP

Leikmenn Juventus flykkjast líklega frá félaginu:

## Hverjir eru á lausu?

**FÓTBOLTI** Talið er líklegt að margir leikmenn muni fara frá Juventus nú þegar orðið er ljóst að liðið verður líklega ekki í Serie-A deildinni næstu tvö árin. Liðið var fellt niður um deild auk þess sem 30 stig voru tekin af liðinu og verður því erfitt fyrir félagið að koma sér aftur upp á meðal þeirra bestu.

Lazio og Fiorentina munu líklega missa sína bestu menn, en einna helst er þar að nefna Luca Toni sem er líklega á leiðinni til Inter. Ekki er talið að AC Milan muni selja sína menn þrátt fyrir að félagið verði ekki með í Meistaradeildinni á tímabilinu.

Sömu sögu er ekki að segja af Juventus. Fabio Capello er þegar farinn og má leiða líkur að því að hann fari í sitt gamla félag og sæki nokkrar stórstjórnur til Real Madrid. Arsenal og AC Milan hafa sýnt einum besta og dýrasta markverði

heims áhuga, Gianluigi Buffon en líklegt er talið að hann haldi sig á Ítalíu.

Forráðamenn Juventus segja þó að þeir vilji alls ekki selja neina leikmenn, en það gæti reynst þeim erfitt. „Ég vona að einhverjir af leikmönnum okkar verði áfram hjá okkur. Augljóslega verður erfitt fyrir einhverja af þeim að fara ekki en það er klárt mál að það verður að greiða fullt verð fyrir mennina,“ sagði Giovanni Cobolli Gilli, forseti Juventus en félagið hefur tapað miklum fjármunum enda hefur liðið hrapað niður á hlutabréfmarkaðnum á Ítalíu.

- hph

**HEITUSTU BITARNIR**

Gianluigi Buffon, Patrick Vieira, Cristiano Zanetti, Robert Kovac, Emerson, Zlatan Ibrahimovic, Pavel Nedved, Mauro Camoranesi, David Trézéguet, Gianluca Zambrotta, Lillian Thuram, Fabio Cannavaro.

AC Milan:

## Vill spila í UEFA bikarnum

**FÓTBOLTI** Forráðamenn AC Milan hafa ekki gefið upp alla von um að spila í Evrópukeppni á næstu leiktíð. Eftir að hafa verið fundið sekt í Ítalíuskandalnum svokallaða, var félagið rekið úr Meistaradeildinni en 44 stig voru tekin af AC Milan fyrir síðustu leiktíð. Það þýðir að liðið var einu stigi á eftir Empoli sem fékk sæti í UEFA bikarkeppninni en forráðamenn Milan eru ekki á eitt sáttir.

„Empoli hefur ekki leyfi til að spila í UEFA bikarkeppninni. Fresturinn til að fá leyfi til þess er runninn út og því gæti AC Milan enn verið með í keppninni,“ sagði í yfirlýsingu frá ítalska liðinu í gær.

Hvort það er einhver sárabót fyrir stórstjórnur ítalska liðsins verður að koma í ljós en UEFA keppnin er ekki ýkja hátt skrifuð hjá flestum.

- hph

**11. UMFERÐ | LANDSBANKAÐEILD KARLA**

sun.	16. júlí	kl.	20:00	FH - Valur
mán.	17. júlí	kl.	20:00	KR - ÍA
þri.	18. júlí	kl.	19:15	ÍBV - Breiðablik
þri.	18. júlí	kl.	19:15	Vikingur - Keflavík
þri.	18. júlí	kl.	19:15	Grindavík - Fylkir

**10. UMFERÐ | LANDSBANKAÐEILD KVENNA**

þri.	25. júlí	kl.	19:15	Valur - Fylkir
þri.	25. júlí	kl.	19:15	Stjarnan - Þór/KA
þri.	25. júlí	kl.	19:15	Keflavík - KR
þri.	25. júlí	kl.	19:15	FH - Breiðablik

Tryggðu þér miða á betra verði á [landsbankadeildin.is](http://landsbankadeildin.is) eða [ksi.is](http://ksi.is)



410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

# Stuðningsmennirnir á HM

Hvar væri fótboltinn án stuðningsmannanna? Heimsmeistaramótið í Þýskalandi bauð upp á stuðningsmenn af öllum gerðum og settu þeir svo sannarlega mark sitt á þetta stórkostlega mót sem heppnaðist frábærlega í alla staði.



**HRESSIR** Þessum ungu ítölsku strákum leiddist ekki að sjá hetjurnar sínar verða að heimsmeisturum.

NORDICPHOTOS/AFP



**MARIA** Henni Mariu leiddist nú ekki að styðja við bakið á strákunum sínum frá Brasilíu í Dortmund.



**ÓHRESS** Frakkar töpuðu úrslitaleiknum gegn Ítölum og voru að vonum niðurlátir eftir leikinn.



**FRAMTÍÐAR STUÐNINGSMÆÐUR** Fótboltaáhuginn verður greinilega meðfæddur hjá barninu sem þessi kona mun eignast fljótlega.



**LITRÍKT** Stemningin á meðal Þjóðverja var með ólíkindum.



**GÓÐUR** Ítalir gátu aftur á móti leyft sér að fagna vel og innilega.



**MEÐ DÚKKUNA MEÐ SÉR** Þessi Króati tók uppblásna dúkku með sér á völinn og skreytti hana í litum andstæðinganna.



**INGA** Hin sænska Inga lét sig ekki vanta í Þýskalandi og fylgdist spennit með löndum sínum gegn Englandi.



**Á ÖXLUNUM** Þessi unga hollenska stúlka fékk að fara á axlir föður síns til að sjá betur.





# Heimurinn horfir á heimsmeistaramótið

Mörg hundruð milljónir manna fylgdust grannt með heimsmeistaramótinu í Þýskalandi við misgóðar aðstæður. Allt frá Marseille til Haítí fylgdist fólk með þessum stærsta íþróttaviðburði ársins af miklum áhuga.



**FRI Í SKÓLANUM** Þessir hressu krakkar fengu fri í skólanum til að horfa á leik sinna manna í Argentínu gegn Serbíu. NORDICPHOTOS/AFP



**ÖLLUM BRÖGÐUM BEITT** Þessir frönsku strákar létu sig ekki muna um að klifra upp á umferðarskilti til að sjá örugglega á risaskjá í Marseille, þar sem úrslitaleikurinn var sýndur á risaskjá. NORDICPHOTOS/AFP



**ÖTRULEGUR ÁHUGI** Þetta fólk sem missti allt sitt í jarðskjálfta á Inlandi fylgdist vel með mótnu á risaskjá utandyra. NORDICPHOTOS/AFP



**FYLGST MEÐ SÍNUM MANNI** Fólk í Alsír horfir á leik með Frökkum og styður sinn mann, Zinedine Zidane, en foreldrar hans eru frá þaðan. NORDICPHOTOS/AFP



**ÞRÁTT FYRIR BÁGBORNAR AÐSTÆÐUR ER FYLGST MEÐ** Þessir menn í Gana létu fátæklegar aðstæður ekkert á sig fá og fylgdust með sínum mönnum á HM. NORDICPHOTOS/AFP



**Í TJALDVAGNINUM** Þessi fjölskylda tók sjónvarp með sér í frið og horfði á úrslitaleikinn í tjaldvagninum. NORDICPHOTOS/AFP



**PÁSA** Þessir strákar í París tóku sér fri frá því að spila sjálfir fótbolta til að fylgjast með úrslitaleikum á risaskjá. NORDICPHOTOS/AFP



**MIKILL ÁHUGI UM ALLAN HEIM** Mikill fjöldi Palestínanna fylgdist vel með leik Frakka og Brasilíumanna. NORDICPHOTOS/AFP



**ALLIR FYLGJAST MEÐ** Menn á eyjuni Haítí fylgjast með HM. NORDICPHOTOS/AFP



**FRAKKARNIR HORFA** Mikill fjöldi safnaðist saman í smábátahöfninni í Marseille til að horfa á úrslitaleikinn. NORDICPHOTOS/AFP



**MEÐ BYSSUNA SÉR VIÐ HLIÐ** Þessi Íraski vörður fylgdist með opunarleik HM á hóteli í Bagdad en lagði byssuna til hliðar á meðan. NORDICPHOTOS/AFP



**HERMENN FYLGJAST VEL MEÐ** Ísraelskir hermenn fylgjast grannt með úrslitaleikum á HM í Mefalsim-herbúðunum suður af Ísrael, nálægt Gaza-svæðinu.



**SCHOLES** Paul Scholes spilaði leikinn í gær og tók sig vel út í nýja búningnum. NORDICPHOTOS/AFP

Æfingaleikur Man. Utd.:

## Solskjær með tvö mörk

**FÓTBOLTI** Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær skoraði tvö mörk fyrir Manchester United þegar liðið vann 4-0 sigur á liði Orlando Pirates frá Suður-Afríku í æfingaleik í gær. Solskjær er 33 ára og hefur nánast ekkert spilað seinustu tvö tímabil vegna meiðsla. Kieran Richardson skoraði eitt í gær en hitt markið var sjálfsmark.

United lék í nýjum búningum í leiknum sem notaðir verða á komandi leiktíð en þeir voru gerðir í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin síðan Busby Babes unnu sinn fyrsta meistaratitil. - egm

Andriy Shevchenko:

## Ætlar að byrja með látum

**FÓTBOLTI** Úkraínski sóknarmaðurinn Andriy Shevchenko vonast til að byrja með látum í ensku úrvalsdeildinni eftir komu sína til Chelsea. Margir bíða spenntir eftir því að sjá hvernig þessi magnaði markaskorari hefur leik en fyrsti stórleikur Chelsea verður gegn Liverpool í hinum árlega leik um góðgerðarskjöldinn 13. ágúst.

„Ég vonast til að skora mörk fyrir Chelsea og hjálpa liðinu að vinna stórleikina,“ sagði Shevchenko.

„Ég hef unnið marga titla í gegnum árin og fengið mörg einstaklingsverðlaun en ég hef fengið að kynna því að mesta umbúningur er þegar liðinu gengur vel.“ - hph

# Hvaða stjórnur fær Fabio Capello?

Spænska stórliðið Real Madrid er það félag sem er líklega hvað oftast nefnt þegar verið er að greina frá hugsanlegum kaupum í fótboltanum. Nú er Fabio Capello tekinn við stjórninni og er í leikmannaleit

**FÓTBOLTI** Þegar Ramon Calderon var krýndur sigurvegari í forsetakosningum Real Madrid í byrjun mánaðarins var nánast ljóst að Fabio Capello yrði næsti aðalþjálfari liðsins. Capello hefur náð undraverðum árangri á sínum þjálfaraferli og gerði Juventus að meisturum á síðustu tveimur tímabilum en þeir titlar hafa reyndar verið teknir af félaginu í kjölfar Ítalíuhneykslisins. Það efast enginn um færni Capello en hann stýrði Real Madrid til meistaratitils árið 1997 og er hann því nú snúinn aftur til félagsins.

Capello er einn virtasti þjálfari heims og margar stærstu stjórnur heims vilja spila undir hans stjórn. Nú þegar allt er komið í bál og brand í ítalska fótboltanum er búist við því að Real Madrid muni sækja hart að stærstu stjórnunum hjá þeim liðum sem flækt eru í Ítalíumálið. Þar er Kaka talinn hvað líklegastur en þessi brasilíski snillingur hefur þroskast mikið sem knattspyrnumaður í herbúðum AC Milan og ætti að geta gengið inn í öll félagslið heims.

Þá er varnarmaðurinn Fabio Cannavaro, einn besti leikmaður heimsmeistaravæðisins, ofarlega á óskalista Real. Cannavaro er í herbúðum Juventus en spænska stórliðið vill einnig fá liðsfélaga hans, þá Gianluca Zambrotta og Emerson. Hollenski vængmaðurinn Arjen Robben er einnig á óskalista félagsins sem og Cristiano Ronaldo hjá Manchester United sem virðist ekki vita í hvorn fótinn hann á að stíga þessa dagana. Hinn stórefnilegi Cesc Fabre-



**Í STJÓRNULEIT** Fabio Capello er að skoða leikmannamarkaðinn þessa dagana og hyggst styrkja sitt lið umtalsvert. NORDICPHOTOS/AFP

gas hjá Arsenal var meðal þeirra leikmanna sem Calderon lofaði kjósendum sínum að fá til félagsins, það er þó hinsvegar þegar ljóst að hann hefur svikið það lof-

orð því umboðsmaður Fabregas staðfesti að hann væri ekki á förum. „Arsenal hefur gert mikið fyrir Cesc og hann vill þakka traustið og leggur sig allan fram

fyrir félagið. Ég veit það sjálfur að hann er ekki til sölu, Arsenal vill halda honum sama hve hátt tilboð berst,“ sagði umboðsmaður Fabregas.

Capello hefur gert tilraun til endurnýja kynni sín við Cristian Chivu sem hann þjálfaði þegar hann var með Roma en sá rúmenski vill ekki fara. „Síðustu þrjú ár hef ég alltaf þurft að svara fyrir kjaftasögur. Ég er ánægður hjá Roma og er ekkert á förum. Ég er stoltur af því að stórt lið eins og Real Madrid sýni mér áhuga en stoltastur er ég af því að fá að klæðast búningi Roma á næsta tímabili,“ sagði Chivu.

Capello hefur ekki leynt dálæti sínu á hollenska sóknarmanninum Ruud van Nistelrooy sem hefur farið fram á sölu frá Manchester United, hann mun þó fá samkeppni um leikmanninn og þá helst frá þýska liðinu Bayern München. „Nistelrooy er leikmaður sem getur blómstrað hjá öllum þeim liðum sem hann spilar fyrir. Hann er fæddur markaskorari og þannig leikmann vil ég hafa í mínu liði,“ sagði Capello. Talið er að Real Madrid hafi þegar boðið tíu milljónir punda í Nistelrooy en því tilboði hafi verið hafnað því United vilji hærri upphæð.

Spennandi verður að fylgjast með því hvað gerist í leikmannamálum Real Madrid en margir eru á því að félagið hafi loksins stigið rétt skref í ráðningu að þjálfara. Ljóst er að það koma nýjar stórstjórnur til liðsins áður en tímabilið byrjar en spurningin er hve margar þær verða. elvargeir@frettabladid.is



**FERRARI Í HAM** Schumacher náði besta tímanum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Tímatakan í gær fyrir kappaksturinn í Frakklandi: Ferrarifákar á rásþólnum

**FORMÚLA 1** Ferrari ökumennirnir Michael Schumacher og Felipe Massa náðu bestu akstur tímumum í tímátökunni fyrir kappaksturinn sem fram fer á Magny Cours brautinni í Frakklandi í dag. Aðeins munaði örfáum sekúndubrotum á milli þeirra en Fernando Alonso mun verða þriðji í röðinni. Toyota liðið náði góðum árangri, Jarno Trulli og

Ralf Schumacher voru í fjórða og fimmta sæti en hinsvegar komust ökumenn BMW ekki í 10 manna úrslitaumferðina.


„Þetta er frábært, ekki hægt að biðja um það betra. Ég á rásþólnum og Felipe við hlið mér. Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja því ég bjóst ekki við þessu. En það er klárt mál að ég stefni á sigur,“ sagði Schumacher. - egm

**Til Sölu**

Smáauglýsingar af öllum gerðum.  
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi  
Uppl. í s. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá



**AUGLÝSA Í FYRSTA SKIPTI** Samuel Eto'o og félagar fá auglýsingar á búningana sína.

Barcelona auglýsa á búningum sínum í fyrsta skipti:

## Skilaboð frá UNICEF á treyjum Börsunga

**FÓTBOLTI** Barcelona hefur brotið blað í sögu félagsins en þeir munu í fyrsta skipti bera auglýsingar á búningum sínum á næstu leiktíð. Barcelona hefur gert fimm ára samning við UNICEF, Barnahjál Sameinuðu þjóðanna, og munu þeir vera í forsvari fyrir munaðarlaus börn, þá sér í lagi þau sem eru með HIV/AIDS sjúkdóminn.

Barcelona hafa aldrei auglýst áður á búningum sínum en þeir voru nálægt því að skrifa undir samning þess efnis við ríkisstjórn Kína um að auglýsa Ólympíuleik-

ana þar í landi árið 2008. Barcelona ákvað aftur á móti að halda áfram stefnu sinni í góðgerðarmálum en þeir hafa einnig ákveðið að gefa 0,7 prósent af heildarveltu sinni á árinu til góðgerðarmála.

Stolt Katalóna við Barcelona er gríðarlegt og litu menn þar svo á að það jaðraði við helgisþjöll að auglýsa á búningum liðsins. Með þessu framtaki eru þó á allir eitt sáttir og munu Eiður Smári og félagar því bera skilaboð frá UNICEF framan á búningum sínum næstu fimm árin. - hph

# RISA HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!



Helgarblað DV, Sirkus og DV sport  
Preföld ánægja um helgar

**DV**  
LIFANDI PAPPÍR

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Just when I think you couldn't be any dumber, you do something like this...and totally redeem yourself!“**

1961

Svar: Harry úr kvikmyndinni *Dumb And Dumber* árið

# dagskrá



## Í TÆKINU: COLIN FARRELL LEIKUR Í THE RECRUIT Á STÖÐ 2 KL. 22.50

### Vó aðeins þrjár merkur

Colin James Farrell fæddist í Dyflinni á Írlandi árið 1976. Hann var fyrirburi og vó aðeins tæpar 3 merkur við fæðingu. Á unglingsárunum þótti Colin mjög efnilegur í fótbolta en faðir hans var atvinnumaður á því sviði.

Þegar Colin útskrifaðist úr menntaskóla hóf hann nám í leiklist. Hann hætti þó fljótlega þar sem honum baust hlutverk í írsku þáttunum *Ballykissangel*. Í þeirri seríu lék hann í ár en fékk í framhaldinu lítill hlutverk í ýmsum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Árið 2000 bauðst Colin að leika í hinni bandarísku *Tigerland* sem Joel Schumacher leikstjóri. Eftir það fór boltinn að rúlla og hefur Colin síðan leikið í fjölmörgum Hollywood-myndum svo sem *The Recruit*, *S.W.A.T.* og *Phone Booth*.




Colin giftist ensku leikkonunni Amelie Warner árið 2001 en hjónabandið entist aðeins í fjóra mánuði. Árið 2003 eignaðist hann son með konu að nafni Kim Bordenave.

Colin er þekktur fyrir kvennafar sitt, blótsyrði, mikla drykkju og reykingar. Þeir sem unnu með honum að myndinni *Phone Booth* sögðu hann hafa reykt yfir sex pakka á dag og oft hefur þurft að klippa blótsyrði hans út úr sjónvarpsviðtölum.

Í desember á síðasta ári skráði Colin sig inn á meðferðarheimili vegna misnotkunar verkjalyfja og í maí síðastliðnum fór hann að mæta á AA-fundi.

Þrátt fyrir að Colin leiki helst í bandarískum myndum dvelur hann mikið á Írlandi. Hann segir Írland sitt heimili og þar séu allir hans vinir.

Þrjár bestu myndir Colins Farrell: **Minority Report** - 2002 **Phone Booth** - 2002 **The New World** - 2005



▶ 11.30  
Kappakstur

FORMÚLA 1




▶ 21.20  
Sakamáll

COLD CASE




▶ 20.30  
Gaman

BERNIE MAC



▶ 22.30  
Lokaþáttur

WANTED



▶ 19.10  
Reynslusögur

ÖRLAGADAGURINN

### SIJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Bubbi byggir (807:813) 8.11 Geirharður bojng bojng (6:26) 8.33 Hopp og hí Sessami (10:26) 8.57 Konstanse (4:6) 9.02 Stjáni (58:58) 9.26 Sigildar teiknimyndir (21:29) 9.34 Liló & Stitch (41:49) 9.56 Gæludýr úr geimnum (18:26) 10.20 Latibær 11.00 Kóngur um stund (5:12)

▶ 11.30 Formúla 1 14.00 Íslandsmótíð í hestaíþróttum 16.15 Taka tvö (8:10) 17.05 Vesturálman (11:22) 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar (11:31) 18.28 Ævintýri Kótu kanínu (10:13) 18.40 Töfringurinn Leikin sænsk barnamynd. e.

### 19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Út og suður (11:17) Textað á síðu 888 í Textavarpí.

20.00 Í skugga valdsins (2:2) (Im Schatten der Macht) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum frá 2003 um Willy Brandt og síðustu daga hans í embætti kanslara Vestur-Þýskalands árið 1974.

### 21.30 Helgarsportíð

21.50 Lúkas (Luukas) Eistnesk sjónvarpsmynd frá 1995 gerð eftir leikri Guðmundar Steinssonar. Hér segir af eldri hjónum sem nostra við heimili sitt og eru upptekin af næstu máltíð. Enda stendur mikið til því að presturinn er væntanlegur til kvöldverðar. Samskipti þeirra eru sérkennileg, klerkurinn nýtur þess að hjónin dekra við hann og ekki í fyrsta skipti. Leikstjóri er Tönu Víve og meðal leikenda eru Ita Ever, Jüri Järvet og Ain Lutsepp.

23.15 25 tímar 23.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SIKURUS TV

7.00 Pingu 7.05 Jellies 7.15 Barney 7.40 Myrkfælnu draugarnir (39:90) 7.55 Stubbarnir 8.20 Noddy 8.30 Könnuðurinn Dóra 9.15 Taz-Mania 1 9.35 Ofurhundurinn 10.00 Kalli lítli kanína 10.25 Barnatími Stöðvar 2 (Horance og Tina) 10.50 Hestaklúbburinn 11.15 Sabrina 11.35 Ævintýri Jonna Quests

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Neighbours 13.10 Neighbours 13.30 Neighbours 13.50 Neighbours 14.15 Það var lagjó 15.25 Curb Your Enthusiasm (4:10) 15.55 Walk Away and I Stumble 17.05 Veggfóður (4:20) 17.45 Martha

### 18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Örlagadagurinn (6:12)

19.45 Jane Hall's Big Bad Bus Ride (2:6) (Stórfenglegar strætóferðir Jane Hall)

20.35 Monk (6:16) (Mr. Monk Goes To A Wedding) Einkaspæjarinn sérvitri, Monk, snýr aftur í nýrri þáttaröð.

▶ 21.20 Cold Case (17:23) (Öpplyst mál) Handklæði fullt af eitri kemur í leitirnar og verður til þess að Lily ákveður að hefja á ný rannsókn á andláti tennisstjörnu árið 1973. Bönnuð börnum.

22.05 Twenty Four (24:24) Str. b. börnum.

22.50 The Recruit (Nýliðinn) Háspennumynd þar sem traust, svik og blekkingar leika stórt hlutverk. James Clayton klífur metorðastigann hratt hjá bandarísku leyningjónustunni, CIA. Aðalhlutverk: Al Pacino, Colin Farrell, Bridget Moynahan, Gabriel Macht. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

0.40 Reversible Errors (1:2) 2.05 Reversible Errors (2:2) 3.30 Tortilla Soup 5.10 Curb Your Enthusiasm (4:10) 5.40 Fréttir Stöðvar 2 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

### SKJÁREINN

### SKJÁREINN

12.30 Whose Wedding is it Anyway? (e) 13.20 Beautiful People (e) 14.10 The O.C. (e) 15.10 The Bachelorette III (e) 16.00 America's Next Top Model V (e) 17.00 Brúðkaupsþátturinn Já (e) 18.00 Borgin mín (e)

18.30 Völlur Snær (e) Undrakokkurinn Völundur er áhorfendum SkjásEins ekki að öllu ókunnugur og sumar sýnir SkjárEinn glænýja þáttaröð um eldamennsku Völundar.

19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place

20.30 Point Pleasant Spennandi, dularfullur og dramatiskur unglingsþáttur.

21.30 C.S.I.: New York - NÝTT! C.S.I. New York sakamálaþættirnir vinsælu halda nú áfram á SkjáEinum. Stórleikarinn Gary Sinise og Providence leikkonan Melina Karakades eru í forsvari fyrir réttarrannsóknardeild sem rannsakar mjög erfið sakamáll í New York.

▶ 22.30 Wanted - lokaþáttur Sérsvait innan lögreglunnar í Los Angeles sem sér um að elta uppi hættulegustu glæpamenn borgarinnar er umfjöllunarefni þessara hörkuspennandi þátta.

23.15 September 0.35 C.S.I. (e) 1.30 The L Word (e) 2.20 Beverly Hills 90210 (e) 3.05 Melrose Place (e) 3.50 Östövandi tónlist

### NFS

10.00 Fréttir 10.10 Ísland í dag - brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Vikuskammturinn

12.00 Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða 12.25 Pressan 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag - brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Vikuskammturinn 16.00 Fréttir 16.10 Pressan 17.45 Hádegisfréttir E 18.00 Veðurféttir og íþróttir

### 18.30 Kvöldfréttir

▶ 19.10 Örlagadagurinn (6:12) (Örlagadagurinn) Sigríður Arnardóttir, Sírrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkt og óþekkt, um örlagadaginn í lífi þeirra, daginn sem gjörbreytti öllu. Þátturinn er sýndur í opinni dagskrá og einnig á NFS. Dagskrárgerð: Sigríður Arnardóttir.

### 19.45 Hádegisviðtalið (frá föstudegi)

20.00 Pressan Viðtalsþáttur í umsjá Róberts Marshalls þar sem tekin verða fyrir heitustu málefni vikunnar úr fréttahæminum og fjölmiðlum.

21.35 Vikuskammturinn Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.

### 22.30 Kvöldfréttir

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

### STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Clearing (Bönnuð börnum) 8.00 Harry Potter and the Philosopher's Stone 10.30 David Bowie: Sound and Vision 12.00 How to Lose a Guy in 10 Days 14.00 Harry Potter and the Philosopher's Stone 16.30 David Bowie: Sound and Vision 18.00 How to Lose a Guy in 10 Days 20.00 The Clearing (Uppgjörð) Vandaður spennutryllir með stórleikurum Robert Redford, Helen Mirren og Willem Dafoe. Bönnuð börnum. 22.00 A Man Apart (Tættur) Mögnuð hasarspennumynd.

Sean Vetter starfar í fíkniefnalöggunni og hefur orðið vel ágengt við að stöðva eitryfjasmyglið frá Mexíkó. En um leið og einn dóp-kóngurinn er kominn í fangelsi tekur sá næsti við. Aðalhlutverk: Vin Diesel, Alice Amter, Jim Boeke, Ken Davitian. Leikstjóri: F. Gary Gray. 2003. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 The Dangerous Lives of Alter Boys (Bönnuð börnum) 2.00 Cause of Death (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 A Man Apart (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

11.30 Gone Bad 12.00 E! News Weekend 13.00 THS Olivia Newton-John 14.00 THS Country Divas 16.00 Uncut 17.00 Child Star Confidential 17.30 Number One Single 18.00 10 Ways 18.30 Gone Bad 19.00 THS Women Of Sex and The City 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Sexiest Red Carpet Divas 23.00 10 Ways 23.30 Gone Bad 0.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

### AKSJÓN

Fréttabáturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## PRESSAN

Róbert Marshall fjallar um pólitísk tíðindi vikunnar alla sunnudaga kl. 12:25.

Endursýnt sunnudaga kl. 16:10 og 20:00



**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

Örlogadagurinn

Stöð 2 kl. 19.10

**Þjálfar nýja Superman**

Að þessu sinni ræðir Sirrý við Guðna Gunnarsson sem er frumkvöðull í ropeyoga. Guðni sigldi í strand andlega, líkamlega og fjárhagslega en flutti til Kaliforníu einn örlogadagur og var meðal annars fenginn til að þjálfna hinn nýja Superman og fleiri bandarískar kvikmyndastjörnur sem þurfa að hafa andlegan og líkamlegan styrk til að þola álagið sem fylgir frægðinni. Sirrý fylgist með Guðna Gunnarssyni í starfi þegar hann heimsótti Ísland og heilsaði upp á hinn nýja Superman í þjálfun hjá Guðna.



**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

8	1	5	2	3	4	9	7	6
2	3	9	1	7	6	8	5	4
7	6	4	5	9	8	1	3	2
5	9	2	8	6	3	7	4	1
4	7	1	9	5	2	3	6	8
3	8	6	7	4	1	2	9	5
1	4	7	6	2	9	5	8	3
9	2	3	4	8	5	6	1	7
6	5	8	3	1	7	4	2	9

	1		2				9		
							8		4
			4	5	9			3	
				6					1
	7							6	
3				4					
	4			2	9	5			
9		3							
		8			7			2	

► **19.45**  
**Landsbankad.**

FH – VALUR

12.30 HM 2006 14.10 4 4 2 16.40 HM 2006 18.20 A1 kappaksturinn 2005/2006

**19.15 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Vikulegur fréttabáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér fáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvællum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

► **19.45 Landsbankadeildin 2006** (FH – Valur) Bein útsending frá leik í Landsbankadeildinni í knattspyrnu.

**22.00 Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights) Helstu svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum. Jafnframt er greint frá því helsta sem gerðist fyrstu þrjá keppnisdagana.

23.00 Gillette Sportpakinn 23.30 Landsbankadeildin 2006

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Framtíð lýðræðis 10.15 Ást í bókmenntum 11.00 Guðsþjónusta í Ísafjarðarkirkju

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Bryggjuball 14.00 Íslenska einsöngslagið 15.00 Bókmenntir og landafræði 16.08 Veðurfregni 16.10 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöva 18.28

Hengirúm og himinblámi 19.00 Hið ómótstæðilega bragð 19.50 Óskastundin 20.35 Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Teygjan 23.00 Andrarímur

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan 16.08 Rokkland 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Þvergríp 0.10 Popp og ról

**BYLGJAN** FM 98,9

9.00 Valdis Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ivar Halldórsson

**AÐRAR STÖÐVAR**

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Í BÍÓ

KOMIN Í BÍÓ!

SUPERMAN RETURNS™

REYKJAVÍK • SELFOSS • KEFLAVÍK • AKUREYRI



## HRÓSIÐ

...Hlynur Hallsson fyrir að skipuleggja fjölmennasta fótbotaleikinn á HM 2006.

## HIN HLIÐIN HJALTI „ÚRSUS“ ÁRNASON KRAFTAJÖTUNN

### Glaðlyndur en ákafur

**Hvað er að fréttu?** Heimildarmyndin sem ég er að vinna að ásamt Steingrími Þórðarsyni um Jón Pál er komin í klippingu og er væntanleg í bíó í september.

**Augnlitur?** Blár.

**Starf?** Framkvæmdastjóri Félags íslenskra aflraunamanna og starfsmaður hjá kvikmyndafyrirtækinu Goðsögn.

**Fjölskylduhagir?** Giftur og á fjögur börn.

**Hvaðan ertu?** Í móðurætt er ég frá bænum Felli í Biskupstungum en í föðurætt er ég frá Látrum við Látrabjarg.

**Ertu hjátrúarfull/ur?** Já, ég er það enda fæ ég stundum skilaboð úr umhverfinu.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur?** Kraftasport á Sýn

**Uppáhaldsmatur?** Lambalæri.

**Fallegasti staður?** Fell í Biskupstungum.

**ípod eða geislaspilari?** Ég er svo gamall að ég segi geislaspilari.

**Hvað er skemmtilegast?** Að vera með fjölskyldunni.

**Hvað er leiðinlegast?** Óheiðarlegt fólk.

**Helsti veikleiki?** Ákefð.

**Helsti kostur?** Glaðlyndi.

**Helsta afrek?** Fjögur börn hjóta að slá allt annað út sem maður hefur gert.

**Mestu vonbrigði?** Samsuðan eftir sveitarstjórakosningarnar í Mosfellsbæ.

**Hver er draumurinn?** Að búa erlendis með fjölskyldunn í einhver ár og hvíla klakann örlítið.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Ragnar Reykás.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Hægagangur.

**Uppáhaldsbók?** Það getur enginn keppt við Njálu.

**Hvað er mikilvægast?** Gleði augnabliksins.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það styttist í kvikmynd Clints Eastwood, Flags of our Fathers, sem var að mestu tekin upp í Sandvíkinni á Reykjanesskaga. Stórleikarar á borð við Paul Walker og Ryan Phillippe leika aðalhlutverkinn en Walker hefur á örskotsstundu skotist upp á stjórnumhiminn og Phillippe lék eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Crash sem öllum að övörum fékk Óskarinn fyrir bestu myndina á síðasta ári. Mikillar eftirvæntingar gættir hjá bandarískum kvikmyndaáhugamönnum enda fékk Eastwood Óskarinn fyrir sína síðustu mynd, Million Dollar Baby. Flags of our Fathers segir frá innrás bandaríska herliðsins á Iwo Jima og er hér um sannkallaða stórmynd að ræða með stórfenglegum stríðssenum sem íslensk náttúra verður í aðalhlutverki. Þá var ein frægasta ljósmynd seinni heimstyrjaldarinnar tekin eftir að orrustunni lauk en hún sýnir nokkra hermenn reisa bandaríska fánann á hæð. Heimasiðum sem tengjast myndinni ber



reyndar ekki saman um hvenær myndin verður frumsýnd en óháð aðdáendasiða segir hana koma í ágúst en opinber síða reiknar með að myndin verði ekki frumsýnd fyrr en í október og er hún þá hugsuð í Óskarsverðlaunakapphlaupið. Þess má reyndar geta að sýnishorn úr Flags of our Fathers verður frumsýnt í Bandaríkjunum 21. júlí og má reikna með að það verði komið á netið sama dag. Mikillar eftirvæntingar gættir í Reykjanesskaga og má meðal annars sjá að á Víkurfréttum vonast menn til þess að hún verði einn af viðburðum á Ljósanótt.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Suðurnesjum og Vestfjörðum.
- 2 Henrik Larsson og Carlos Rexach.
- 3 Skemmtistaðinn Oliver.



BADABING Sturla rekstrarstjóri segir ekki standa til að breyta Badabing í strippbúllu eins og í Sopranos.

## BADABING: NÝR VEITINGASTAÐUR OPNAR VIÐ KAPLAKRIKA

# Hafnafirskur mafiustaður undir taílenskum áhrifum

Veitingastaðurinn Badabing hefur verið opnaður í Hafnarfirði. Nafn staðarins er mörgum kunnugt enda ber strippbúllan sem mafiufélagarnir úr Sopranos-þáttunum sækja reglulega sama nafn.

„Nafnið er vissulega fengið úr sjónvarpsþáttunum og lógó staðarins er fengið úr myndunum um Guðföðurinn,“ segir Sturla Jensson, rekstrarstjóri Badabing, í samtali við Fréttablaðið.

Staðurinn stendur við Flatahraun, beint á móti Kaplakrika, heimavelli FH. „Stuðningsmannalið FH í fótbolttum kallar sig Mafiuna og þannig varð tengingin við Sopranos og Guðföðurinn.“

**SOPRANOS OG GUÐFÆÐIRINN** Nafn staðarins er fengið að láni úr Sopranos-þáttunum í tengslum við FH-mafiuna og merki staðarins er fengið frá Guðföðurinum.



föðurinn til,“ útskýrir Sturla sem á þó ekki heiðurinn af nafninu, heldur Árni Björn Árnason, eigandi Badabing.

Þótt nafn staðarins hafi tengingu við mafiuna er ekki að finna hefðbundnar ítalskar kjötböllur að hætti mafiunnar heldur taílenskan mat. „Við opnuðum sama dag og heimsmeistaramótið í fótbolta byrjaði, þann 9. júní, og það hefur verið mikið að gera síðan þá,“ segir Sturla en auk taílensku réttanna býður Badabing upp á pítsur, fisk, grill og ísrétti. Þá geta gestirnir einnig fylgst með fótbotaleikjum á risatjaldi.

Sturla rekstrarstjóri segir það ekki á dagskrá að breyta hinum hafnafirsku Badabing í strippbúllu eins og fyrirmyndin í Sopranos. „Nei, það kemur ekki til greina.“ kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Taffélagið Hrókurinn með Hrafn Jökullsson í broddi fylkingar heldur til Austur-Grænlands í fjórða sinn í lok júlí til að halda þar skákhátíð en greint er frá þessu á heimasíðu félagsins. Hrókurinn mun ferðast til fjögurra smáþorpa á svæðinu og halda skákmót í Kúlúsúk. Fram kemur á síðunni að hátíðin verði með glæsilegasta móti en í fyrra var efnt til listasýningar, kappleiks í knattspyrnu og margvíslegt fleira svo að reikna má með að mikið líf verði á Austur-Grænlandi þá daga sem Hrókurinn verði þar. Hápunktur ferðarinnar verður síðan án nokkurs vafa Alþjóðlega Grænlandsmótið sem haldið verður 5. til 6. ágúst í Tasiilaq.



Mikil stemning er fyrir Þjóðhátíð í Eyjum ef marka má fréttir á heimasíðu ÍBV. Uppselt er að verða í Herjólf og eru nú einungis örfáar miðar eftir fyrir þá sem ætla að sigla til Vestmannaeyja. Samkvæmt heimasíðunni er þetta algjört met í sögu hátíðarinnar sem löngum hefur verið sú vinsælasta um verslunarmannahelgina. Sjálfir Stuðmenn ætla að trylla lýðningu en þeir gerðu allt brjáláð í dalnum árið 1982 þegar kvikmyndin Með allt á hreinu var tekin upp. Egill Ólafsson er í stuttu spjalli við heimasíðuna en þar kemur fram að það



árið hafi Stuðmenn þjófstartað hátíðinni en tónleikar sveitarinnar í myndinni voru teknir upp áður en Þjóðhátíð hafði verið sett formlega. „Við tókum lagið „Úti í Eyjum“ margoft upp í grenjandi rígingu í Herjólfsdalnum og vorum í fagurgrænum búningum sem Lúðrasveit Vestmannaeyja góðfúslega lánaði okkur. Þegar við vorum að æfa lagið dreif að mikið af fólki og við áttuðum okkur ekkert á því að Eyjamönnum fannst við þarna vera að þjófstarta hátíðinni. Það er náttúrulega aldrei góður síður að byrja að borða áður en allir hafa fengið á diskana,“ segir Egill í spjallinu en bætir við að hátíðin hafi verið hin allra besta. - fgg



allt  
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

## Idol-veggfóður í Grindavík

Veggur Hreins Sverrissonar í Grindavík hefur vakið mikla athygli á vefnum en hann er veggfóðraður með myndum af Idol-stjörnunum. Hreinn er þrettán ára gamall nemandi í grunnskóla Grindavíkur en starfar hjá föður sínum í Veidarfaræðjónustu Grindavíkur í sumarfríinu. „Er að setja upp á línu,“ svarar hann en Hreinn var nýkominn heim úr vinnunni þegar Fréttablaðið hafði tali af honum.

Aðspurður hvornig þetta hefði komið til sagði Hreinn að hann og vinur hans hefði ekkert haft að gera einn daginn og ákveðið að nýta sér Idol-myndirnar sem þeir hefðu fengið með því að drekka kóka kóla. Myndirnar eru límdar upp með kennaratyggjói og því ljóst að þetta hefur tekið töluverð



VEGGURINN GÓÐI Hreinn Sverrisson er hér fyrir framan vegginn sem skartar myndum af Idol-stjörnunum Íslands.

an tíma enda um gríðarlegan fjölda mynda að ræða. Sjálfur segist Hreinn reyndar ekkert vera neinn sérstakur aðdáandi Idolsins uppátækið hafi verið sniðugt.

Blaðamanni brá reyndar í brún þegar rödd Auðuns Blöndal heyrðist á talhólfinu í farsíma Hreins en hann sagðist reyndar bara hafa náð í þetta á netinu.

# VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ  
Í ÁSKRIFT MED  
**30% AFSLÆTTI**  
Á AÐEINS **489 KR.**  
EINTAKIÐ OG FÁÐU  
VEGLEGA GJÖF  
Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölfnis Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**



**BAKÞANKAR**

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

## Ég er að ihuga það

Fyrir dyrum standa kosningar í stjórn húsfélagsins í blokkinni sem ég bý í. Ég viðurkenni að fólk af öllum hæðum hefur komið að máli við mig, lýst yfir stuðningi og hvatt mig til að gefa kost á mér í formannsembættið. Ég er að ihuga það.

**HELGI** á þriðju hæð, fráfarandi formaður, er hinn mætasti maður og hefur sinnt starfi sínu með sóma. Undir hans stjórn hafa þrif á sameign verið til fyrirmyndar og garðurinn ávallt vel snyrtur. Ég held að öllum í blokkinni hafi þótt miður að Helgi skyldi ekki gefa kost á sér aftur í embættið en sú ákvörðun var skiljanleg í ljósi þess að hann er að flytja í Kópavog. Það þarf þor til að þekkja sinn vitjunartíma og Helgi er maður að meiri fyrir vikið.

**UM** leið og við sjáum eftir traustum leiðtoga verðum við að hafa í huga að í stjórnarskiptum felast ný sóknarfæri. Vissulega skal meta það mikils sem vel var gert en fyrir liggja þó ákveðin úrlausnaverkefni sem leysa þarf í góðri sátt við alla íbúa. Ég tel ekki rétt að útlista á opinberum vettvangi það sem mér fannst að hefði mátt betur fara í stjórnartíð Helga, sem ég ítreka að er hinn mætasti maður. Ég kemst þó ekki hjá því að nefna að mér fannst umburðarlyndi hans gagnvart dýrahaldi jaðra við linkind. Þá tel ég allar forsendur til þess að lækka húsgjöld, sem ég hef aldrei farið dult með að mér þykja óhóflega há.

Í blokkinni búa margir mikilhæfir menn og glæsilegar konur sem öll eru til þess bær að stýra húsfélaginu af myndarskap. Ekki skal líta á það sem vantraust af minni hálfu kjósi ég að bjóða mig fram gegn einhverju þeirra, sem ég ítreka að ég hef ekki ákveðið að svo stöddu. Ég minni á að frá því ég flutti inn í október í fyrra hef ég ekki falið metnað minn í þessa átt.

**HART** er að mér lagt að gera upp hug minn sem fyrst. Ég skil vissulega þörf fólks til að fá skýrar línur en um leið bið ég alla hlutaðeigandi að virða það svigrúm sem ég þarf á meðan ég met stöðu mína. Ég mun kunngjöra ákvörðun mína eigi síðar en föstudaginn 21. júlí á korktöflunni niðri í dyragangi.

### Berlín og Þriðja ríkið

» 7.–12. september

Óttar Guðmundsson læknir fer um slóðir Þriðja ríkisins.

Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)



# ICH BIN, DU BIST UND SO WEITER

Skemmtu þér í Þýskalandi í haust og vetur og rifjaðu upp

FILEN/51A F1018041



### Helgarferð til Luxemburg

» 13.–16. október

Í þessari heillandi borg er margt að sjá, góðar verslanir og frábærir veitingastaðir.

Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)

### Aðventuferð til Heidelberg

» 1.–4. desember

Jólaandrámsloft, jólaljós og jóladót hvert sem lítið er.

Fararstjóri Lilja Hilmarisdóttir.

Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)



### Skiðaferð til Davos í Sviss

» 13.–20. janúar

Eitt besta skiðasvæði Evrópu.

Sérstakt kynningartilboð á þessum eftirsóttu stað.

Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)

Verð frá: **7.995 kr.\***

Barnaverð: **5.995 kr.\***

\*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum



**Iceland Express**

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is), Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



### ÞÚ GERIR EKKI BETRI NÉ VANDAÐRI KAUP

AEG þvottavél  
1200 snúninga, 6 kg.  
íslenskt stjórnborð

AEG þurrkari  
mjög hljóðlátur,  
fjöldi prógramma  
íslenskt stjórnborð



TILBOÐ: **KR. 149.000 PARÍÐ**

530 2906 / 530 2907 / 530 2908

**SETTU ÞAÐ SAMAN**

AF HVERJU AÐ BORGJA  
MEIRA?



**OPIÐ  
ALLA HELGINA**

ORMSSON · SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900 · [WWW.ORMSSON.IS](http://WWW.ORMSSON.IS)

Velkomin í  
*óvenjulega* verslun



**ORMSSON**